
KAUPÞING BANKI HF.

KRÖFUHAFASKÝRSLA

- Júlí 2010 -

Fyrirvari

Þessi skýrsla (ásamt breytingum og viðbótum) hefur verið útbúin af skilanevnd Kaupþings banka hf. til upplýsinga fyrir kröfuhafa Bankans. Henni er ætlað að gefa kröfuhöfum Bankans yfirlit yfir aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til, núverandi stöðu og möguleg næstu skref. Með þeim viðbótum og breytingum sem gerðar hafa verið á skýrslunni frá áður birtum útgáfum hennar er ætlunin að upplýsa kröfuhafa um þá þróun sem orðið hefur á málefnum Bankans, en ekki skal líta á þær sem tæmandi yfirlit yfir allar breytingar sem kunna að skipta máli fyrir kröfuhafa. Við gerð og uppfærslu skýrslunnar var ekki tekið tillit til hagsmuna einstakra kröfuhafa eða hópa kröfuhafa.

Í þeim tilvikum sem upplýsingar í þessari skýrslu koma frá þriðja aðila hefur Bankinn álitid þær vera áreiðanlegar. Þrátt fyrir það tekur Bankinn enga ábyrgð á áreiðanleika slíkra heimilda. Enn fremur ber Bankinn enga ábyrgð á því hversu nákvæmar eða tæmandi upplýsingar í þessari skýrslu eru. Bankanum ber engin skylda til að gera leiðréttingar eða breytingar á skýrslunni verði vart við villur, nýjar upplýsingar komi fram eða forsendur breytast. Sú staðreynd að Bankinn hefur uppfært skýrsluna leggur ekki þá skyldu á Bankann að gera breytingar eða viðbætur við hana í ljósi nýrra upplýsinga, breytinga eða hún innihaldi villur, hvort sem slíkt á sér stað eða kemur í ljós fyrir eða eftir birtingardag á uppfærðri skýrslu. Engin skylda hvílir á Bankanum til að gera ætluðum viðtakendum eða hugsanlegum lesendum skýrslunnar viðvart um þær breytingar eða viðbætur sem kunna að vera gerðar á skýrslunni.

Ekki er lagt mat á hugsanlegar endurheimtur kröfuhafa í þessari skýrslu. Mikil óvissa mun áfram ríkja um tímasetningu og endanlegt söluvirði eigna, sem og hve miklar kröfur verða samþykktar. Skilanevnd varar kröfuhafa við því að nota upplýsingar í þessari skýrslu til að meta hugsanlegar endurheimtur þar sem líklegt er að slíkt mat kunni að vera verulega villandi. Endanlegt virði eigna sem og mat á skuldbindingum Bankans kann að breytast miðað við þær forsendur sem hér koma fram. Þættir sem geta leitt til breytinga eru meðal annars eftirfarandi:

- (a) Lausn álitafna sem vakna varðandi mat á kröfum
- (b) Söluaðferðir sem verða notaðar
- (c) Áhrif skuldajöfnunar, meðal annars í tengslum við afleiðusamninga
- (d) Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtastigi
- (e) Ríkjandi markaðstæður

Taka skal upplýsingum sem hér koma fram að öllu leyti með fyrirvara, einnig við ákvarðanatökur varðandi viðskipti sem tengjast Bankanum. Séu viðskiptaákvarðanir teknar á grundvelli upplýsinga sem koma fram í skýrslunni tekur hvorki Bankinn, skilanevnd, slitastjórn né aðstoðarmaður í greiðslustöðvun ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

Skýrslan er gefin út á ensku og íslensku. Sé misræmi á milli útgáfa skal efni skýrslunnar sem er á ensku ganga framar.

Óheimilt er að nota efni, vinnu eða vörumerki Bankans án skriflegs samþykkis hans nema annað sé sérstaklega tekið fram. Enn fremur er óheimilt að birta efni sem samið er eða tekið saman af Bankanum án skriflegs samþykkis hans.

Morgan Stanley, sem er fjárhagslegur ráðgjafi skilanevndar Kaupþings banka hf., mun ekki líta á neinn annan aðila (hvort sem sá aðili kann að vera viðtakandi eða þessarar skýrslu eða ekki) sem skjólstæðing sinn varðandi málefni Bankans og mun ekki bera ábyrgð gagnvart neinum öðrum en skilanevnd Kaupþings á þeirri ráðgjöf. Allir meðlimir Morgan Stanley Group hafna allri ábyrgð gagnvart öðrum aðilum en skilanevnd Kaupþings banka hf. hvað varðar þessi málefni og þá ráðgjöf sem kann að verða veitt af þeirra hálfu varðandi málefni Bankans.

Efnisyfirlit

1. Skilanefnd	7
1.1 Skipun og verklag	7
1.2 Yfirlit yfir helstu verkefni til dagsins í dag	8
1.3 Skipulag og deildir	8
1.3.1 Starfsnefndir	9
1.3.2 Deildir	10
1.4 Röð atburða	11
2. Fjárhagsupplýsingar	14
2.1 Verðmat á eignum Bankans	14
2.1.1 Útskýringar á verðmatsaðferðum	15
2.1.2 Verðmat eigna	16
2.1.3 Skýringar á verðmati eigna	17
2.2 Lánasöfn og hlutabréfastöður	26
2.2.1 Yfirlit yfir lánasafnið	26
2.2.2 Lán í virkri eignastýringu – Ferli og verklag	31
2.2.3 Utanaðkomandi ráðgjafar	33
2.2.4 NOA safnið	34
2.2.5 Endurskipulagning	37
2.2.7 Skýrsla Morgan Stanley um verðmat og endurskipulagningarverkefni Bankans	42
2.2.8 Endurgreiðslur og seldar eignir	42
2.3 Afleiður	42
2.4 Yfirlit yfir útibú og dótturfélög Bankans	45
2.4.1 Dótturfélög: Núverandi staða	45
2.4.2 Dótturfélög/útibú sem eru í slitameðferð, hefur verið lokað eða eru í afskráningarferli	50
2.5 Þróun á hlutabréfastöðum	53
2.6 Rekstrarkostnaður	55
3. Kröfulýsingarferlið	56
3.1 Slitastjórn	56
3.2 Samantekt á lýstum kröfum	57
3.3 Viðbótarupplýsingar um lýstar kröfur	57
4. Lagaleg staða og næstu skref	61
4.1 Greiðslustöðvunarferli	61
4.2 Yfirlit yfir greiðslustöðvun	61
4.3 Lok greiðslustöðvunartímabils	62
4.4 Yfirlit yfir íslenska löggjöf um nauðasamninga	63
4.4.1 Inngangur	63
4.4.2 Samningskröfur	63
4.4.3 Frumvarp að nauðasamningi	63
4.4.4 Fundur með kröfuhöfum um frumvarp að nauðasamningi	64
4.4.5 Lagaleg áhrif nauðasamnings	64

4.4.6	Nauðasamningur ekki samþykktur eða staðfestingu hans hafnað.....	64
4.5	Kröfuhafafundur.....	65
4.6	Heildarendurskipulagning Bankans og greiðslur til kröfuhafa.....	66
4.7	Samskipti við kröfuhafa.....	67
A	Viðaukar.....	70
A1	Fundargerð frá kröfuhafafundi þann 5. febrúar 2009.....	70
A2	Fundargerð frá kröfuhafafundi þann 20. október 2009.....	71
A3	Gengi gjaldmiðla.....	75
A4	Upphafleg verkefni skilanevndar.....	76

Skýrsla fyrir kröfuhafa Bankans

Skýrsla fyrir kröfuhafa Bankans er uppfærð reglulega og aðgengileg á heimasíðu Bankans, www.kaupthing.com. Þannig geta bæði kröfuhafar og allur almenningur fylgst með framvindu mála.

Uppbygging á skýrslum ársins 2010 hefur verið breytt frá skýrslum liðins árs. Sumstaðar hefur efni verið fært til, tekið út eða uppfært og annars staðar hefur nýtt efni verið sett inn.

Með þessum viðbótum og breytingum á skýrslunni frá fyrri útgáfum hennar er ætlunin að kröfuhafar fái nýjustu fréttir af þróun mála en ekki ber að líta á efni hennar sem tæmandi lista yfir þau atriði sem kröfuhafar kunna að telja mikilvæg.

Helstu viðbætur og breytingar á þessari skýrslu frá síðustu útgáfu eru auðkenndar með bláu lettri en fyrri texti og allar minni háttar breytingar eru svartletraðar. Texti sem tekinn hefur verið út og á ekki lengur við, hefur verið eytt án nokkurra auðkenna, en hann má finna í fyrri útgáfum. Uppfærslur skýrslunnar verða áfram birtar á heimasíðu Bankans til að halda kröfuhöfum upplýstum um framvindu mála. Nánari upplýsingar um samskipti við kröfuhafa má sjá í kafla 4.7 *Samskipti við kröfuhafa*.

Lesendum er bent á fyrirvara fremst og aftast í skýrslunni varðandi efni hennar og tilgang.

Skammstafanir og skýringar

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í þessari skýrslu:

FME	Fjármálaeftirlitið
ICC	Óformlegt kröfuhafaráð Bankans
Bankinn, Kaupþing	Kaupþing banki hf.
Arion banki	Arion banki hf. (áður Nýi Kaupþing banki hf.)
SÍ	Seðlabanki Íslands
AGS	Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn
Neyðarlögin	Lög nr.125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
Ákvörðun FME	Ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Arion banka hf. frá 21. október 2008
Gjaldþrotalögin	Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.
Lög um fjármálafyrirtæki	Lög um fjármálafyrirtæki nr.161/2002 og breytingar sbr. lög nr. 44/2009 og síðari breytingar

1. Skilanefnd

1.1 Skipun og verklag

Þann 9. október 2008 sagði þáverandi stjórn Kaupþings banka af sér að eigin frumkvæði vegna fjárhagserfiðleika Bankans og FME skipaði skilanefnd fyrir Bankann samkvæmt lögum nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. ("neyðarlögin") sem sett voru til að bregðast við hruni bankakerfisins á Íslandi. Skilanefnd tók strax við stjórnun Bankans og fer með allar heimildir stjórnar hans. Hlutverk og skyldur skilanefndar eru skilgreindar í ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eins og þeim var breytt með lögum nr. 44/2009 og síðari breytingum og einnig í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti ofl. ("gjaldþrotalögin"). Samkvæmt lögum nr. 44/2009 er skilanefnd falið að koma fram fyrir hönd Bankans í öllum málum, verja hagsmunum Bankans og hámarka virði eigna hans. Í ákvæðum 102. og 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki er tekið fram að skilanefnd beri lagaleg skylda til að hámarka eignir Bankans og gæta hagsmuna allra kröfuhafa.


Skilanefnd var upphaflega skipuð af FME, sem er sjálfstæð ríkisstofnun, en nefndin hefur öðlast aukið sjálfstæði með setningu laga nr. 44/2009. Tveir hæstaréttarlögmenn og tveir löggiltir endurskoðendur eiga sæti í nefndinni. Þeir eru:

- Steinar Þór Guðgeirsson, hæstaréttarlögmaður – formaður
- Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður
- Knútur Þórhallsson, löggiltur endurskoðandi
- Theódór Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi

Skilanefnd er falið að annast starfsemi Bankans, þar með talið að stýra rekstri hans og gæta þess að allar eignir hans séu meðhöndlaðar á viðeigandi hátt, ganga frá samningum og öðrum lagalegum gerningum fyrir hönd Bankans, tryggja að hagsmunir og eignir komi fram og sé ráðstafað á eins hagkvæman hátt og unnt er, og vera fulltrúi Bankans á öllum sviðum.

Meginmarkmið skilanefndar er að tryggja viðeigandi meðhöndlun eigna, standa vörð um þær og hámarka verðmæti þeirra fyrir hönd kröfuhafa og að skila verðmætum til kröfuhafa eins fljótt og kostur er.

Að beiðni skilanefndar skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn fyrir Bankann þann 25. maí 2009 í samræmi við breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Skilanefnd og slitastjórn annast í sameiningu stjórn Bankans. Með einföldun má segja að skilanefnd beri ábyrgð á eignum Bankans og daglegri starfsemi hans, en slitastjórn sjái um skuldahliðina, þar með talið kröfulýsingarferlið, yfirferð krafna og afstöðu til þeirra.



Skipulag Bankans.

1.2 Yfirlit yfir helstu verkefni til dagsins í dag

Skilanefnd stóð í fyrstu frammi fyrir afar krefjandi verkefnum þar sem fjöldi lántakenda var í miklu uppnámi vegna stöðu Bankans eftir að um 85% bankakerfisins á Íslandi féll og þar að auki voru markaðsaðstæður í heiminum slæmar. Helstu verkefnin í upphafi voru að koma á jafnvægi eigna Bankans og að bjarga verðmætum þar sem möguleiki var á verðmætarýrnun og koma í veg fyrir sölu eigna á hrakvirði. Eignum var bjargað og þær fluttar frá útibúum og dótturfélögum á Norðurlöndum til Bankans. Þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður á þessum tíma náðust öll markmið skilanefndar.

Myndin hér að neðan sýnir helstu verkefni til dagsins í dag.


Verkefni	Niðurstaða
Ná jafnvægi á eignasafnið og tryggja og vernda eignir og starfsemi Bankans	<ul style="list-style-type: none"> ■ Starfsemin sem var í 15 löndum í uppnámi. Stórt eignasafn en fáir starfsmenn og mikil óreiða. ■ Árangursrík lokun starfsstöðva á Norðurlöndum með samningum við yfirvöld og banka. ■ Eignir að nafnvirði yfir 1.2 milljörðum evra bjargað þrátt fyrir mikla óvissu og ótryggt ástand. ■ Engar eignir glötuðust í óreiðunni.
Víðtæk endurskipulagning lánasafns	<ul style="list-style-type: none"> ■ Heildarendurskipulagning lánasafns í virkri stýringu er að stærstum hluta lokið. ■ Hlutfall lána í skilum hefur hækkað frá 36% í lok fyrsta ársfj. 2009 upp í 75% í lok 1. ársfj. 2010. ■ Virði hlutafjár hefur þegar myndast í kjölfar endurskipulagningaverkefna.
Samningar um yfirtöku á Arion banka	<ul style="list-style-type: none"> ■ 87% hluthafi í Arion banka. ■ Frekari hagnaðarmöguleikar með hlutdeild í 40 stærstu lánunum (e. contingent value right.)
Aðgerðir teknar til að tryggja eignir í NOA eignasafninu	<ul style="list-style-type: none"> ■ Yfirtaka eigna, innköllun veða og komið í veg fyrir undanskot frá ýmsum fjármálagningum. ■ Árangursríkt samstarf við viðeigandi yfirvöld.
Vel skilgreint afleiðusamningaferli	<ul style="list-style-type: none"> ■ Viðeigandi aðgerðir teknar gagnvart öllum mótaðilum og málum forgangsraðað. ■ Yfir 98% af virði afleiðusafnsins í vinnslu og yfir 60% í samningaferli við mótaðila.
Unnið að hámarkun eigna Bankans	<ul style="list-style-type: none"> ■ Virði óveðsettra eigna að teknu tilliti til þekktra búskrafna og forgangskrafna jókst um 214 milljarða króna á árinu 2009.

Meðal annarra verkefna sem skilnefndin vann að í upphafi, og er nú lokið, var að: viðhalda viðskiptabankastarfsemi í landinu, verja innstæðueigendur héraðs og erlendis í samræmi við neyðarlögin, og tryggja greiðslumiðlun í öllum gjaldmiðlum innanlands, og til og frá útlöndum. Nánari umfjöllun um upphafleg verkefni skilanefndar má finna í *Viðauka A4*.

1.3 Skipulag og deildir

Til að skilanefnd geti sinnt grunnskyldum og náð markmiðum sínum þarf að tryggja að nægileg sérþekking sé til staðar til að stýra eignum Bankans og veita viðeigandi þjónustu. Vegna þessa hefur skilanefnd ráðið sérfræðinga til að stýra eignum Bankans, en eignasafnið telur meðal annars handbært fé, lánasafn, afleiður, verðbréf, dótturfélög sem og aðrar eignir.

Fjórar deildir hafa verið settar á laggirnar sem starfa undir stjórn skilanefndar og stýrir framkvæmdastjóri hverri deild og ber ábyrgð á störfum hennar. Skilanefnd heldur fundi vikulega með framkvæmdastjórum til að fara yfir stöðuna og ræða framgang helstu mála. Skilanefnd starfar einnig með utanaðkomandi ráðgjöfum þegar við á til að hagsmunum kröfuhafa sé ávallt gætt til hins ítrasta.



Skipulag skilaneftar.

1.3.1 Starfsnefndir

Auk þessara fjögurra deilda hafa verið stofnaðar nokkrar starfsnefndir til að styrkja innviði og starfsemi Bankans enn frekar. Skilanefnd og starfsnefndir hennar halda reglubundna fundi hvern virkan dag og starfa samkvæmt verklagsreglum að lausn ýmissa mála.

Eignanefnd var stofnuð skömmu eftir að skilanefnd var skipuð og annast það verkefni sem lánanefnd og fjárfestinganefnd gegna í hefðbundnum fjármálastofnunum. Eignanefnd heldur tvo reglubundna fundi í viku hverri. Í henni eiga sæti tveir meðlimir í skilanefnd og þeir framkvæmdastjórn á eignastýringarsviði. Öllum ákvarðanatökum í tengslum við lánaviðskipti er vísað til eignaneftarinnar. Öllum meiri háttar ákvörðunum eignaneftar er vísað til skilaneftar til samþykkis. Skilaneftar tekur lokaákvörðun um hvort samþykkja eða hafna skuli beiðni.

Fjárhagsnefnd hefur yfirumsjón með starfsemi fjármálasviðs Bankans. Helsta hlutverk hennar er að útfæra stefnu fyrir fjármálasvið varðandi bókhald og fjárhagsuppgjör. Nefndina skipa tveir meðlimir í skilaneftar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Nefndin er ábyrg fyrir fjárhagslegri upplýsingagjöf, bæði út á við og til skilaneftar og undirneftar hennar. Fjárhagsneftar tilgreinir þær reglur sem Bankanum ber að fylgja, bæði hvað varðar reikningsskilareglur, reikningsskilastaðla og innri verkferla. Nefndin gerir fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að henni sé fylgt. Nefndin sér einnig til þess að greiðslur skili sér og hefur yfirumsjón með lausafjárávöxtun.

Eftirlitsneftar sér um að yfirfara tiltekin viðskipti og undirbúa og hefja málsókn gegn aðilum sem kunna að skulda Bankanum vegna þessara viðskipta, eða bera að öðrum kosti ábyrgð á hugsanlegu tapi Bankans vegna þessara viðskipta. Markmið í þessum málum er að leggja fram allar hugsanlegar kröfur sem Bankinn kann að eiga gegn þriðja aðila í tengslum við hin tilteknu viðskipti, að meðtöldum kröfum sem upp koma vegna hugsanlegra óvenjulegra athafna fyrirverandi stjórnenda eða þriðja aðila. Nefndina skipa tveir meðlimir úr skilaneftar. Nefndin annast einnig öll samskipti við rannsóknarneftar Alþingis sem starfar skv. ákvæðum laga nr. 142/2008, FME og embætti sérstaks saksóknara sem starfar skv. ákvæðum laga nr. 135/2008.

Fullnustuneftar sér um að undirbúa skuldajöfnunarmál, safna saman kröfum vegna afleiðusamninga og tengd mál. Nefndina skipa einn meðlimur í skilaneftar, einn meðlimur í slitastjórn og framkvæmdastjóri Lögfræðiráðgjafar. Nefndin var upphaflega stofnuð í febrúar 2009 en var endurskipulögð í byrjun júní sama ár eftir að slitastjórn Bankans var skipuð. Nauðsynlegt er að slitastjórn komi að skuldajöfnunarferlinu, þar sem hún sér um að meta allar kröfur á Bankann, þar með talið kröfur sem kunnu að vera notaðar til skuldajöfnunar.

1.3.2 Deildir

Eignastýring

Eignastýring hefur umsjón með þeim hluta eignasafnsins sem er í virkri (daglegri) stýringu. Hlutverk sviðsins er að verja og auka verðmæti lána og verðbréfa Bankans með það að markmiði að sem mest fáið fyrir þessar eignir. Þetta er gert með því að stýra hverri eign á virkan hátt, að hanna sjóðsstreymisáætlanir fyrir lánasafn Bankans sem er uppfært reglulega, og að leggja mat á fjármagnsbörf safnsins sem og möguleika Bankans til að standa undir fjármögnun þess. Hvert lán hefur lánastjóra sem ber ábyrgð á viðkomandi láni.

Starfsmenn deildarinnar eru 21 talsins, flestir með mikla reynslu í fjárfestingabankastarfssemi og fyrirtækjaráðgjöf með allt að 17 ára starfsreynslu. Þar starfa sérfræðingar með ýmiss konar bakgrunn og reynslu á sviði fyrirtækjaráðgjafa, framtaksfjárfestinga fyrir fyrirtæki, skuldsettrar fjármögnunar og endurskipulagningar ásamt hópi löglærðra sérfræðinga með víðtæka reynslu í bankaviðskiptum.

Sérfræðingarnir í eignastýringardeildinni stýra verkefnum innan deildarinnar með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa eftir þörfum. Leitað hefur verið til utanaðkomandi ráðgjafa í verkefnum á borð við fyrirtækjaráðgjöf, áreiðanleikakannanir, skattaáætlanir og verðmöt.

Á árinu 2009 stóðu þóknatekjur straum af kostnaði við rekstur eignastýringarsviðsins.

Lögfræðiráðgjöf

Lögfræðiráðgjöf veitir skilanevnd almenna aðstoð, sem og lögfræðiráðgjöf í einstökum verkefnum, svo sem við fjármögnun Arion banka og við lokun dótturfélaga og útibúa Bankans. Í deildinni starfar hópur sérfræðinga með víðtæka þekkingu á fjármálalöggjöf, íslenskum gjaldprotalögum og félagarétti almennt. Enn fremur veitir deildin öðrum deildum Bankans aðstoð og lögfræðiráðgjöf eftir því sem þörf krefur. Sérhvert lán í lánasafninu hefur verið úthlutað til starfsmanna sviðsins sem hafa umsjón með öllum lagalegum atriðum og samningagerð gagnvart mótaðilum í samráði við viðskiptastjóra. Starfsmenn deildarinnar annast einnig lagaleg atriði í öllum viðskiptum Bankans. Deildin starfar með utanaðkomandi lögfræðiráðgjöfum í tengslum við erlenda afleiðusafnið og stýrir lagalegum þáttum sem lúta að innlendum afleiðusamningum. Deildin sér um að safna saman kröfum og undirbúa málsóknir, hérlendis sem erlendis, í samstarfi við utanaðkomandi lögfræðiráðgjafa. Einnig starfar deildin, ásamt utanaðkomandi ráðgjöfum, að rannsóknum og endurheimt þegar um óvenjuleg viðskipti er að ræða. Deildin hefur umsjón með aðkeyptri lögfræðiþjónustu, jafnt innanlands sem erlendis, og þeim kostnaði sem af henni hlýst.

Fjármálasvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast alla þætti er varða fjármál Bankans, í samræmi við þá stefnu sem fjárhagsnefnd mótar. Starfsemi fjármálasviðs er skipt í fernt:

Starfsmenn *Bókhalds* og *upplýsingagjafa* halda utan um allt sem við kemur reikningshaldi Bankans. Deildin útbýr fjárhagsupplýsingar sem eru gefnar út tvisvar á ári og birtar í skýrslu til kröfuhafa og sjá um innri upplýsingagjöf á fjárhagslegum málefnum.

Eignasafnsstýring hefur umsjón og eftirlit með tilteknum eignaflokkum á efnahagsreikningnum, í sumum tilvikum í samvinnu við eignastýringarsvið Bankans. Sviðið skiptist í þrjú undirsvið:

- *Eignasafnsstýring – lán*, hefur náið samstarf við eignastýringarsviðið. Starfsmenn sviðsins vakta, greina og hafa umsjón með öllum lánnum og málum sem þeim tengjast, í samstarfi við viðkomandi viðskiptastjóra. Það felur í sér lánavinnslu, greiningar á undirliggjandi tryggingum, eftirlit með lánaskilmálum, gerð sjóðsstreymisáætlana, greiningar á greiðslufallsáhættu, innri og ytri skýrslugjöf o.fl.
- *Eignasafnsstýring – lausafé og verðbréf*, greinir og vaktar skuldabréfa- og hlutabréfasöfn Bankans, og sinnir að auki lausafjárstýringu Bankans.
- *Eignasafnsstýring – dótturfélög og aðrar eignir*, greinir dótturfélög Bankans, útibú og aðra eignaflokka á efnahagsreikningnum.

Eignasafnsstýring vinnur náið með starfsmönnum bókhalds- og upplýsingagjafa við gerð ársreikninga.

Starfsmenn *Rekstrar* sjá um daglegan rekstur, skjalastjórnun og starfsmannatengd mál.

Starfsmenn *Afleiða* bera ábyrgð á verðmati útistandandi og óuppgerðra afleiðusamninga og hafa umsjón með opnum afleiðusamningum. Að auki sér sviðið um að útbúa uppgjörsbréf til mótaðila og sinnir bakvinnslu í tengslum við uppgjör afleiðusafnsins.

Kröfuhafasvið

Frá upphafi hefur skilanefnd að eigin frumkvæði og án lagaskyldu haldið úti umfangsmikilli upplýsingagjöf til allra kröfuhafa. Kröfuhafasvið ber ábyrgð á samskiptum við kröfuhafa Bankans og hefur auk þess haft umsjón með samskiptum við óformlegt kröfuhafaráð (ICC). Nánari upplýsingar um samskipti við kröfuhafa má finna í kafla 4.7 *Samskipti við kröfuhafa*.

Starfsmenn sviðsins annast samskipti við Morgan Stanley, fjármálaráðgjafa Bankans, og taka þátt í helstu verkefnum sem honum er falið, þar á meðal samningum við fjármálaráðuneytið varðandi Arion banka og heildarendurskipulagningu á Bankanum sjálfum, sjá nánar kafla 4.6 *Heildarendurskipulagning Bankans og greiðslur til kröfuhafa*.

Heimasíðan www.kaupthing.com er gátt fyrir kröfuhafa, fjölmiðla, og aðra sem vilja fylgjast með þróun mála. Efni síðunnar er varðar skilanefnd er uppfært af kröfuhafasviði. Á síðunni má fylgjast með nýjustu tilkynningum og uppfærslum og finna ítarlegar upplýsingar um stöðu og þróun mála frá 9. október 2008. Notendur heimasíðunnar geta gerst áskrifendur að fréttum og uppfærðu efni, svo sem reglulegri uppfærslu á skýrslunni.

Til að efla enn frekar upplýsingagjöf til almennra kröfuhafa er stefnt að því að halda ársfjórðungslega (eða eftir þörfum) fundi í London þar sem farið er yfir helstu atriði úr nýjustu uppfærslum þessarar skýrslu. Fyrstu tveir fundirnir voru haldnir 15. mars 2010 og 7. júní 2010. Glærुकynningar frá fundunum eru aðgengilegar á heimasíðu Bankans. Nánari upplýsingar um upplýsingagjöf til kröfuhafa má finna á heimasíðu Bankans.

1.4 Röð atburða

6. október – 9. október 2008

- Alþingi samþykkir neyðarlögin
- Breska fjármálaeftirlitið setur KSF í greiðslustöðvun
- Stjórn Bankans biður FME að taka yfir vald hluthafafundar í samræmi við lög nr. 125/2008

9. október – 22. október 2008

- FME skipar skilanefnd sem tekur þegar í stað við öllum heimildum stjórnar þegar í stað
- Arion banki stofnaður
- Tilteknar innlendar eignir og innlendar innstæður færðar til Arion banka, í samræmi við ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Arion banka, þann 21. október 2008 („Ákvörðun FME“)

22. október 2008 – 30. desember 2009

- Skilanefnd stofnar kröfuhafaráð (ICC) að eigin frumkvæði
- Greiðslustöðvun samþykkt og Ólafur Garðarsson skipaður aðstoðarmaður í greiðslustöðvun
- Bráðabirgðavernd fengin samkvæmt 15. kafla bandarísku gjaldþrotalaganna
- Fjármálafyrirtækið Morgan Stanley tekur að sér ráðgjafarhlutverk og aðstoð við heildarendurskipulagningu Bankans
- Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun boðar til kröfuhafafundar þann 5. febrúar 2009

- Héraðsdómur Reykjavíkur framlengir greiðslustöðvun Bankans til **13. nóvember 2009**
- Mikilvægar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem taka gildi þann **22. apríl 2009**
- Slitastjórn Bankans skipuð **25. maí 2009**
- Formlegt kröfulýsingarferli hefst 30. júní 2009 og stendur yfir í 6 mánuði, eða til **30. desember 2009**.
- Þann **20. júlí 2009** er tilkynnt um samkomulag milli skilanevndar og stjórnvalda um fjármögnun Arion banka
- Þann **14. ágúst 2009** fjármagnar íslenska ríkið Arion banka með u.þ.b. 72 milljarða króna framlagi í formi almenns hlutafjár
- Þann **3. september 2009** er undirritaður samningur milli skilanevndar og íslenska ríkisins um uppgjör á milli Kaupþings banka og Arion banka í samræmi við samkomulag sem kynnt var 20. júlí 2009
- Þann **20. október 2009** er haldinn kröfuhafafundur þar sem rætt var um samkomulag skilanevndar og stjórnvalda um Arion banka og hugsanlega framlengingu á greiðslustöðvuninni.
- Þann **13. nóvember 2009** var farið fram á níu mánaða framlengingu á greiðslustöðvuninni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Bankanum var veitt heimild fyrir framlengingu til **13. ágúst 2010**
- Þann **1. desember 2009** tilkynnir skilanevnd að hún taki yfir 87% hlut í Arion banka
- Þann **30. desember 2009** lýkur formlegu kröfulýsingarferli

Frá og með 1. janúar 2010

- Þann **11. janúar 2010** veitir FME dótturfélagi Bankans Kaupskilum ehf. leyfi til að eiga ráðandi hlut í Arion banka fyrir hönd Kaupþings
- Þann **22. janúar 2010** fá kröfuhafar aðgang að kröfuskránni
- **29. janúar 2010:** Kröfuhafafundur haldinn af slitastjórn þar sem yfirlit er gefið yfir lýstar kröfur og farið yfir afstöðu slitastjórnar til krafna á hendur Bankanum
- **15. mars 2010:** Opinn fundur með kröfuhöfum haldinn í London
- **18. maí 2010:** Framhald kröfuhafafundar frá 29. janúar 2010 haldinn af slitastjórn sem heldur áfram yfirferð og afstöðu sinni til krafna á hendur Bankanum
- **7. júní 2010:** Opinn fundur með kröfuhöfum haldinn í London.

Næstu skref

- **9. ágúst 2010:** Aðstoðarmaður Bankans í greiðslustöðvun kallar til kröfuhafafundar. Tílefni fundarins er möguleg framlenging á heimild til greiðslustöðvunar Bankans.
- **13. ágúst 2010** lýkur núverandi heimild til greiðslustöðvunar og verði ákveðið að óska eftir áframhaldandi greiðslustöðvun fer þinghald fram í Héraðsdómi Reykjavíkur þann dag. Hámarkslengd greiðslustöðvunartímabils er til 24. nóvember 2010.

- **21. september 2010:** Kröfuhafafundi slitastjórnar frá 29. janúar 2010 og 18. maí 2010 framhaldið þar sem slitastjórn mun kynna frekari afstöðu til krafna sem tekin hefur verið til þessa dags.
- **24. nóvember 2010:** Greiðslustöðvunarferlið getur í mesta lagi staðið fram til þessa dags. Bankinn mun við lok greiðslustöðvunartímabilsins fara sjálfkrafa í slitameðferð. Þessi breyting á lagalegri stöðu Bankans mun ekki hafa áhrif á núverandi starfsemi hans. Nánari upplýsingar um þessa minniháttar breytingu á lagalegri stöðu má finna í kafla 4 *Lagaleg staða og næstu skref*.
- **3. desember 2010:** Kröfuhafafundi frá 29. janúar 2010, 18. maí 2010 og 21. september 2010 framhaldið þar sem slitastjórn mun kynna frekari afstöðu til krafna sem tekin hefur verið til þessa dags. Það er markmið slitastjórnar að ljúka yfirferð og afstöðu til allra krafna á hendur Bankanum fyrir þennan fund.

2. Fjárhagsupplýsingar

2.1 Verðmat á eignum Bankans

Fjárhagsupplýsingar þessa kafla frá 31. desember 2009, 30. júní 2009 og 31. desember 2008 voru unnar af skilanefnd og starfsmönnum Bankans með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa þar sem við á fyrir móðurfélagið, Kaupþing banka hf. Matið er hvorki yfirfarið né endurskoðað af óháðum endurskoðanda en PwC á Íslandi hefur yfirfarið aðferðafræði og verðmatsaðferðir helstu eignaflokka. Í þessum fjárhagsupplýsingum eru tölur gefnar upp í milljónum íslenskra króna, námundaðar að næstu milljón.

Skilanefnd áréttar að matið tekur mið af núverandi stefnu Bankans sem er að styðja og auka verðmæti eigna hans og er eingöngu mat miðað við 31. desember 2009. Á þessum tímamarki var ekkert mat lagt á hugsanlegt framtíðarvirði eignasafnsins á næstu árum eða hugsanlegar endurheimtur kröfuhafa Bankans. Þar sem umfangsmiklar upplýsingar eru gefnar í þessari skýrslu skal áréttað að upplýsingarnar á ekki að nýta sem grundvöll fyrir mat á hugsanlegum endurheimtum þar sem slíkt mat getur verið verulega villandi.

Formlegt ferli fyrir kröfuhafa til að lýsa kröfu á hendur Bankanum hófst 30. júní 2009 og lauk 30. desember 2009. Þar til afstaða hefur verið tekin til allra krafna af slitastjórn og allur ágreiningur um þær leystur er nákvæm fjárhæð skulda óljós. Samkvæmt lögum nr. 44/2009 eru allar skuldir hér ákvarðaðar miðað við 22. apríl 2009 í viðeigandi gjaldmiðli og munu verða breytt í íslenskar krónur miðað við gengi Seðlabanka Íslands þann 22. apríl 2009. Því hefur skuldahliðin verið ákvörðuð miðað við 22. apríl 2009 fyrir allar viðeigandi kröfur. Endurskoðun krafna sem hafa verið ákvarðaðar miðað við 22. apríl 2009 hefur ekki verið framkvæmd þar sem skuldahlið Bankans heyrir undir slitastjórn.

Við undirbúning þessara fjármálaupplýsinga hefur Bankinn lagt áherslu á að meta virði eigna Bankans og rétta meðferð í bókhaldi á eignum Bankans. Mat á umfangi skulda Bankans fer fram í gegnum kröfufarlið sem slitastjórn sér um. Umfang skulda Bankans verður óráðið þar til að lagalegur framgangur og afstaða til krafna er lengra á veg komin hjá slitastjórn Bankans. Í þeim tilvikum þar sem er misræmi milli mats skulda sem birt er af skilanefnd og þeim kröfum sem slitastjórn ákvarðar að lokum skal ákvörðun slitastjórnar um skuldir ráða.

Bankinn vinnur áfram að því að sannreyna fyrri upplýsingar Bankans um eignir og skuldir. Í sumum tilvikum eru dagsetningar og upplýsingar ónákvæmar og ófullnægjandi. Í þeim tilvikum hefur Bankinn notað þær upplýsingar sem fyrir liggja og varfarnar verðmatsaðferðir til að ákvarða verðmæti eigna. Að framansögðu er óumflýjanlegt að misræmi geti verið þegar bornar eru saman eldri fjárhagsupplýsingar við nýrri sem útbúnar eru af Bankanum. Bankinn kappkostar við að nota bestu fáanlegu upplýsingar á þeim tíma við undirbúning fjárhagsupplýsinganna og áskilur sér allan rétt að breyta eða lagfæra fjárhagsupplýsingarnar til að endurspeglar nauðsynlegar breytingar.

Verðmat á eignum Bankans tekur ekki tillit til mögulegra áhrifa skuldajöfnunar. Áhrif skuldajöfnunar gætu hæglega haft áhrif á endurheimtur kröfuhafa. Frekari upplýsingar um skuldajöfnun verða birtar þegar þær liggja fyrir en hins vegar má sjá nánari útlistun í skýringu 24.

Eins og kemur fram í fyrirvara þessarar skýrslu getur endanlegt virði eigna sem og endanleg fjárhæð krafna á hendur Bankanum breyst miðað við matið sem hér kemur fram. Þættir sem geta leitt til breytinga eru meðal annars eftirfarandi:

- (a) Lausn ágreiningsmála vegna krafna á hendur Bankanum
- (b) Aðferðir sem verða notaðar við stýringu og sölu eigna
- (c) Áhrif skuldajöfnunar, meðal annars í tengslum við uppgjör afleiðusamninga
- (d) Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtastigi
- (e) Markaðstæður á hverjum tíma

Fjárhagsupplýsingarnar eins og þær eru birtar kunna að vera aðlagðar til birtingar í þessari skýrslu og bera að líta á þær sem slíkar.

Lesendum er bent á fyrirvara fremst og aftast í skýrslunni varðandi efni hennar og tilgang.

2.1.1 Útskýringar á verðmatsaðferðum

Hér að neðan má finna stuttar skýringar á verðmatsaðferðum eignaflokka.

Handbært fé	Staða hvers reiknings miðað við 31. desember 2009, án affalla.
Kröfur á lánastofnanir	Kröfur á lánastofnanir eru reiknaðar á gangvirði. Vænt greiðslufallsáhætta mótaðila hefur verið tekin til greina í afskriftareikningi fyrir kröfur á lánastofnanir.
Útlán til viðskiptamanna	Útlán til viðskiptamanna eru reiknuð á gangvirði. Gangvirðið byggist á markaðsviðskiptum þar sem við á eða þekktum verðmatsaðferðum. Verðmatsaðferðir fela í sér samanburð á markaðsverði svipaðra fjármálagerninga þar sem markaðsverð er þekkt, verðmati undirliggjandi trygginga, núvirðingu og verðmati þriðja aðila þar sem byggt er á mismunandi verðmatsaðferðum. Minni stöður þar sem einstök lán hafa óniðurfærða stöðu lægri en 2 milljarða króna geta verið verðmetin út frá flokkun og margföldurum fyrir ákveðin stærðarbil. Lán sem flutt voru yfir til Arion banka sem hluti af hlutafjárframlagi hans (sjá nánar skýringu 21) eru metin á því verði sem þau voru flutt yfir til Arion banka.
Skuldabréf	Skráð og seljanleg: Markaðsvirði miðað við 31. desember 2009. Óskráð og skráð illseljanleg: Álíka verðmatsaðferðum var beitt á þennan flokk eins og í útlánunum til viðskiptamanna. Afföll vegna lítills seljanleika var beitt á viðkomandi stöður. Veðsettar stöður: veðsettar stöður eru sýndar á áætluðu markaðsverði undirliggjandi veða miðað við þann dag sem Bankinn telur réttan samkvæmt samningum.
Hlutabréf	Skráð og seljanleg: markaðsvirði miðað við 31. desember 2009. Óskráð og skráð illseljanleg: Álíka verðmatsaðferðum var beitt á þennan flokk eins og í útlánunum til viðskiptamanna. Afföll vegna lítills seljanleika var beitt á viðkomandi stöður. Veðsettar stöður: veðsettar stöður eru nú sýndar á áætluðu markaðsverði undirliggjandi veða miðað við þann dag sem Bankinn telur réttan samkvæmt samningum.
Afleiður og ógreiddir afleiðusamningar	Þessi flokkur inniheldur bæði virka samninga og lokaða samninga. Lokuðum samningum er breytt yfir í viðkomandi lokamynt samkvæmt samningi og miðað við lokadag samninga. Reiknuð upphæð fyrir niðurfærslu er byggð á eigin útreikningum Bankans sem getur því verið önnur en endanleg uppgjörsupphæð. Þegar virði á flóknari afleiðum og öðrum fjármálagerningum er áætlað, notar Bankinn þjónustu sjálfstæðs ráðgjafarfyrirtækis sem sérhæfir sig í verðmati á afleiðum og áhættustýringu. Afleiðueignir og afleiðuskuldir sama mótaðila eru teknar saman og hrein staða reiknuð. Flestar afleiðurnar eru ekki skráðar á virkum mörkuðum en í þeim tilvikum er verðmat byggt á skráðu verði. Markaður þykir virkur ef skráð verð eru tiltæk skjótt og reglulega og þau verð endurspegla raun- og reglulegar markaðshreyfingar og miðast við viðskipti ótengdra aðila og að um sé að ræða viljugan seljanda og viljugan kaupanda að viðkomandi eign. Fyrir allar aðrar afleiðueignir er gangvirðið ákvarðað með því að nota verðmatsaðferðir. Bankinn notar þekktar verðmatsaðferðir fyrir algengar og einfaldar afleiður, svo sem valrétti, vaxtaskiptasamninga og gjaldeyrisskiptasamninga. Fyrir flóknari afleiður notar Bankinn eigin verðmatsaðferðir sem eru vanalega leidd út frá þekktum verðmatslíkönum. Sum inntök inn í þessi líkön geta ekki verið tekin beint úr markaðsgögnum en eru vanalega leidd út frá markaði, það er markaðsverðum og markaðsvöxtum. Verðmatsreglur vegna vanskila út frá ISDA-staðli eru almennt þeim aðila í hag sem ekki er í vanskilum og það getur leitt til óhagstæðra áhrifa á virði afleiðueigna og afleiðuskulda Bankans. Þegar ISDA afleiðusamningum hefur verið rift verður það fyrirtæki sem ekki er í vanskilum að meta upphæð sem það skuldar eða á inni hjá mótaðila í vanskilum. Viðvörðun vegna riftunar samnings sem inniheldur upplýsingar með slíkum útreikningum gerir Bankanum kleift að samræma upphæðir. Í sumum tilfellum, hefur annað hvort ekkert viðvörðunarbréf verið móttekið eða það ekki verið fullnægjandi. Nokkrar niðurfærslur voru gerðar á verðmati Bankans út af ISDA afleiðum til að gera ráð fyrir væntum ágreiningi. Fyrir samninga við mótaðila sem eru utan ISDA-staðla hafa verið umtalsverðar breytingar á verðmati afleiðueigna vegna greiðslufallsáhættu, greiðslugetu eða trygginga tengda viðkomandi mótaðilum. Erlendar stöður í þessum flokki eru reiknaðar í íslenskar krónur miðað við dagsetningu þessa reiknings, það er 31. desember 2009.
Fjárfestingar í dótturfélögum	Fjárfestingar í dótturfélögum eru metnar á virði hreinnaigna eða á heildarvirði fyrirtækis sem er yfirleitt áætlað gangvirði miðað við 31. desember 2009 að undanskildri fjárfestingu í FIH sem er sýnd að fullu sem veðsett staða gegn láni frá Seðlabanka Íslands á verðmati skuldarinnar.
Aðrar eignir	Aðrar eignir eru metnar á gangvirði. Tekið hefur verið tillit til væntrar greiðslufallsáhættu mótaðila í afskriftareikningi fyrir aðrar eignir.

2.1.2 Verðmat eigna

Verðmat eigna

31. desember 2009

	Skýringar	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008
Eignir				
Handbært fé	1-2	176.066	98.799	77.963
Kröfur á lánastofnanir	3-4	323.267	442.923	522.714
Útlán til viðskiptamanna	5-12	450.948	439.521	337.023
Skuldabréf	13-14	63.025	119.064	115.931
Hlutabréf	15-16	178.379	214.600	161.851
Afleður og ógreiddir afleiðusamningar	17-18	239.017	246.073	233.862
Fjárfestingar í dótturfélögum	19	141.626	135.562	129.464
Aðrar eignir	20	7.540	9.102	13.361
Eignir samtals	1-20	<u>1.579.868</u>	<u>1.705.644</u>	<u>1.592.169</u>

Upphæðir í milljónum króna

2.1.3 Skýringar á verðmati eigna

Handbært fé

1. Handbært fé - flokkað eftir gjaldmiðlum

	Samtals
GBP	41.353
EUR	40.865
NOK	26.441
SEK	24.730
ISK	22.999
USD	17.240
Annað	2.438
	176.066

Í janúar 2010 var gengið frá fjármögnun Bankans á Arion banka, 14.428 milljón króna af handbæru fé (frádráttur er ekki sýndur í töflunni að ofan) var notað við fjármögnunina. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 27.

2. Handbært fé - þróun á árinu 2009

Aukning handbærs fjár 2009 að upphæð 98 milljarða króna er aðallega til komin vegna útlána til viðskiptamanna (höfuðstólsafborganir og vaxtagreiðslur) að upphæð 88 milljarða króna, sölu Bankans á dótturfélagi í Svíþjóð að upphæð 28 milljarða króna og sölu á 5.5% hlut í Storebrand fyrir 20 milljarða króna. Helsta útlæði var vegna greiðslu til innstæðueigenda í Kaupthing Edge í Þýskalandi að upphæð 58 milljarða króna, þar sem þær kröfur eru skilgreindar forgangskröfur samkvæmt lögum nr. 125/2008.

Kröfur á lánastofnanir

3. Kröfur á lánastofnanir - flokkað eftir tegund

	31.12.2009		30.6.2009	31.12.2008
	Óveðsett	Veðsett	Samtals	Samtals
Bankareikningar	34.590	146.804	181.394	354.775
Víkjandi lán til dótturfélaga	17.983	122.982	140.965	133.528
Lán á gangvirði	-	-	-	29.578
Yfirdráttur	-	-	-	12
Önnur lán	908	-	908	4.821
Kröfur á lánastofnanir	53.481	269.786	323.267	442.923
			442.923	522.714

Meirihluti óveðsettra bankareikninga, það er 24.530 milljónir króna hafa annaðhvort verið frystir og/eða tæmdir að hluta eða öllu leyti af mótaðila án lögmætra ástæðna. Bankinn reynir nú að endurheimta þessar innstæður. Hæsta fjárhæðin er hjá DZ Bank að upphæð 9.926 milljón króna og er lagalegur framgangur þessa máls hafinn.

Veðsettir bankareikningar samanstanda að stórum hluta af tryggingarveðum vegna afleiðuviðskipta og endurkaupasamninga. Af víkjandi lánun til dótturfélaga er veðsetta staðan lán til Kaupthing Mortgage Fund. Óveðsetta staðan í þessum flokki er víkjandi skuldabréf til FIH.

4. Kröfur á lánastofnanir - flokkað eftir landsvæðum mótaðila:

	31.12.2009		30.6.2009	31.12.2008
	Óveðsett	Veðsett	Samtals	Samtals
Innlendar	908	123.679	124.587	120.052
Erlendar	52.573	146.107	198.680	322.871
Kröfur á lánastofnanir	53.481	269.786	323.267	442.923
			442.923	522.714

Útlán til viðskiptamanna

5. Útlán til viðskiptamanna - óniðurfærð staða og gangvirði:

	31.12.2009		30.6.2009		31.12.2008	
	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði
Útlán til viðskiptamanna	1.373.080	450.948	1.363.696	439.521	1.184.829	337.023

Höfuðstólsgreiðslur og vaxtagreiðslur á árinu 2009 námu 95 milljörðum króna.

6. Útlán til viðskiptamanna miðað við óniðurfærða stöðu og gangvirði - flokkað eftir eignasöfnum:

	31.12.2009	
	Óniðurfærð staða	Gangvirði
Evrópska	325.803	176.033
Norræna	231.377	152.294
NOA*	707.983	38.567
Veðsett **	107.917	84.054
Útlán til viðskiptamanna	1.373.080	450.948

* Útlán sem hafa ekki undirliggjandi eignir eða rekstur.

** Inniheldur eignasafn af fasteignalánum í íslenskum krónum, og erlendum gjaldmiðlum, lánum til íslenskra sveitarfélaga, samtaka og annarra ríkisfélaga sem höfðu verið veðsett af Kaupþingi til Seðlabanka Íslands.

Í janúar 2010 þegar Bankinn greiddi eiginjárframlag til Arion banka voru 28.771 milljón króna lán á gangvirði frá Norræna lánasafninu og 84.054 milljón króna af veðsetta safninu (ekki hefur verið tekið tillit til þess í töflunni að ofan) flutt yfir til Arion banka. Nánari upplýsingar má sjá í skýringu 27.

7. Útlán til viðskiptamanna - flokkuð eftir atvinnugreinum:

	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008
	Gangvirði	Gangvirði	Gangvirði
Þjónusta	99.980	95.463	66.280
Einstaklingar	91.891	92.189	69.828
Fasteignir	83.457	74.540	55.127
Viðskipti	64.129	61.363	38.967
Eignarhaldsfélög	58.715	60.674	61.283
Þjónusta	52.776	55.292	45.538
Útlán til viðskiptamanna	450.948	439.521	337.023

Flokkun miðað við 30.06.2009 hefur verið lagfærð til að auðvelda samanburð milli tímabila þar sem mismundi aðferðafræði var notuð við árslok 2008 og 2009. Í töflunni að ofan er sama aðferðafræði notuð fyrir öll tímabilin og þar með eru tölurnar samanburðahæfar milli tímabila.

8. Útlán til viðskiptamanna - flokkuð eftir landssvæðum:

	31.12.2009		30.6.2009		31.12.2008	
	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði
	Bretland*	709.573	153.308	744.624	164.085	711.729
Norðurlönd	228.357	152.783	246.255	143.656	168.354	88.490
Ísland	159.844	104.714	139.804	98.389	114.626	94.893
Annað	275.306	40.143	233.013	33.391	190.120	29.931
Útlán til viðskiptamanna	1.373.080	450.948	1.363.696	439.521	1.184.829	337.023

*Bretaland inniheldur Bretland og önnur landssvæði sem tilheyra bresku krúnunni.

Í nær öllum tilvikum er landfræðileg skipting ákvörðuð með því að nota skráningarland.

9. Útlán til viðskiptamanna - flokkuð eftir gjaldmiðlum:

	31.12.2009		30.6.2009		31.12.2008	
	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði
	GBP	531.676	156.033	559.555	158.807	472.095
EUR	259.287	79.106	224.484	74.473	218.841	65.823
SEK	127.294	74.832	127.901	69.058	65.957	26.940
USD	234.847	40.651	237.807	35.755	238.437	35.537
ISK	120.899	30.837	108.078	31.285	103.099	29.953
CHF	39.544	30.436	37.321	26.245	29.246	24.236
JPY	30.040	23.367	34.230	26.076	29.342	24.497
Other	29.493	15.686	34.320	17.822	27.812	14.684
Útlán til viðskiptamanna	1.373.080	450.948	1.363.696	439.521	1.184.829	337.023

10. Tíu stærstu útlán til viðskiptamanna - flokkuð eftir landssvæði og atvinnugrein:

Flokkunin miðast við gangvirði og inniheldur veðsettar stöður.

	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008
Bretland* / Viðskipti	7,2%	7,8%	7,5%
Bretland* / Eignarhaldsfélög	5,7%	7,8%	8,5%
Bretland* / Fasteignir	4,9%	4,1%	3,4%
Norðurlönd / lónaður	4,3%	4,0%	4,4%
Annað / Fasteignir	4,3%	4,6%	5,0%
Ísland / Félag tengd ríkissjóði	3,9%	3,3%	4,0%
Norðurlönd / lónaður	3,1%	2,7%	2,7%
Norðurlönd / Fasteignir	2,9%	3,2%	2,6%
Bretland* / Þjónusta	2,7%	3,1%	2,6%
Norðurlönd / lónaður	2,4%	2,0%	2,2%
Tíu stærstu útlán til viðskiptamanna	41,4%	42,6%	42,9%

* Bretland inniheldur Bretland og önnur landssvæði sem tilheyra bresku krúnunni.

11. Útlán til viðskiptamanna - flokkuð eftir frammistöðu lána:

Flokkunin miðast við óniðurfærða stöðu og gangvirði útlána til viðskiptamanna en inniheldur ekki veðsettar stöður.

	31.12.2009							
	Evrópska*		Norræna		NOA		Samtals	
	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði	Óniðurfærð staða	Gangvirði
Lán í skilum	75,7%	96,1%	77,3%	84,3%	0,0%	0,0%	29,3%	80,2%
Lán á athugunarlista	0,2%	0,3%	12,3%	9,8%	0,0%	0,0%	2,4%	4,5%
Lán í vanskilum	24,1%	3,6%	10,4%	5,9%	100,0%	100,0%	68,3%	15,3%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

* Mosaic Fashions (í greiðslustöðvun) og fjármögnun Bankans á NoHo Square (fasteignaverkefni) þar sem Bankinn á allt eigið fé í verkefninu eru ekki talin með í tölunum að ofan.

Flokkun á frammistöðu lána er eftirfarandi:

Lán í skilum (e. Performing loans): Lán til viðskiptavina þar sem fjárstreymi er nægjanlegt til að standa við skuldbindingar, þ.e. til endurgreiðslu á vöxtum og höfuðstólsafborgunum, og engin brot á lánaskilmálum eru fyrir séð.

Lán á athugunarlista (e. View list): lán til viðskiptavina þar sem fjárstreymi er nægjanlegt til að standa við skuldbindingar, þ.e. til endurgreiðslu á vöxtum og höfuðstólsafborgunum, en skilmálar hafa verið brotnir eða það fyrir séð. Sumir bankar skilgreina þessi lán sem Lán í skilum.

Lán í vanskilum (e. Watch list): lán til viðskiptavina þar sem fjárstreymi er ónægt til að endurgreiða lán, þ.e. hvorki vexti né höfuðstólsafborganir og skilmálar hafa ítrekað verið brotnir.

12. Útlán til viðskiptamanna - flokkuð eftir gjalddaga lána:

Þessi flokkun miðast við óniðurfærða stöðu útlána til viðskiptamanna en inniheldur ekki veðsettar stöður.

	31.12.2009			
	Evrópska*	Norræna	NOA	Samtals
Í vanskilum*	96.812	21.359	707.982	826.153
2010	13.741	44.682	-	58.423
2011	48.352	19.949	-	68.301
2012	47.672	58.032	-	105.704
2013	23.308	35.435	-	58.743
2014	32.518	43.679	-	76.197
2015 og síðar	63.400	8.242	-	71.642
	325.803	231.378	707.982	1.265.163

Veðsettar stöður miðað við óniðurfærða stöðu að upphæð 107.917 milljónir eru ekki teknar með í tölunum hér að ofan.

* Mosaic Fashions (í greiðslustöðvun) og fjármögnun Bankans á NoHo Square (fasteignaverkefni) þar sem Bankinn á allt eigið fé í verkefninu eru flokkuð sem í vanskilum.

Taflan hér að ofan er byggð á gjalddögum samkvæmt samningum nema að uppgreiðsluákvæði samkvæmt samningum hafi verið nýtt.

Skuldabréf

13. Skuldabréf

	31.12.2009			30.6.2009	31.12.2008
	Óveðsett	Veðsett	Samtals	Samtals	Samtals
Skráð	8.958	47.484	56.442	96.898	94.441
Óskráð	581	6.002	6.583	22.166	21.490
Skuldabréf	9.539	53.486	63.025	119.064	115.931

14. Skuldabréf - flokkuð eftir útgefanda:

	31.12.2009			30.6.2009	31.12.2008
	Óveðsett	Veðsett	Samtals	Samtals	Samtals
Fjármálastofnanir	-	33.853	33.853	43.765	41.428
Íbúðarbréf	4.656	8.828	13.484	46.146	45.807
Ríkissjóður	4.302	8.637	12.939	24.687	24.682
Fyrirtæki	581	2.168	2.749	4.466	4.014
Skuldabréf	9.539	53.486	63.025	119.064	115.931

Lækkun á veðsettum stöðum í flokknum skuldabréf frá 30.06.2009 til 31.12.2009 er vegna uppgjörs veðsettra samninga. Þar að auki eru veðsettar stöður sýndar á áætluðu markaðsverði undirliggjandi veða miðað við mat Bankans samkvæmt samningum.

Hlutabréf

15. Hlutabréf

	31.12.2009			30.6.2009	31.12.2008
	Óveðsett	Veðsett	Samtals	Samtals	Samtals
Skráð	5.118	149.530	154.648	199.619	153.274
Óskráð	23.731	-	23.731	14.981	8.577
Hlutabréf	28.849	149.530	178.379	214.600	161.851

16. Hlutabréf - tíu stærstu stöður:

	31.12.2009			30.6.2009	31.12.2008
	Óveðsett	Veðsett	Samtals	Samtals	Samtals
Viðskipti / Bretland	-	43.474	43.474	51.246	45.191
Þjónusta / Bretland	-	33.769	33.769	48.489	26.285
Fjármálastarfssemi / Norðurlönd	-	29.835	29.835	30.462	28.351
lænaður / Bretland	-	24.246	24.246	23.470	15.403
Fjármálastarfssemi / Norðurlönd	-	7.022	7.022	26.720	21.364
lænaður / Annað	6.671	-	6.671	4.130	2.015
lænaður / Ísland	-	6.001	6.001	6.174	6.174
Smásala / Bretland	5.674	-	5.674	-	-
Þjónusta / Norðurlönd	180	4.879	5.059	7.486	7.486
Fjármálastarfssemi / Annað	4.494	-	4.494	3.939	3.047
Tíu stærstu stöður	17.019	149.226	166.245	202.116	155.316

Veðsettar stöður eru nú sýndar miðað við áætlað markaðsverði undirliggjandi veða miðað við mat Bankans samkvæmt samningum.

Afleiður og ógreiddir afleiðusamningar

17. Afleiður og ógreiddir afleiðusamningar - flokkuð eftir stöðu samninga:

	31.12.2009			30.6.2009	31.12.2008
	Óniðurfærð staða	Niðurfærsla	Gangvirði	Gangvirði	Gangvirði
Afleiður	18.265	(10.684)	7.581	24.417	43.098
Ógreiddir afleiðusamningar*	372.964	(141.528)	231.436	221.656	190.764
Afleiður og ógreiddir afleiðusamningar	391.229	(152.212)	239.017	246.073	233.862

Áætluð skuldajöfnunaráhrif á eignahlöð eru að upphæð 120.204 milljónir króna.

*Gjaldfallin og lokuð viðskipti, sem og ógreitt sjóðsstreymi frá opnum stöðum.

18. Afleiður og ógreiddir afleiðusamningar - flokkuð eftir tegund:

	31.12.2009			30.6.2009	31.12.2008
	Óniðurfærð staða	Niðurfærsla	Gangvirði	Gangvirði	Gangvirði
Ógreidd gjaldeyrisviðskipti, eignaskipta-, vaxtaskipta og gjaldeyrisvalréttarsamningar* ..	372.245	(140.793)	231.452	220.320	189.493
Opin gjaldeyrisviðskipti, eignaskiptasamningar & vaxtaskiptasamningar	16.275	(8.962)	7.313	23.264	42.651
Ógreiddir lánaafleiðusamningar*	(5.935)	(43)	(5.978)	(2.828)	(2.693)
Ógreiddir valréttarsamningar með hlutabréf*	6.491	(589)	5.902	3.638	3.463
Opin vaxtabök, vaxtagólf og vaxtabök/gólf með útslætti	1.991	(1.722)	269	1.153	447
Ógreidd vaxtabök, vaxtagólf og vaxtabök/gólf með útslætti*	162	(103)	59	526	501
Afleiður og ógreiddir afleiðusamningar	391.229	(152.212)	239.017	246.073	233.862

Afleiðusamningur er talinn til eigna ef að nettóstaða allra afleiðusamninga mótaðila er í hag fyrir Bankann. Neikvæð óniðurfærð staða á eignahlöð er því alltaf vegið á móti með öðrum jákvæðum stöðum sama mótaðila.

Áætluð skuldajöfnunaráhrif á eignahlöð eru að upphæð 120.204 milljónir króna.

*Gjaldfallin og lokuð viðskipti, sem og ógreitt sjóðsstreymi frá opnum stöðum

Fjárfestingar í dótturfélögum

19. Fjárfestingar í dótturfélögum - flokkaðar eftir dótturfélögum:

	Gjaldmiðill	Eignarhlutur	31.12.2009		30.6.2009	31.12.2008
			Veðsett	Samtals	Samtals	Samtals
FIH Erhvervsbank, Danmörk	DKK	99,9%	97.047	97.047	91.168	86.213
Kaupthing Mortgage Inst. Investor Fund, Ísland	ISK	100,0%	17.303	17.303	18.317	17.544
Norvestia Oyj, Finnland	EUR	32,7%	-	8.776	8.139	7.445
NBS Diversified Credit Fund, Bretland	EUR	100,0%	-	6.264	5.898	5.898
Kaupthing Sverige AB, Svíþjóð	SEK	100,0%	-	5.103	5.734	5.403
Kirna ehf., Ísland	ISK	100,0%	-	3.557	5.375	5.375
Annað	-	-	-	3.576	931	1.586
Fjárfestingar í dótturfélögum			114.350	141.626	135.562	129.464

Eignarhlutur í FIH Erhvervsbank er að fullu veðsettur vegna láns frá Seðlabanka Íslands.

Bankinn á 56% atkvæðisrétt í Norvestia Oyj þrátt fyrir að eiga eingöngu 32.7% útistandandi hluta og er fyrirtækið því tilgreint sem dótturfélag Bankans.

Aðrar eignir

20. Aðrar eignir

	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008
	Samtals	Samtals	Samtals
Útistandandi skuldir	40.549	37.887	35.513
Ýmsar eignir	4.003	6.429	10.293
Afskriftarreikningur annarra eigna	(37.012)	(35.214)	(32.445)
Aðrar eignir	7.540	9.102	13.361

Aðrar upplýsingar

Skuldir við Arion banka vegna flutnings eigna og skulda

21. Í október 2008 voru allar innstæður Bankans á Íslandi fluttar til Arion banka hf. (áður Nýja Kaupþings banka hf.) og einnig ýmsar eignir tengdar íslenskri starfssemi, s.s. lán og aðrar kröfur. Þetta var gert í samræmi við ákvörðun FME frá 21. október 2008. Samningar vegna flutnings eigna og skulda Bankans voru undirritaðir 3. september 2009 þegar ríkisstjórnin og skilanefndin samþykktu að ákveða ekki virði eigna að svo stöddu heldur að þremur árum liðnum. Niðurstaðan gerir Bankanum kleift að fá frekari hlutdeild í verðhækkun eigna í framtíðinni.

Bankanum er ætlað að tryggja neikveiða upphafsstöðu ("verðmatsbil") vegna flutnings eigna og skulda til Arion banka. Mismunur eigna og skulda var áætlaður 38.358 milljónir íslenskra króna þann 22. október 2008. Virði eigna er tryggt á samningstímanum sem lýkur 30. júní 2012. Verðmatsbilið var metið á 44.927 milljarða króna þann 31. desember 2009. Verðmatsbilið er tilgreint 50% í evrum og 50% í íslenskum krónum. Hækkun á verðmatsbilinu má rekja til gjaldeyrishreyfinga og uppsafnaðra vaxta. Verðmatsbilið verður endurmetið á tveggja ára fresti af óháðum endurskoðanda - fyrsta endurmetið verður framkvæmt í apríl 2010. Því getur verðmatsbilið lækkað en á það hefur verið sett þak miðað við upphafsverðmat þó án tillits til gjaldeyrishreyfinga og uppsafnaðra vaxta.

Búskröfur og þekktar forgangskröfur

22. Búskröfur og þekktar forgangskröfur

	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008
Skuld við Arion banka vegna flutnings eigna og skulda	44.927	43.335	41.027
Skuld við Arion banka	-	7.547	9.123
Gjaldfallnir reikningar - kostnaður við að stýra Bankanum á greiðslustöðvunartímabili	612	-	-
Innstæður	6	2.140	54.775
Skuldir í Noregi og Finnlandi vegna innstæðna	-	-	14.130
Búskröfur og þekktar forgangskröfur	45.545	53.022	119.055

Taflan hér að ofan er eingöngu sett fram til skýringar og tilgreinir búskröfur og forgangskröfur sem þekktar eru. Þar til allar kröfur hafa verið yfirfarnar og ágreiningur leystur er raunveruleg og nákvæm upphæð skulda og þar með talið forgangskrafna óviss. Hafa skal í huga að taflan að ofan er sett fram af skilanefnd og endurspeglar ekki ákvarðanir slitastjórnar um afstöðu til einstakra krafna.

23. Heildareignir að frádregnum veðsettum eignum og forgangskröfum* - skuldajöfnun vegna afleiðusamninga er tekin til greina:

	31.12.2009	Veðsettar stöður	Þekktar forgnagns-kröfur*	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008
				Verðmat	Verðmat	Verðmat
Assets	Heildareignir					
Handbært fé	176.066	-	-	176.066	98.799	77.963
Kröfur á lánastofnanir	323.267	(269.786)	-	53.481	42.899	148.548
Útlán til viðskiptamanna	450.948	(84.054)	-	366.894	357.259	259.666
Skuldabréf	63.025	(53.486)	-	9.539	12.344	2.652
Hlutabréf	178.379	(149.530)	-	28.849	35.055	23.203
Afleiður og ógreiddir afleiðusamningar	239.017	(120.204)	-	118.813	102.556	96.626
Fjárfestingar í dótturfélögum	141.626	(114.350)	-	27.276	26.077	25.707
Aðrar eignir	7.540	-	-	7.540	9.102	13.361
Egnir samtals	1.579.868	(791.410)	-	788.458	684.091	647.726
Búskröfur og þekktar forgangskröfur	-	-	(45.545)	(45.545)	(53.022)	(119.055)
Egnir samtals eftir frádrátt	1.579.868	(791.410)	(45.545)	742.913	631.069	528.671

* Búskröfur og þekktar forgangskröfur samanstanda af skuldum sem tilgreindar eru í skýringu 22. Þar til allar kröfur hafa verið yfirfarnar og ágreiningur um þær leystur er raunveruleg og nákvæm upphæð skulda sem inniheldur en takmarkast ekki við forgangskröfur óþekkt. Hafa skal í huga að þetta mat er sett fram af skilanefnd og endurspeglar ekki ákvarðanir slitastjórnar á einstaka kröfum.

Verðmat í þessari skýringu er byggt á aðferðafræði eins og útskýrt er í kafla 2.1.1 Skýringar á verðmatsaðferðum og er eingöngu sögulegt mat. Engar tilraunir voru gerðar til að meta framtíðarvirði eigna, né heldur að meta hugsanlegar endurheimtur til kröfuhafa.

Andstætt því sem gert hefur verið í fyrri upplýsingagjöf frá skilanefnd, eru afleiður og veðtryggingar sem lagðar eru fram vegna þeirra sýndar sem hrein staða. Samanburðartölur frá fyrri tímabilum hafa verið lagfærðar gróflaga til að endurspeglar þessa breytingu og til að auðvelda samanburð við fyrri tímabil.

Taflan hér að ofan tekur ekki að fullu tillit til skuldajöfnunar eins og nánar er fjallað um í skýringu 24.

Hafa ber í huga að umtalsverðar gengissveiflur í erlendum gjaldmiðlum áttu sér stað á árinu 2009.

24. Skuldajöfnun

Verðmat á eignum í þessum fjárhagsupplýsingum taka ekki að fullu tillit til áhrifa skuldajöfnunar.

Raunveruleg og nákvæm upphæð samþykkrtra skuldajöfnunarkrafna er óljós þangað til að þær séu viðurkenndar og ágreiningur um þær hefur verið leystur. Slitastjórn fékk um 100 skuldajöfnunarkröfur frá mótaðilum að upphæð um 650 milljarða króna. Hafa ber í huga að skuldajöfnunarkröfur eru lýstar á mismunandi vegu og margar þeirra eru ítrustu kröfur. Það uppfylla ekki allar skuldajöfnunarkröfur skilyrði skv. íslenskum lögum og í sumum tilvikum áskilja kröfuhafar sér rétt til mögulegrar skuldajöfnunar. Allar upphæðir í tengslum við skuldajöfnun þarf því að skoða í þessu ljósi.

Þann 20. október 2009 setti skilanefnd fram bráðabirgðamat á skuldajöfnunaráhrifum þar sem hún áætlaði samtals um 100 milljarða kóna að nafnvirði, bæði af viðkomandi eignum og viðkomandi skuldum. Enn fremur var lögð áhersla á að upphæðin gat verið mismunandi á eigna- og skuldahlíð. Fjöldi skuldajöfnunarkrafna jókst umtalsvert á síðari helmingi kröfulýsingarfrestsins sem lauk 30. desember 2009 og á þeim tíma nam upphæð skuldajöfnunarkrafna um 650 milljörðum króna. Skilanefnd hefur gróflega skoðað skuldajöfnunarkröfur með leyfi slitastjórnar. Eftir yfirferð er niðurstaða skilanefndar sú að endurskoða mat sitt á skuldajöfnunaráhrifum í 100-150 milljarða króna að nafnvirði á skuldahlíð. Eins og skilanefnd hefur áréttað áður þá geta skuldajöfnunaráhrif verið mismunandi á eigna- og skuldahlíð og álitur skilanefnd að áhrifin á eignahlíð muni verða umtalsvert lægri þar sem sumar eignir er lúta að skuldajöfnun hafa nú þegar verið færðar niður. Mat skilanefndar tekur tillit til þeirrar staðreindar að nú þegar hefur verið tekið til greina umtalsvert fjárhæð lýstra skuldajöfnunarkrafna í skýringu 23. Hafa ber í huga að þetta mat er sett fram af skilanefnd og endurspeglar ekki ákvarðanir slitastjórnar um afstöðu einstakra krafna.

Skuldajöfnunaráhrif geta haft veruleg áhrif á endurheimtur kröfuhafa. Nánari upplýsingar um þessi mál verða gefnar þegar málin skýrast.

25. Kröfuférlíð

Formlegt ferli fyrir kröfuhafa Bankans til að lýsa kröfu hófst 30. júní 2009 og lauk 30. desember 2009. Þar til að slitastjórn hefur viðurkennt allar kröfur og ágreiningur leystur þá er raunveruleg og nákvæm upphæð skulda óljós. Samkvæmt lögum nr. 44/2009 skal öllum kröfum lýst miðað við 22. apríl 2009 í viðeigandi gjaldmiðli og umbreytt yfir í íslenskar krónur miðað við gengi Seðlabanka Íslands þann 22. apríl 2009.

Áætluð skuldahlíð Bankans miðað við 22. apríl 2009 var birt í fjármálaupplýsingum bankans frá 30. júní 2009. Kröfuskráin var birt kröfuhöfum þann 22. janúar 2009. Í skýringu 26 hefur skilanefnd flokkað kröfuskrána í grófum dráttum til að þær megi bera saman við skuldahlíð miðað við 30. júní 2009. Endurskoðun krafna miðað við 22. apríl 2009 var ekki gerð þar sem ábyrgð á að ákvarða skuldahlíð liggur hjá slitastjórn í gegnum kröfuférlíð samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálayfirtæki og lögum nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti ofl.

Heildarskuldur Bankans verða ákvarðaðar í gegnum kröfuférlíð sem er stýrt af slitastjórn Bankans. Umfang skulda Bankans mun verða óljós þar til að kröfuférlíð sem inniheldur viðurkenningu og höfnun krafna er lengra á veg komið af slitastjórn Bankans. Í þeim tilvikum þar sem er ósamræmi milli mats á skuldum samkvæmt yfirliti skilanefndar og skuldum ákvörðuðum af slitastjórn skal ákvörðun slitastjórnar ráða.

Samtals voru 28.085 kröfum lýst á hendur Kaupþingi fyrir lokadag frests þann 30. desember 2009. Kröfum var lýst frá kröfuhöfum frá 119 löndum, og þar var yfir helmingur þeirra vaxtakröfur frá Þýskalandi, sem tengdust aðallega innstæðum. Á meðal stærstu kröfuhafa Bankans eru innlendir aðilar, innlendir og erlendar bankastofnanir, auk ýmissa fjárfestingasjóðir, s.s. framtaksjóða, verðbréfasjóða og vögunarsjóða.

Heildarfjárhæð lýstra krafna í Kaupþing nam 7.288 milljörðum króna miðað við gengi Seðlabanka Íslands þann 22. apríl 2009. Heildarfjárhæð lýstra krafna er hærri en skuldur samkvæmt efnahagsreikningi bankans miðað við 30. júní sl. Skýringar á því má m.a. rekja til oflýstra krafna vegna innstæðna sem Kaupþing hefur þegar greitt, tví- og þrílýsinga vegna ýmissa innstæðna og skuldabréfaútgáfa bankans og krafna sem falla utan efnahagsreiknings, s.s. skaðabótakrafna og ábyrgðarkrafna. Auk þess er ítrustu kröfum jafnan lýst. Samanlögð fjárhæð vegna framangreindra atriða nemur a.m.k. 2.900 milljörðum króna.

Þann 29. janúar 2010 hafði slitastjórn tekið afstöðu til yfir 16.000 krafna eða u.þ.b. 57% af heildarfjölda lýstra krafna. Flestar kröfur voru vaxtakröfur frá Þýskalandi sem var lýst jafnt og þétt á kröfulýsingartímanum. Flestar kröfur frá bönkum og fjármálayfirtækjum var hinsvegar lýst nær enda frestsins. Eftir kröfuhafafund þann 29. janúar hefur slitastjórn haldið áfram að taka afstöðu til lýstra krafna. Áframhaldandi kröfuhafafundur verður haldinn 18. maí 2010 þar sem slitastjórn mun tilkynna ákvörðun um afstöðu til krafna sem ekki lágu fyrir 29. janúar eins og kostur er. Á þeim fundi áætla slitastjórn að hafa lokið afstöðu til krafna lýstum undir greinum 109, 110, 111 og 112 í lögum nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti ofl. Vinna mun halda áfram vegna skuldabréfakrafna og óveðtryggðra krafna.

26. Samanburður á kröfuskra og efnahagsreikningi Bankans frá 30. júní 2009.

	30.6.2009	Kröfuskra			
		Heildar kröfur	Forgangs-	Almennar-	Víkjandi-
Efnahagsreikningur					
Innlán lánastofnanna	151.808	-	-	-	-
Innlán viðskiptamanna	2.140	58.588	21.779	35.688	1.121
Afleiður og ógreiddir afleiðusamningar	136.296	502.965	48.403	435.697	18.865
Lántökur	3.237.006	-	-	-	-
Skuldabréf	-	3.431.151	133.719	3.119.568	177.864
Lán	-	570.084	205.566	358.898	5.620
Innstæðusamningar	-	297.791	204.809	89.389	3.593
Skuldir við Arion banka vegna flutnings eigna og skulda	43.335	43.568	43.568	-	-
Aðrar skuldir	108.302	-	-	-	-
Reikningar	-	4.114	1.241	2.616	257
Vaxtakröfur vegna Edge	-	6.130	5.347	692	92
Tryggingar	-	1.098.334	964.808	132.167	1.358
Skaðabótakröfur	-	645.424	459.060	119.841	66.524
Samningar	-	51.120	1	51.118	-
Hlunnindi	-	1.632	1.308	315	9
Ýmislegt	-	176.948	20.707	156.215	26
Samtals almennar skuldir	3.678.887	6.887.848	2.110.316	4.502.203	275.329
Víkjandi lán	422.624	400.802	862	291.373	108.567
Vextir frá 22.4.2009-30.06.2009	27.804	-	-	-	-
Samtals víkjandi skuldir	450.428	400.802	862	291.373	108.567
Samtals skuldir	4.129.315	7.288.650	2.111.178	4.793.576	383.896

Taflan hér að ofan er sett fram eingöngu til skýringar. Upplýsingar úr kröfuskra er byggðar á tölum frá slítastjórn sem hafa ekki verið yfirfarnar af skilanefnd. Ítarleg yfirferð á kröfuskra og efnahagsreikningi hefur ekki verið lokið og því eru kröfur í hverjum flokki skuldahlíðarinnar ekki beinlínis samanburðarhæfar við tölur úr kröfuskra.

Hafa skal í huga að upphæðir úr kröfuskra eru settar fram til upplýsingar eingöngu og endurspeglar ekki ákvarðanir slítastjórnar um afstöðu til einstakra krafna.

Mismunur getur verið milli fjölda og upphæð krafna samkvæmt kröfuskra sem var birt kröfuhöfum þann 22. janúar 2010. Það er vegna þess að slítastjórn hefur gert fjölmargar leiðréttingar á kröfuskranum, bæði hvað varðar fjölda og upphæðir. Nokkrar kröfur hafa líka verið dregnar til baka. Uppfærð kröfuskra ásamt leiðréttingum er tiltæk kröfuhöfum á öruggri vefsvæði á heimasíðu bankans w w w .kaupthing.com.

Atburðir eftir 31. desember 2009

27. Fjárfestingar í dótturfélögum - útskýring á eiginfjárfestingum til Arion banka og áhrif á efnahagsreikninginn

Þann 11. janúar 2010 veitti FME dótturfélagi Bankans leyfi til að eiga ráðandi hlut í Arion banka fyrir hönd Kaupþings. Þetta leyfi var veitt í kjölfar samninga um fjármögnun Arion banka á milli Kaupþings og ríkisins.

Kaupþing mun leggja fram eignir í gegnum dótturfélag sitt Kaupskil ehf. sem verðmetin eru miðað við 8. janúar 2010 á 66 milljarða króna sem jafngildir 65% af heildareiginfjárfestingum Arion banka en Bankinn eignast 87% hlutfjár. Kaupþing fjármaganandi Arion banka með eftirfarandi hætti:

	Óniðurfærð staða	Markaðs- virði
Fyrirtækjalán	29.424	28.771
Önnur lán*	107.917	84.054
Handbært fé	14.428	14.428
Skuld við Seðlabanka Íslands	(61.253)	(61.253)
Hlutfjárframlag til Arion banka	90.516	66.000

* eignasafn sem er skilgreint í útlánum til viðskiptamanna undir veðsettum stöðum og inniheldur húsnæðislán í íslenskum krónum og erlendri mynt, lán til íslenskra sveitarfélaga, samtaka og annarra ríkistengdra fyrirtækja sem áður voru veðsett af Kaupþingi til Seðlabanka Íslands sem verðmetin voru á 84.054 milljónir króna (til samans hafa því 22.802 milljónir króna verið fluttar til Arion banka eftir að tekið hefur verið tillit til viðeigandi skuldar upp á 61.253 milljónir við Seðlabanka Íslands).

Eignirnar voru verðmetnar á því verði sem þær voru fluttar yfir til Arion banka. Áhrifin á efnahagsreikning Kaupþings verða þau að þessar eignir munu dragast frá viðeigandi eignaflokkum og 66.000 milljónir færast undir fjárfestingar í dótturfélögum.

Gengi gjaldmiðla

Gengi erlendra gjaldmiðla sem notað hefur verið við undirbúning þessara fjármálaupplýsinga miðast við 31. desember 2009 og er byggt á gengi Reuters kl. 16:30 þann dag. Taflan hér að neðan sýnir gengi gjaldmiðla sem notað hefur verið fyrir fjárhagsupplýsingar 31. desember 2009 og gengi fyrir samanburðartímabil.

	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008
AUD	112,53	102,90	84,46
CAD	119,74	109,91	98,72
CHF	121,18	117,78	113,82
DKK	24,16	24,04	22,73
EUR	179,78	179,04	169,27
GBP	202,65	210,04	176,48
JPY	1,35	1,32	1,34
NOK	21,63	19,84	17,39
SEK	17,54	16,52	15,44
USD	125,43	127,56	121,10

2.2 Lánasöfn og hlutabréfastöður

2.2.1 Yfirlit yfir lánasafnið

Bankinn flokkar lán til viðskiptavina í fjögur eignasöfn:

- **Norræna lánasafnið:** Meirihluti lána til viðskiptamanna á Norðurlöndum.
- **Evrópska lánasafnið:** Meirihluti lána til viðskiptamanna í Evrópu.
- **NOA safnið:** Að mestu lán til félaga sem hafa engan undirliggjandi rekstur. Nánari upplýsingar upp þetta safn má sjá í kafla 2.2.4 NOA safnið.
- **Veðsettar stöður:** Inniheldur húsnæðislán í íslenskum krónum og erlendri mynt, lánum til íslenskra sveitafélaga, samtaka og annarra ríkistengdra fyrirtækja sem höfðu áður verið veðsett af Kaupþingi til Seðlabanka Íslands. Í janúar 2010 þegar Bankinn greiddi hlutfjárframlag vegna Arion banka voru eignir þessa safns fluttar yfir til Arion banka sem hluti af framlaginu og eru því ekki hluti af reikningum Bankans í framtíðinni. Allar veðsettar stöður er teknar með í þessu eignasafni og því eru engar stöður veðsettar í Norræna, Evrópska eða NOA safninu.

Norræna og evrópska lánasöfnin eru undir virkri stjórn eignastýringar og stærstur hluti eignanna í þessum söfnum hafa undirliggjandi rekstur eða eignir.

Lán í NOA safninu eru undir eftirliti og stjórn eftirlitsnefndar og eru í ítarlegri skoðun hjá henni.


Óniðurfærð staða lána til viðskiptavina voru 1.373 milljarðar króna miðað við 31. desember 2009. Fyrirsjáanlegar afskriftir á óniðurfærðri stöðu lánasafnsins nema að minnsta kosti 65 milljörðum króna. Þau lán eru verðmetin á núll í fjármálaupplýsingum Bankans en vegna hagnýtra og tæknilegra ástæðna er staðan en skráð í kerfi Bankans. Lán til viðskiptavina voru 451 milljarðar króna á gangverði miðað við 31. desember 2009.

Gangvirði og óniðurfærð staða lána til viðskiptavina miðað við 31. desember 2009 skiptist með eftirfarandi hætti:


- **Norræna lánasafnið:** u.þ.b. 231 milljarðar króna á óniðurfærðri stöðu og um 152 milljarðar króna að gangvirði.
- **Evrópska lánasafnið:** u.þ.b. 326 milljarðar króna á óniðurfærðri stöðu og um 176 milljarðar króna að gangvirði.
- **NOA safnið:** u.þ.b. 708 milljarðar króna á óniðurfærðri stöðu og um 39 milljarðar króna að gangvirði.
- **Veðsettar stöður:** u.þ.b. 108 milljarðar króna á óniðurfærðri stöðu og um 84 milljarðar króna að gangvirði.

Nánari skipting á eignasöfnunum má sjá hér að neðan.


Útlán til viðskiptamanna flokkuð eftir eignasöfnum - miðað við 31. desember 2009.



Útlán til viðskiptamanna flokkuð eftir atvinnugreinum – miðað við 31. desember 2009




Útlán til viðskiptamanna flokkuð eftir landsvæðum – miðað við 31. desember 2009




* Bretland inniheldur Bretland og önnur landssvæði sem tilheyra bresku krúnunni.

Útlán til viðskiptavina flokkuð eftir gjaldmiðlum – miðað við 31. desember 2009




Tíu stærstu útlán til viðskiptamanna á gangvirði miðað við árslok 2009



* Bretland inniheldur Bretland og önnur landssvæði sem tilheyra bresku krúnunni.

Tíu stærstu útlán til viðskiptamanna eru 41.4% af heildargangvirði útlána til viðskiptamanna. Meginástæður fyrir breytingum á tíu stærstu útlánnum til viðskiptamanna frá 30. júní 2009 eru endurflokkun lána, afborganir, breyting lána í hlutfé og í sumum tilvikum hafa skyldir lánahópar verið flokkaðir saman í einn í töflunni hér að ofan.


Brú á gangvirði fyrir á árinu 2009 – Útlán til viðskiptamanna



Allar upphæðir í milljörðum króna.

Brúin hér að ofan er eingöngu sett fram til skýringar og getur innihaldið einfaldanir, námundun og/eða samsetningu mismunandi undirliggjandi talna. Túlka þer brúna í samhengi við aðrar upplýsingar sem Bankinn hefur gefið frá sér. Nettó höfuðstólsgreiðslur námu 65 milljörðum króna á árinu 2009 og vaxtagreiðslur lánasafnsins (ekki sýndar í brúnni hér að ofan) námu um 30 milljörðum króna á árinu 2009. Nettó höfuðstólsgreiðslur auk vaxtagreiðslna og virðisaukningar námu 216 milljörðum króna á árinu 2009 sem er um 64% af lánasafninu miðað við 31. desember 2008.


Greiðslufæði útlána til viðskiptamanna á árinu 2009



Þóknatekjur vegna „útlána til viðskiptamanna“ á árinu 2009 voru 1,3 milljarðar króna, sem er u.þ.b. 1/3 af heildarrekstrarkostnaði Bankans á árinu 2009 og nægði fyrir öllum almennum kostnaði við


rekstur og stýringu eigna Bankans á árinu 2009. Greiðslufæði á myndinni er breytt í krónur miðað við gengi krónu þann 31. desember 2009.

Gangvirði og samanlagt greiðslufæði útlána til viðskiptamanna á árinu 2009



Uppsafnað hreint greiðslufæði: hreinar höfuðstólgreiðslur, hreinar vaxtagreiðslur og uppsafnaðar þóknarir frá október 2008 er breytt í krónur miðað við gengi frá 31.12.2009.

Gjalddagar lána til viðskiptamanna



Veðsettar stöður að upphæð 107.917 milljónir króna miðað við óniðurfærða stöðu eru undanskildar á myndinni. Gjalddagar lána taka mið að undirliggjandi lánssamningum nema að ákvæði vegna breytinga á uppgreiðslu hafi verið nýtt. Vegna endurskipulagningar lána getur myndin breyst með tímanum. Eins og í öðrum hefðbundnum lánasöfnum geta framlengingar ákvæði verið innifalin í lánasamningum.

Lán í vanskilum eru að upphæð 826 milljarðar króna og eru ekki sýnd á myndinni, þar af eru 708 milljarðar króna hluti af NOA safninu.

2.2.2 Lán í virkri eignastýringu – Ferli og verklag

Eins og fyrr hefur verið getið um eru norræna og evrópska lánasafnið undir virkri stjórn eignastýringar en stærstur hluti eignanna í þessum söfnum er með undirliggjandi rekstur eða eignir.

Verkefnum eignastýringarsviðs frá upphafi má skipta niður í fimm skref: Tryggja stöðugleika, samþætta eignasöfn, ná heildaryfirsýn yfir allar eignir, reglulega stjórnun lána og áætlunum til framtíðar.

Stöðugleiki: Bankinn stóð frammi fyrir gríðarlegum áskorunum í byrjun. Helsta verkefnið var að koma jafnvægi á eignir Bankans og þjarga verðmætum þar sem líkur væru á verðmætarýrnun.

Sambætting: Bankinn verndaði eignir sínar á Norðurlöndum og tókst að flytja eignir heim til móðurfélagsins. Safn lána var flutt frá útibúum og dótturfélögum á Norðurlöndum til móðurfélagsins.

Heildaryfirsýn: Þegar fyrstu hindranir voru að baki var hægt að beita markvissari aðferðum við stýringu á lánasöfnunum. Ábyrgðarmenn innan eignastýringar, fjármála- og lögfræðisviðs voru settir yfir hverja eign. Eignum var forgangsraðað eftir mikilvægi og stærð áður en gripíð var til viðeigandi aðgerða.

Stjórnun: Þegar heildaryfirsýn var náð var farið í almenna eignastýringu. Markmiðið er að tryggja hámarksendurheimtur með virkri eignastýringu. Markmið eru sett fyrir hverja eign og til að tryggja nauðsynlega sérþekkingu í öllum málum er leitað til utanaðkomandi ráðgjafa þegar við á.

Áætlanir til framtíðar: Stefnan er að lánin verði stöðugri og seljanlegri eftir því sem fram vindur. Áherslan hingað til hefur verið lögð á virðisaukningu, en fram til þessa hafa mjög fá lán verið seld.

Endanlegt markmið er að þróa hagstæðustu lausnina fyrir hverja eign og þar með hámarka endurheimtur til kröfuhafa Bankans.

Ferli vegna ráðstöfunar eigna

Yfirlit

Frá upphafi hefur Bankinn fylgt skipulögðu ferli þegar ákvarðanir eru teknar við ráðstöfun eigna. Bankinn er ekki markvisst að selja eignir og hefur staðfastlega hafnað öllum tilboðum um sölu á hrakvirði, hins vegar eru allar mögulegar og skynsamlegar leiðir skoðaðar. Að þessu sögðu, hafa öll lán og hlutabréfastöður sem eru undir stjórn eignastýringar Bankans ákveðinn umsjónarmann sem vaktar í sífellu frammistöðu og mögulegar leiðir við sölu eigna.

Sem hluti af samfelldri greiningu á fyrirtækjum og eignum Bankans hefur markvirði fyrir 2012 verið fundið fyrir öll lán og hlutabréfastöður sem eru 1 milljarður króna að verðmæti eða meira. Bankinn hefur gert ítarlega greiningu á þessum eignum og sett fram áætlun fyrir þær og endurheimtur þeirra hafa verið settar fram með það að markmiði að hámarka virði þeirra. Bankinn kemur að markmiðasetningu og rekstraráætlunum undirliggjandi félaga þegar við á. Leitað er ráðgjafar utanaðkomandi aðila varðandi verðmat og greiningu á hugsanlegum kostum fyrir Bankann.

Þrátt fyrir að Bankinn sé ekki að leitast eftir því að selja eignir þá er hann opinn fyrir beinni aðkomu frá áhugasömum kaupendum og er tilbúinn að íhuga ásættanleg tilboð (t.d. endurgreiðsla lána á pari auk vaxta). Þegar eignir eru ekki í formlegu sölufarli þurfa áhugasamir kaupendur að framkvæma sína skoðun á tiltækum opinberum upplýsingum. Öll tilboð eru metin út frá ákveðnu ferli (má sjá hér að neðan) og eru m.a. borin saman við uppfært markvirði.

Skipulag og ferli vegna mögulegrar eignasölu

Til dagsins í dag hafa starfsmenn eignastýringarsviðs Bankans einbeitt sér að hámerkun eigna með því að styðja við og endurskipuleggja eignaasafnið eins og þörf krefur. Mjög fáar eignir hafa verið seldar. Til að tryggja hámerkun virði eigna eru allar eignir sífellt vaktaðar og mögulegar eignasölur metnar.

Hér á eftir koma helstu ástæður sem getu leitt til þess að sala á eignum sé skoðuð nánar.

- áætlað núvirði / hugsanlegt söluvirði í dag > framtíðarmarkvirði
- of mikil áhætta að halda eða styðja við eign miðað við vænta ávöxtun

- of dýrt að styðja við eign, vegna t.d. meiriháttar endurfjármögnunarþarfar, mikilla fyrirsjáanlegra útborgana eða æskilegra fjárfestinga
- takmarkanir á eignarhaldi af lagalegum ástæðum
- boð í lán á pari, full endurgreiðsla með vöxtum

Ef eitt eða fleiri ofangreindra skilyrða eru uppfyllt geta viðskiptastjórar sent tillögu með lýsingu á helstu kostum og göllum við að halda eða að selja eign til umfjöllunar hjá eignanefnd.

Viðmið vegna ákvarðana eignanefndar

Eignanefnd hefur komið upp ferli til að meta tilboð vegna hugsanlegrar eignasölu. Ákvarðanir eru teknar með aðstoð frá utanaðkomandi ráðgjöfum í öllum stærri málum og eftir þörfum fyrir minni eignir.

Á meðal mikilvægustu atriða við mat eignanefndar:

- Ítarleg greining á mögulegum valkostum sem byggir á nýjustu fánlegu upplýsingum þarf að liggja fyrir.
- Vænt virði sem fengið er með eignasölu borið saman við vænt virði ef að haldið væri á eigninni og tæki jafnframt mið af vissu um að ná slíku virði.
- Tilboð metið út frá núverandi verðmati, markaðsvöxtum, seljanleika á markaði og framtíðarmarkvirði.

Bankinn hefur jafnan val um að halda eign og styðja við hana ef það er álitid hagstæðara fyrir Bankann. Eignanefnd með aðstoð viðeigandi ráðgjafa getur annað hvort samþykkt eða hafnað tillögu viðskiptastjóra um sölu.

Mótun ferlis

Ef að tillaga um sölu eignar er álitin viðunandi af eignanefnd er sölufjerli mótað og skjalagerð framkvæmd af eignastýringu og lögfræðisviði Bankans með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa eftir því sem þörf krefur.


Það er almennt verklag og stefna skilaneftndar að stærri hlutabréfastöður séu seldar í opnu formlegu sölufjerli og markmiðið að allar formlegar eignasölur séu kynntar á heimasíðu Bankans. Hlutabréfastöður geta í undantekningartilvikum verið seldar með öðru fyrirkomulagi ef það er talið hagstæðara fyrir Bankann.

Lánastöður eru almennt seldar í lokuðu sölufjerli sem hefur til dagsins í dag jafnan leitt til fullrar endurheimtu.

Fyrir stærri hlutabréfastöður skipar eignastýring utanaðkomandi ráðgjafa til að stjórna sölufjerli þar sem hefðbundnar aðferðir eins og fjárhagslegar, lögfræðilegar og viðskiptalegar áreiðanleikakannanir eru gerðar. Eignastýringarvið og lögfræðiráðgjöf Bankans vinna náið með viðkomandi ráðgjafa meðan á sölufjerlinu stendur.

Ef tillaga að eignasölu er samþykkt af eignanefnd þá leggur viðskiptastjóri og framkvæmdastjóri eignastýringar fram tillögu fyrir skilaneftnd til samþykkis. Lokaákvörðun um sölu eignar er ávallt tekin af skilaneftnd.

Ferli vegna ráðstöfunar eigna



2.2.3 Utanaðkomandi ráðgjafar

Til að standa sem faglegast að málum, og samkvæmt óskum margra stærstu kröfuhafa Bankans, leggur skilaneftnd áherslu á að beita nauðsynlegri sérfræðilækkingu í öllum störfum sínum. Því þarf að ráða ýmsa utanaðkomandi ráðgjafa vegna fjölda viðvarandi og sértækra verkefna. Að beiðni fulltrúa kröfuhafa skipaði skilaneftnd Morgan Stanley sem aðalfjármálaráðgjafa skilaneftndarinnar. Meðal verkefna sem þeir hafa veitt aðstoð við eru samningaviðræðurnar við fjármálaráðuneytið og samkomulag í kjölfar þeirra um fjármögnun Arion banka. Í samningaviðræðunum notaði Bankinn einnig ráðgjafarfiirtæki eins og hann taldi nauðsynlegt og þar á meðal Morgan Stanley, Weil, Gotshal & Manges í Bretlandi og Lex.

Morgan Stanley stýrir núna vinnu við heildarskipulagningu Bankans og gerð nauðasamninga sem kunna að verða kynntir fyrir kröfuhöfum á síðari stigum. Weil, Gotshal & Manges í Bretlandi er helsti ráðgjafi skilaneftndar á sviði málsóknna og málareksturs við endurheimt verðmæta. Skilaneftnd felur áfram Alvarez and Marsal („A&M“) að hafa yfirumsjón með uppgjöri og lokun afleiðusafnsins og leggja síðan fram áætlun sem tryggir að hámarksheimtur náist á safninu. Að auki hefur viðskiptalögfræðistofan Olswang verið fengin til að veita lögfræðilega ráðgjöf í tengslum við uppgjör á afleiðusafni Bankans. Capacent og PwC á Íslandi hafa verið ráðin til að aðstoða við mat á eignum og endurskoðun. Skilaneftnd hefur ráðið sérstakt réttarrannsóknarteymi frá Grant Thornton í Bretlandi til að rannsaka hugsanlega ólögmetaraðgerðir og kanna sérstaklega möguleika á riftunum gjörða og bótakröfum í tengslum við erlenda aðila. Slitastjórnin hefur ráðið PwC á Íslandi til að rannsaka sömu hluti í tengslum við innlenda aðila.

Bankinn hefur ráðið utanaðkomandi ráðgjafa til aðstoðar við öll stærstu verkefni vegna endurskipulagningar eigna. Um er að ræða fjármálaráðgjafa, lögfræðiráðgjafa, ráðgjafa á sviði fasteigna, smásölusérfræðinga, bókhaldara, endurskoðendur og fleira, allt eftir eðli verkefnanna. Kostnaður vegna þessara aðila er í flestum tilvikum greiddur af viðkomandi lántaka.

Auk ofangreindra sérfræðinga hafa eftirfarandi aðilar verið ráðnir til starfa við ýmis lögfræðileg verkefni fyrir Bankann:

- CHSH Cerha Hempel Spiegelfeld Hlawati og WOLF THEISS í Austurríki.
- Plesner og Holts í Danmörku.
- Borenius, Maples og Hannes Snellman í Finnlandi.

- Herbert Smith og Allen & Overy í Frakklandi.
- Heuking Kühn Lüer Wojtek í Þýskalandi.
- Simmons & Simmons í Hong Kong.
- Juris, Lex, Landslög og Fulltingi á Íslandi.
- Studio Legale Canelutti á Ítalíu.
- Molitor, Fisch & Associates, Kleyr, Grasso og Associates í Luxemborg.
- Wiborg Rein í Noregi.
- Cuatrecasas og Goncalves Pereira á Spáni.
- Winge, Mannheimer Swartling, Lindahl og Frank Advokat, í Svíþjóð.
- Allen & Overy og Loyens & Loeff í Hollandi.
- DLA Piper, Slaughter og May, Hammonds, Olswang, Smith&Williamson, Rosenblatt, Heatons og Sidley Austin í Bretlandi:
- Nixon Peabody í Bandaríkjunum.

Leitað hefur verið til utanaðkomandi ráðgjafa í verkefnum á borð við fyrirtækjaráðgjöf, áreiðanleikakannanir, skattaáætlanir og verðmöt.

- KPMG, ráðgjöf um skipulag í Danmörku.
- Deloitte, ráðgjöf um skattamál og skipulag í Finnlandi
- PwC, verðmat og næmnigreining í Finnlandi.
- Pareto, verðmat í Noregi.
- PwC, ráðgjöf um skipulag í Svíþjóð.
- Capacent, ráðgjöf um skipulag og verðmat í Svíþjóð.
- Catella, ráðgjöf um skipulag í Svíþjóð.
- Earnst & Young, ráðgjöf um skattamál í Svíþjóð.
- Newsec, ráðgjöf við fasteignir í Svíþjóð.
- BDO Stoy Hayward, ráðgjöf um skattamál, skipulag og verðmat í Bretlandi.
- Deloitte, verðmat í Bretlandi.
- PwC, ráðgjöf um skattamál og skipulag og verðmat í Bretlandi.

2.2.4 NOA safnið

NOA safnið (lán til félaga sem hafa engan undirliggjandi rekstur) er undir eftirliti eftirlitsnefndar, sem er ein af starfsnefndum skilanevndar. NOA safnið samanstendur af lánum, verðbréfum og viðskiptum sem eru til athugunar eða undir rannsókn. Eftirlitsnefndin skipa tveir aðilar sem báðir eiga sæti í skilanevnd. Tilteknir starfsmenn á fjármála- og lögfræðisviði Bankans starfa fyrir nefndina. Þeir hafa umsjón með málum sem lúta að NOA safninu frá degi til dags og njóta aðstoðar ýmissa innri deilda og starfsmanna.

U.þ.b. 85% af safninu eru erlend eignarhalds- og fjárfestingarfélög. Safnið samanstendur af félögum og félagahópum sem verið er að rannsaka. Lánin eru öll flokkuð sem vanskilalán þar til eftirlitsnefndin hefur lokið rannsókn sinni. Í hverju máli sem er til rannsóknar er fjöldi félaga allt frá einu og upp í rúmlega 250 félög. Lán og öll viðskipti í þessu safni sæta ítarlegri rannsókn og farið er vandlega í gegnum öll viðskiptatengsl og lánaskjöl.

Starf nefndarinnar felst einkum í að skoða og rannsaka þessi viðskipti og undirbúa og hefja málsókn gegn aðilum sem kunna að skulda Bankanum vegna þessara viðskipta. Til einföldunar má flokka þau mál sem nefndin er að rannsaka með eftirfarandi hætti:


- Lán veitt inn í flókin félög eða til eignarhaldsfélaga með engan undirliggjandi rekstur.
- Lán eða viðskipti við tengda aðila, t.a.m. hlutafjareigendur, dótturfélög eða stjórnendur.
- Önnur óvenjuleg lán eða viðskipti.

Helsta markmið eftirlitsnefndar er að hámarka endurheimtur eigna í NOA safninu og þar með talið leggja fram skaðabótakröfur þar sem við á.

Starf nefndarinnar krefst mikillar samvinnu við utanaðkomandi ráðgjafa og hefur nefndin og starfsmenn hennar unnið náðið með endurskoðunarfyrirtækinu Grant Thornton í Bretlandi og alþjóðlega lögfræðifyrirtækinu Weil, Gotshal & Manges í Bretlandi. Ráðgjafarnir koma með sérþekkingu á ýmsum málum og gefa ráðgjöf vegna lögsókna og að auki hefur verið leitað til Conyers Dill & Pearman sem er leiðandi lögfræðistofa á sviði lögsögu á aflandseyjum. Ráðgjafarnir hafa fjölbreytta og alþjóðlega reynslu í að meðhöndla gjaldþrotamál og rannsókn slíkra mála.

Mörg lána og viðskipta í NOA safninu hafa það sameiginlegt að málshöfðun getur aukið endurheimtur fyrir Bankann. Málsókn og/eða aðför er hafin gegn félögum í 11 tilvikum. Nefndinni hefur tekist að tryggja eignirnar og koma í veg fyrir eignarýrnun með því að leita fullnustu í veðsettum eignum og með lagalegum aðgerðum (til dæmis málsóknum og gjaldþrotaskiptum). Nefndin hefur fengið endurgreiðslu (að fullu eða hluta til) frá fjölda fyrirtækja sem sæta rannsókn og hefur einnig tekið yfir stjórnir nokkurra fyrirtækja með því að ganga að veðum.

Eftirlitsnefnd er ekki með eignir í virkri stýringu. Þegar að eignir eru fengnar, t.d. með innköllun veða, eru viðkomandi eignir færðar í virka stýringu Eignastýringarsviðs.



Haustið 2008 réð skilanefnd PwC á Íslandi, að beiðni FME, til þess að rannsaka hvort Bankinn eða aðilar tengdir honum hefðu á vikunum fyrir fall hans farið á mis við innri reglur Bankans, lög um fjármálafyrirtæki, lög um verðbréfavíðskipti eða framið önnur refsiverð athæfi. Ítarlegri skýrslu var skilað til FME þann 30. desember 2008 og myndar hún grundvöll fyrir frekari rannsókn.

Slitastjórn Bankans hefur ráðið PwC á Íslandi til að rannsaka aðgerðir Bankans fram að greiðslustöðvun og munu þeir vera í nánu samstarfi við eftirlitsnefndina. PwC mun kanna sérstaklega möguleika á riftunum og bótakröfum í tengslum við innlenda aðila. Slitastjórn hefur nú þegar sent fjölmörg mál til viðeigandi yfirvalda sem byggjast á þessari rannsókn. Fjöldi riftunarmála og annarra aðgerða er í undirbúningi og mun þeim verða framfylgt á næstunni.

Meginmarkmið eftirlitsnefndarinnar frá ársbyrjun 2010 er að leggja áfram áherslu á að hámarka endurheimtur eigna í safninu, m.a. með bótakröfum eftir því sem við á. Eftirlitsnefnd hefur þegar tekið yfir flestar seljanlegar eignir sem voru veðsettar Bankanum og hefur í hyggju aðgerðir til að tryggja yferráð í öllum öðrum eignum. Skiptameðferðum og gjaldþrotaskiptum, sem eru í gangi eða í þann veginn að hefjast, verður haldið áfram til að endurheimta eignir í þeim fyrirtækjum sem eru í skiptameðferð og einnig til að eftirlitsnefndin fái aðgang að upplýsingum sem gerir henni kleift að rannsaka hvort um fleiri kröfur kann að vera að ræða. Eftirlitsnefndin ætlar að halda áfram eða hefja málsóknir til að endurheimta eignir og gera bótakröfur ef og þegar nægilegra upplýsinga og sannana hefur verið aflað og unnt er að greina hvað mögulegt er að endurheimta með slíkum kröfum.

Sátt í dómsmálum Kaupþings vegna Somerfield

Skilanefnd, fjárvörsluaðilar fyrir Tchenguiz Discretionary Trust (TDT), sem eru Investec Trust (Guernsey) og Bayeux Trustees og fleiri aðilar náðu samkomulagi í júní 2010 vegna tveggja dómsmála. Annars vegar er um að ræða mál Isis Investment Limited gegn Kaupþingi, fjárvörsluaðilum TDT og fleirum sem rekið hefur verið fyrir dómstólum í Englandi og Wales. Hins vegar er um að ræða mál Kaupþings gegn fjárvörsluaðilum TDT og fleirum sem verið hefur til meðferðar hjá dómstólum á Bresku Jómfrúareyjunum.

Skilmálar samkomulagsins eru trúnaðarmál milli aðila fyrir utan eftirfarandi:

Samkomulagið felur í sér að:

- fjármunir sem deilt hefur verið um, og eru tilkomnir vegna sölu á Somerfield verslunarkeðjunni til Co-operative Ventures Limited, verði leystir úr haldi fjárvörsluaðila á Bresku Jómfrúareyjunum og tilheyrandi hluti að lokum greiddur til skiptastjóra Ocatello Investment Limited,
- um endanlegt uppgjör er að ræða á milli Kaupþings og fjárvörsluaðila TDT vegna allra krafna sem hafðar voru uppi af þeirra hálfu í þessum tilteknu málum og á hvorugur aðila kröfu á hinn vegna þessara mála,
- fjárvörsluaðilar TDT falla frá tilkalli til þessara eigna. Munu þeir enn fremur afturkalla lýstar kröfur sínar sem þær varða.

Skilanefnd telur þetta mjög ásættanlega niðurstöðu fyrir Kaupþing og telur enn fremur að hagsmunum Kaupþings og þar með kröfuhafa bankans sé best borgið með samkomulaginu.

Weil, Gotshal & Manges, hefur gætt hagsmuna Kaupþings í þessum málum og veitt skilanefnd Kaupþings ráðgjöf við gerð samkomulagsins.

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis

Í kjölfar birtingar skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis hafa skilanefnd og starfsmenn hennar farið yfir og greint þær upplýsingar úr skýrslunni er snúa að Kaupþingi og metið hvort allt sem þykir athugavert við starfsemi Bankans í skýrslunni hafi verið skoðað af skilanefnd. Niðurstaðan er sú að öll mál sem tengjast Kaupþingi og tekin eru fyrir í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis hafa verið í athugun hjá skilanefnd Kaupþings.

Samkvæmt lögum er meginmarkmið skilanefndar að hámarka endurheimt eigna sem tilheyra Kaupþingi og kröfuhöfum hans. Í þeim tilvikum þar sem skilanefnd hefur í störfum sínum öðlast vitneskju um atvik sem geta gefið tilefni til rökstudds gruns um refsivert athæfi ber henni lögum samkvæmt að tilkynna það yfirvöldum. Frá því skilanefnd tók til starfa 9. október 2008 hefur hún átt gott samstarf við yfirvöld og afhent mikið magn gagna er varða tugi mála sem hafa verið í athugun hjá yfirvöldum. Um er að ræða ýmis viðskipti sem í einhverjum tilvikum hlaupa á tugum eða jafnvel hundruðum milljarða króna. Athugun skilanefndar hefur meðal annars beinst að lánum til tengdra aðila og stærri viðskiptamanna bankans, óreglulegum viðskiptum og viðskiptum við eða í gegnum dótturfélög bankans erlendis.

Skilanefnd hefur í öllum tilvikum upplýst þar til bær yfirvöld jafnóðum um atvik sem geta gefið tilefni til rökstudds gruns um refsivert athæfi. Rétt er að benda á að skilanefnd er óskýlt að leita eftir slíkri vitneskju umfram það sem leiðir af upplýsingaöflun í störfum hennar.

Skilanefnd Kaupþings hefur veitt aðilum sem unnið hafa að rannsókn mála í kjölfar bankahruns, þ.m.t. sérstökum saksóknara, Fjármálaeftirlitinu, rannsóknarnefnd Alþingis, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra alla þá aðstoð sem óskað hefur verið eftir við rannsókn mála. Jafnframt hefur skilanefnd fúslega veitt fyrrgreindum aðilum greiðan aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem óskað hefur verið eftir. Skilanefnd hefur svarað öllum erindum frá þeim og m.a. útbúið sérstaka aðstöðu til að auðvelda þeim störf sín. Þá hefur skilanefnd boðið rannsóknaraðilum aðgang að upplýsingum og gögnum sem hún hefur aflað og unnið með aðstoð erlendra ráðgjafa sinna.

2.2.5 Endurskipulagning

Markmið endurskipulagningar er ávallt að hámarka líkur þess að endurheimta að fullu útstandandi lán Bankans og vernda hagsmuni hans og virði til framtíðar. Áður en að hafist er handa við endurskipulagningu eru lántakendur greindir ítarlega, og þá eru ýmsir aðrir kostir í stöðunni metnir og ítarlegt mat lagt á hagsmuni annarra kröfuhafa, tryggingarstöðu og fleira.

Í eftirfarandi tilvikum er endurskipulagning talin vænlegur kostur:

- Ónægt greiðsluflæði til að standa við skuldbindingar félagsins; raunverulegt hlutfé er uppuríð og hætta er talin á að stjórnendur hegði sér með óskynsamlegum hætti.
- Mögulegt virði í hlutfé félagsins og Bankinn öðlast lögfræðilegan rétt til eigna þess, t.d. vegna brota á skilmálum samninga.

Eftirfarandi eru mikilvæg hagnýt atriði sem Bankinn tekur tillit til við framkvæmd á fjárhagslegri endurskipulagningu. Finna þarf jafnvægið milli ákveðinna þátta:

- Röskun sem verður á rekstri félagsins við endurskipulagningu og árangurs af henni.
- Kostnað við endurskipulagningu í ljósi þess ábata sem fæst vegna kostnaðarlækkunar til framtíðar og hversu auðvelt yrði að stjórna uppbyggingunni.
- Hvatar fyrir aðra hagsmunaaðila: góður skilningur á framtíðarmöguleikum fyrirtækisins og virði þess eru mikilvæg atriði við endurskipulagningu.

Markmiðið er að setja skuldastöðu fyrirtækis eftir endurskipulagningu aldrei lægra en verðmat (e. enterprise value) þess er.

Árangur af endurskipulagningarvinnu

Í desember 2008 voru 76% evrópska eignasafnsins og 41% norræna eignasafnsins (frá apríl 2009) á athugunarlista eða voru líkleg til þess að verða sett á hann. Á athugunarlistanum eru lán með ófullnægjandi greiðsluflæði til að mæta skuldbindingum og skilmálar samninga hafa verið brotnir (ítrekað). Sum þeirra (a) eru í atvinnugreinum sem hafa orðið illa úti vegna efnahagssamdráttar; eða (b) eru í slæmri stöðu í kjölfar þess að eigendur þeirra lentu í kröggum vegna fjármálakreppunnar og eru því ófærir um að styðja eignir sínar áfram; eða (c) höfðu ranga fjármagnsskipan frá upphafi.


Stór hluti norræna og evrópska lánasafnsins var endurskipulagður á árinu 2009. Í mars 2010 voru aðeins um 27% af evrópska lánasafninu og 12% af norræna safninu enn á athugunarlista. Bankinn notar eftirfarandi skilgreiningar við mat á frammistöðu lánasafnsins.

- *Lán í skilum (e. Performing loans):* Lán til viðskiptavina þar sem fjárstreymi er nægjanlegt til að standa við skuldbindingar, þ.e. til endurgreiðslu á vöxtum og höfuðstólsafborgunum, og engin brot á lánaskilmálum eru fyrir séð.
- *Lán á athugunarlista (e. View list):* Lán til viðskiptavina þar sem fjárstreymi er nægjanlegt til að standa við skuldbindingar, þ.e. til endurgreiðslu á vöxtum og höfuðstólsafborgunum, en skilmálar hafa verið brotnir eða það fyrir séð. Sumir bankar skilgreina þessi lán sem *Lán í skilum*.
- *Lán í vanskilum (e. Watch list):* Lán til viðskiptavina þar sem fjárstreymi er ónægt til að endurgreiða lán, þ.e. hvorki vexti né höfuðstólsafborganir og skilmálar hafa ítrekað verið brotnir.

Myndirnar hér að neðan sýna lánasöfnin á nafnverði miðað við viðkomandi mánuð.

Aukning frammistöðu lána á árinu 2009 er að miklu leyti árangur víðtækrar endurskipulagningar, virkrar eignastýringar, skilmálabreytinga og betri markaðsaðstæðna á síðari helmingi ársins. Óniðurfærð staða lána til viðskiptamanna hefur tekið mið af breytingu lána í eigið fé. Breyting lána í eigið fé á árinu 2009 nam 81 milljarði króna (80 milljarðar króna í evrópska lánasafninu og 1 milljarður í norræna lánasafninu).

Evrópska lánasafnið*



Upphæðir eru í milljörðum króna.

* Mosaic Fashions (í greiðslustöðvun) og fjármögnun Bankans á NoHo Square (fasteignaverkefni) þar sem Bankinn á allt eigið fé í verkefninu eru ekki talin með í tölunum að ofan.

** Byggt á verðmati fjárhagsupplýsinga miðað við 31. desember 2009.


Lækkun frammistöðu lána í evrópska lánasafninu á fyrsta ársfjórðungi 2010 úr 76% í 73% er einkum vegna:

- Höfuðstólsafborgana lána í skilum að upphæð um 11.5 milljarða króna
- Flutnings lána til Arion banka (9 milljarðar króna miðað við óniðurfærða stöðu) sem hluti af eiginfjárframlagi til Arion banka
- Styrkingu krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum

Breyting lána í eigið fé nam um 80 milljörðum króna og er lykilþáttur í aukningu lána í skilum á árinu 2009 og stuðlar að lækkun á óniðurfærðri stöðu á árinu 2009.

Á síðasta ársfjórðungi 2009 voru fluttar hrakvirðiseignir aftur til Bankans frá Arion banka sem hluti af samningi milli bankanna. Þessar eignir hafa lágt gangvirði en stundum háa óniðurfærða stöðu. Heildarvirði hrakvirðiseigna er metið óverulegt hinn 31. desember 2009 en skilanefnd telur mögulegt að endurheimta nokkrar milljónir evra vegna þeirra. Flutningur hrakvirðiseigna til baka til Bankans var hluti af markmiði skilanefndar til að tryggja að virði allra eigna Bankans yrði hámarkað. Þessi flutningur skýrir aukningu lána í vanskilum á milli september 2009 og desember 2009.

Norræna lánasafnið



Tölur eru í milljórdum króna.

* Byggt á verðmati fjárhagsupplýsinga miðað við 31. desember 2009.

Frammistaða lána á fyrsta ársfjórðungi var óbreytt þrátt fyrir:

- Höfuðstólsafborganir (einkum lán í skilum) að upphæð um 4.5 milljarða króna á fyrsta ársfjórðungi 2010
- Flutning lána að verðmæti 21 milljarður króna miðað við óniðurfærða stöðu til Arion banka sem hluti af eiginfjárframlagi í janúar 2010

Ef að frammistaða fyrir desember 2009 er leiðrétt miðað við fjármögnun Arion banka eru lán í skilum að aukast úr 75% í 77% á fyrsta ársfjórðungi 2010.

Meirihluti lána í Norræna lánasafninu voru flutt til Bankans frá viðkomandi löndum á fyrsta ársfjórðungi 2009. Bankinn hefur öðlast ráðandi hlut í nokkrum félögum og til að tryggja að sjónarmið Bankans sem hlutafjareigandi fái hljómgrunn hefur hann tilnefnt stjórnarmenn, en að auki eru hagsmunir Bankans varðir með því að áfram sitji stjórnarmenn sem hafa fagþekkingu og reynslu í þeim rekstri sem um ræðir. Í nokkrum tilvikum hefur virði hlutafjár nú þegar aukist. Breyting lána í eigið fé er skilgreint sem *Hlutabréf* í fjárhagsupplýsingum Bankans.

Bankinn hefur ráðið utanaðkomandi ráðgjafa til aðstoðar í öllum helstu endurskipulagningarverkefnum sínum. Um er að ræða fjármálaráðgjafa, lögfræðiráðgjafa, ráðgjafa á sviði fasteigna, smásölusérfræðinga, bókhaldara, endurskoðendur ofl. í viðkomandi löndum, eftir því hvers eðlis verkefnið er. Kostnaður vegna þessara aðila er í flestum tilvikum greiddur af viðkomandi lántaka.

Endurskipulagning eigna – dæmi

Eftirfarandi eru nokkrar af þeim endurskipulagningum eigna sem Bankinn hefur lokið. Upptalningin er ekki tæmandi.

Aurora Fasions / Mosaic Fasions

Bankinn og fyrrum stjórnendur Mosaic Fasions stofnuðu Aurora Fasions Limited (Aurora) til að yfirtaka verslunardejurnar Karen Millen, Coast, Warehouse og Oasis, sem áður voru í eigu Mosaic Fasions Limited (Mosaic). Þeir umsjónaraðilar í greiðslustöðvun sem skipaðir voru yfir Mosaic Fasions seldu Dune hluta Shoe Studio við eignaskiptingu og Debenhams hluta af Principles. Erlendir ráðgjafar, svo sem Deloitte, DLA Piper og BDO Stoy Hayward, veittu mikla aðstoð við þessa framkvæmd.

Tekjur Mosaic höfðu rýrnað mjög vegna samdráttar í Bretlandi og félagið hefur átt í fjárhagserfiðleikum. Eftir tilraunir til að endurskipuleggja reksturinn í samráði við lykilaðila, ákvað stjórn Mosaic á fundi þann 1. mars 2009 að fara fram á að félagið yrði sett í greiðslustöðvun. Slíkt var nauðsynlegt þar sem ljóst virtist að Mosaic gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kröfuhöfum. Enn fremur höfðu tilraunir til að endurskipuleggja reksturinn til að tryggja áframhaldandi starfsemi mistekist.

Sem stendur er Aurora fjárhagslega traust félag með minni fjármagnspörf og er vel í stakk búið að mæta þörfum smásölumarkaðarins. Hið nýja skipulag mun gera kleyft að efla þessi vörumerki með því að leggja meiri áherslu sveigjanlegri rekstrarkostnað m.a. með því að lækka fastan kostnað.

Þessar ráðstafanir hafa heppnast vel þó að rekstrarumhverfi fyrir verslunardeður í Bretlandi sé krefjandi. Markmiðið er að halda áfram að draga úr skuldum, en reyna jafnframt að viðhalda væntu virði félagsins, ef og þegar markaðurinn nær sér á strik. Skilanefnd er þess fullviss að Bankinn mun endurheimta verulegar upphæðir þegar þessar aðgerðir félagsins fara að skila árangri.

Aurora Fashions hefur skilað rekstrarniðurstöðu fyrir 11 mánaða tímabil sem lauk 30. janúar 2010. Sölutekjur félagsins á alþjóðavísu námu GBP 661 milljón á fyrstu 11 mánuðum starfseminnar og EBITDA var GBP 38,6 milljónir. Aðrar lykiltölur úr uppgjörinu eru:

- Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam GBP 303.7 milljónum
- Rekstrarhagnaður af starfseminni var GBP 22.6 milljónir
- Niðurgreiðsla skulda að andvirði GBP109 milljónir
- Netsala jókst um 23%
- Sölutekjur erlendis jukust um 10%
- 150 nýjar búðir og sölustaðir opnaðir erlendis
- Gengisvörn að fjárhæð GBP 175 milljónir tryggð
- Möguleiki á að fá bankaábyrgðir endurvakin

Nánari upplýsingar um rekstrarniðurstöðu og starfsemi Aurora Fashions er að finna á heimasíðu fyrirtækisins: www.aurorafashions.com.

All Saints

Bankinn hefur komist að samkomulagi við stærstu hluthafa bresku verslunardejunnar All Saints, sem vilja styrkja stöðu félagsins sem leiðandi vörumerki á breskum markaði. All Saints var stofnað árið 1994 og árið 2003 keypti Kevin Stanford félagið en þá var velta þess var innan við 5 milljónir breskra punda. Síðan þá hefur félaginu verið umbreytt í vörumerki sem hefur sterka stöðu á öllum helstu verslunargötum Bretlands. Félagið hefur vaxið mjög mikið, bæði aukið tekjur sínar og sýnt umtalsverða hagnaðaraukningu á milli ára (e. like-for-like performance) við erfiðar markaðsaðstæður. Bankinn telur það eiga góða möguleika þrátt fyrir erfiðar aðstæður á smásölumarkaði í Bretlandi. Þetta gerði fyrirtækinu enn fremur kleift að tryggja 30 milljóna punda endurfjármögnun skulda og styrkir reksturinn í Bretlandi og á alþjóðlegri grundu. Þetta samkomulag eyddi óvissu um eignarhald og fjármögnun félagsins og gerir því kleift að halda áfram að vaxa hratt og dafna.

Fyrrum lóð Middlesex Hospital

Bankinn hefur hafið sölufarli á lóð Middlesex-sjúkrahússins í miðborg London. Á Middlesex-sjúkrahússlóðinni er samþykkt skipulag fyrir tæplega 84 þúsund fermetra íbúðar- og skrifstofuhúsnæði hannað af MAKE arkitektum. Í kjölfar ítarlegrar endurskoðunar á áætlun varðandi lóðina réð Bankinn ráðgjafafyrirtækið CB Richard Ellis til að sjá um sölu á lóðinni. Í ljósi betri markaðsaðstæðna og mikils áhuga ákvað Bankinn að setja lóðina í formlegt sölufarli.

Frá upphafi hefur Bankinn fylgt skipulögðu ferli við ákvarðanir sem eru teknar vegna mögulegrar ráðstöfunar eigna. Middlesex-lóðin er í því ferli eins og aðrar eignir sem hafa verið seldar (sjá nánar kafla 2.2.2 *Lán í virkri eignastýringu – Ferli og verklag*). Tilkynning um sölufarlið var birt þann 2. mars 2010 á heimasíðu Bankans, www.kaupthing.com, og einnig í kröfuhafaskýrslu Bankans 9. mars 2010. CBRE var ráðið til að sjá um sölufarlið í ljósi ítarlegrar þekkingar þeirra á lóðinni og fyrra samstarfs með Bankanum á seinni helmingi ársins 2009 sem ráðgjafi. Fullnægjandi álit á ráðningarsamningnum frá reyndum þriðja aðila var fengið. Fyrstu tilboð voru lögð fram 18. maí 2010. Möguleikar sem enn eru í

skoðun fela í sér beina sölu eða sölu með hagnaðarskiptingu. Jafnframt eru skoðaðir möguleikar á samstarfi með fleiri aðilum.

Huurre Group Oy

Bankinn studdi ákvörðun um meiri háttar endurskipulagningu á Huurre Group Oy, leiðandi kælítækniyfirtæki í Norður Evrópu með höfuðstöðvar í Finnlandi, til að styrkja fjárhagslega stöðu félagsins í yfirstandandi efnahagslæggð. Endurskipulagningin hefur leitt til þess að eiginfjárlutfall félagsins hefur batnað til muna. Samtímis hafa lán félagsins verið framlengd og lokagjalddagi færður aftur um þrjú ár sem tryggir fjármögnun félagsins til miðs árs 2012. Í kjölfar endurskipulagningarinnar er fyrirtækið 100% í eigu Bankans. Utanaðkomandi ráðgjafar voru notaðir til aðstoðar. PwC tók þátt í verðmati og næmnigreiningu. Deloitte veitti ráðgjöf um skipulag og skattamál og Olswang & Borenius veittu lögfræðiráðgjöf og ráðgjöf vegna skjalagerðar.

Bay Restaurant Group Limited og Town & City Pub Company Limited

Plato Company 3 Ltd á 100% hlut í félögunum Bay Restaurant Group Limited og Town & City Pub Company Limited. Samstæðan var mjög skuldsett og Bankinn átti umtalsverðan hluta þeirra skulda eða u.þ.b. 60%. Afgangur skuldanna var í eigu annars banka. Samstæðan komst að samkomulagi við bankana á skiptum skulda fyrir eigið fé sem minnkaði skuldir samstæðunnar um u.þ.b. 90 milljónir punda. Þessi endurskipulagning gerir félögunum kleift að einbeita sér að rekstri sínum við erfiðar markaðsaðstæður. Eftir endurskipulagninguna er Bankinn stór hlutafi í samstæðunni. Bæði fyrirtækin hafa staðið sig vel á yfirstandandi ári og hefur rekstur þeirra beggja gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í þessu ferli veitti PwC aðstoð vegna skipulags og skattamála og Slaughters & May ráðgjöf um lögfræðileg atriði og skjalagerð.

PMS properties

Bankinn hefur lokið endurskipulagningu á eignasafni sem inniheldur tólf eignir í Svíþjóð að verðmæti 1,1 milljarðs sænskra króna. Ellefu þeirra eigna voru endurfjármagnaðar í samvinnu við fyrrum eigendur, P.M.S. Group Ltd. í Ísrael, en ein eign var endurfjármögnuð vegna gjaldþrotameðferðar. Að frumkvæði Bankans hefur þessi endurskipulagning tryggt umtalsvert hlutfjárframlag eigenda og skipulag sem byggir á skiptingu hagnaðar. Gjald dagar lánanna eru innan fimm ára og í samningum eru greiðsluhvatar fyrir lántakendur.

Celsius portfolio

Bankinn hefur komist að samkomulagi við hluthafa Celsius eignasafnsins um að framlengja gjalddaga á 142 milljóna evra láni um 24 mánuði. Eignasafnið inniheldur franskar eignir sem eru með langtíma leigusamninga, eins og Carrefour og Arriva. Safnið hagnast á stöðugum leigutekjum sem gerir því kleift að endurgreiða að fulla vexti og hluta afborgana á tímabilinu. Bankinn telur þessa niðurstöðu góða fyrir Bankann og hluthafa Celsius þar sem eignaverð er líklegt til að hækka í náinni framtíð.

Acta

Á árinu 2007 veitti Kaupthing Bank Sverige AB lán að upphæð 1.2 milljarða sænskra króna til um 3.200 viðskiptavina Acta Kapitalförvaltning til að fjárfesta í skuldabréfum sem gefin voru út af Lehman Brothers Treasury Co. B.V. og tryggð af Lehman Brothers Holdings Inc. Viðskiptavinir fengu ráðgjöf frá Acta, utanaðkomandi þriðja aðila. Þessi lán voru flutt til Bankans frá dótturfélagi í Svíþjóð þegar það var selt til Ålandsbanken. Í febrúar 2010 gerði Bankinn samning við Acta sem felur í sér tilboð til viðeigandi viðskiptavina.

Tilboðið felur í sér eftirfarandi atriði:

- Endurgreiðsla 60% af nafnvirði.
- Flutningur Lehman bréfa til Kaupþings. Virði bréfanna við viðskiptin var miðað við 30% af nafnvirði.
- Virði til Kaupþings af samþykktum tilboðum á þeim tíma sem tilboðið var gert er metið á um 90% af nafnvirði lánanna.
- Fyrir þá viðskiptavinir sem samþykktu tilboðið, var lokadegi frestað í þrjú mánuði. Kaupþing mun setja í innheimtuferli skuldir þeirra viðskiptavina sem ekki samþykktu tilboðið miðað við upphaflegar lánsfjárhæðir (sem eru á gjalddaga á fyrri helmingi ársins 2010).
- Viðskiptavinir sem samþykkja tilboðið skuldbinda sig til að fara ekki í mál gegn Acta, Kaupþingi eða Ålandsbanken.

Þann 11. maí 2010 höfðu um 85% samþykkt tilboðið hvort sem litið er til fjárhæða eða fjölda.

Miðað við flutningsvirði lánanna til Kaupþings og núverandi markaðsvirði Lehman Treasury skuldabréfa og að tekið sé tillit til annarra tengdra viðskipta mun samþykkt tilboð leiða til u.þ.b. fullra endurheimta fyrir Bankann.

2.2.7 Skýrsla Morgan Stanley um verðmat og endurskipulagningarverkefni Bankans

Morgan Stanley er aðalfjármálaráðgjafi Bankans og hefur tekið saman skýrslu um eignaverðmat og yfirlit yfir endurskipulagningarvinnu Bankans. Í skýrslunni var mat lagt á eignaflokka miðað við árslok 2009 og þar að auki mögulega virðisaukningu. Enn fremur var mat lagt á endurskipulagningarverkefni sem Bankinn hefur framkvæmt síðan í október 2008.

Í kjölfar birtingar skýrslunnar hefur skilanevnd yfirfarið og greint innihald hennar. Skilanevnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að endurskipulagningarverkefnin hafa verið framkvæmd á traustum og ítarlegum grunni í samræmi við alþjóðlega staðla. Í því felst m.a. að allir möguleikar eru greindir og utanaðkomandi ráðgjafar eru kallaðir til eftir þörfum og því sé engin ástæða til að gera breytingar á ferlinu.

Meðlimir kröfuhafaráðsins og aðrir kröfuhafar, sem hafa skrifað undir trúnaðarsamninga, með verulega og gilda hagsmuni hafa aðgang að ítarlegri samantekt á skýrslu Morgan Stanley, að því gefnu að þeir skrifi undir skaðleysisbréf (e. Hold Harmless Letter) við Morgan Stanley og trúnaðarsamning við Bankann.

Meðlimir kröfuhafaráðsins og aðrir hópar kröfuhafa með verulega hagsmuni eiga þess kost að skipa sjálfstæða fjármálaráðgjafa sem hafa fullan aðgang að skýrslu Morgan Stanley og geta átt fyrirsprungafund með Morgan Stanley.

2.2.8 Endurgreiðslur og seldar eignir

Bankinn er ekki á virkan hátt að leitast við að selja eignir og hefur staðfastlega neitað öllum tilboðum um sölu á hrakvirði. Frá október 2008 hafa 35 lán verið innheimt sem nemur um 70 milljörðum króna, þar af hafa 28 lán verið greidd að fullu að upphæð um 55 milljarða króna.

Ársfjórðungur	Fjöldi lána	Endurgreiðsla	Endurheimtur %
1. fj. 2010	5 lán	9.231	94,1%
4. fj. 2009	8 lán	22.313	97,2%
3. fj. 2009	5 lán	7.621	100,0%
2. fj. 2009	12 lán	9.619	95,5%
4. fj. 2008	5 lán	21.153	78,4%
Samtals	35 lán	69.938	90,3%

Vegið meðaltal á endurheimtum uppgreiddra og seldra lána á árinu 2009 nema 97%. Í heildina frá október 2008 hefur vegið meðaltal á endurheimtum uppgreiddra og seldra lána verið 90.3%.

2.3 Afleiður

Yfirlit

Það eru samtals 149 erlendir mótaðilar í afleiðusamningum sem skiptast með eftirfarandi hætti:

- 103 ISDA-mótaðilar (í 92 ISDA-samningum, þar sem í sumum tilvikum eru fleiri en einn aðili að sama samningi)
- 32 mótaðilar utan ISDA, þ.e. samningar með almennum skilmálum og skilyrðum
- 14 mótaðilar innan samstæðu, þ.e. útibú eða dótturfélög Bankans

Fjöldi viðskipta við erlenda mótaðila er undir 1000. Langflest viðskiptanna voru gerð á grundvelli ISDA-samninga þar sem samningum hefur verið sagt upp af hálfu mótaðila.


Það eru 224 innlendir mótaðilar í afleiðusamningum sem skiptast með eftirfarandi hætti:

- 14 ISDA-mótaðilar (að mestu innlendir fjármálastofnanir en einnig nokkur stór fyrirtæki)

- 195 mótaðilar utan ISDA, þ.e. samningar með almennum skilmálum og skilyrðum
- 15 mótaðilar innan samstæðu, þ.e. útibú eða dótturfélög Bankans

Fjöldi viðskipta við innlenda mótaðila er minni en 1.600. Langflest viðskiptanna voru gerð á grundvelli almennra markaðssamninga en lítill fjöldi samkvæmt ISDA skilmálum.

Framvinda til dagsins í dag



Ráðning ráðgjafa

Skilanefnd hefur ráðið Alvarez & Marsal („A&M“) til að hafa umsjón með heildaruppgjöri og lokun afleiðslusafnsins og leggja fram áætlun til að tryggja að hámarksheimtur náist á safninu. Erlendu ráðgjafarnir munu styrkja það teymi sérfræðinga hjá skilanefnd sem hefur unnið að verkefninu hingað til og utanaðkomandi verðmatssérfræðingar munu einnig koma að verkefninu. Að auki hefur viðskiptalögfræðistofan Olswang verið fengin til að veita lögfræðilega ráðgjöf í tengslum við uppgjör á afleiðusafni Bankans.

Verkáætlunin

Gerð hefur verið áætlun sem fylgt er nákvæmlega, og er mótaðilum raðað í forgangs röð eftir mikilvægi þeirra. Skilgreindir hafa verið fjórir verkþættir í tengslum við endurheimtur afleiðusafnsins: Samstarf við mótaðila, matsvinna, lögfræðileg verkefni og bakvinnsla- fjárstýring. Enn fremur var greint á milli aðila sem eru undir ISDA-samningum (aðallega erlendir mótaðilar) og þeim sem eru undir almennum skilmálum Bankans (aðallega innlendir mótaðilar).

Að hverjum verkþætti vinna fyrst og fremst starfsmenn Bankans og njóta þeir aðstoðar utanaðkomandi ráðgjafa þegar þörf er fyrir sérfræðikunnáttu. Í öllum þessum verkþáttum er unnið samkvæmt nákvæmri áætlun að lausn mála, m.a með kerfisbundnu eftirliti með afköstum og úttektum til að tryggja að allir þættir eru skoðaðir og yfirfarðir til að komast að upphafsverðmati. Þegar lögfræðileg úttekt og verðmatsgreining hafa farið fram er hver einstök tillaga send framkvæmdarstjórn Bankans til samþykkis áður en áfram er haldið. Ferlinu má skipta í tvo þætti, að fyrstu áður en að samskipti við mótaðila hefst og í öðru lagi áður en að samningaviðræður vegna uppgjors hefst. Að lokum þegar að samkomulag hefur verið náð við mótaðila um verðmat sem þarf að fá samþykki skilanefndar og/eða slitastjórnar Bankans.

Eftirlit og umsjón með þessu ferli er í höndum framkvæmdarstjórnar Bankans sem þarf að samþykkja mikilvægar aðgerðir í samskiptum við mótaðilana, þ.e. áætlun um endurheimt fjármuna, upphaf samskipta, samkomulag við mótaðila um greiðsluupphæð og ákvörðun um lögsókn. Mótaðilinn gerir einnig úttekt á málinu.

Opnar stöður

Opnir afleiðusamningar þar sem mótaðilar eru bæði erlendir og innlendir aðilar eru tæplega 200 talsins. Þessir samningar eru að mestu leyti einfaldir (e. plain vanilla) vaxtaskiptasamningar (e. IRS) og

langtíma gjaldmiðlaskiptasamningar við mótaðila utan ISDA-samninga. Sett hefur verið upp ferli þar sem opnar afleiðustöður eru yfirfarnar og ákveðið hvort þeim verður haldið opnum eða þeim lokað með það að markmiði að hámarka endurheimtur þeirra.

Uppfærð staða

Farið hefur verið yfir öll helstu forgangsmálin og aðgerðir eru hafnar eftir því sem við á. Helstu álitæfni sem hafa komið upp í ferlinu eru:

- Mikið misræmi í hvaða gengi íslensku krónunnar mótaðilar nota sem leiðir til flóknari greiningarvinnu og samningaviðræðna
- Endurmat á flóknum fjármálagerningum (e. exotic structured)
- Skuldajöfnun er oft lykilatriði í samningaviðræðum og hvert einstakt mál krefst ítarlegrar skoðunar með tilliti til íslenskra laga
- Strangt innra ferli við ákvarðanatöku og skilyrði fyrir samþykki
- Fleiri lagaleg ágreiningsmál en búist var við þar sem lagalegum fordæmum eru í mörgum tilvikum ekki til að dreifa.

Haft hefur verið samband við alla helstu mótaðilana og samningaviðræður eru í gangi eða á lokastigi hvað varðar samþættingu gagna við mótaðila. Af þeim málum sem ekki hafa verið leidd til lykta eða mótaðilar eru í gjaldprotameðferð, skiptast málin á eftirfarandi hátt (% af virði):

- 25% eru flókin mál sem líklegt er að taki langan tíma til að leysa (skuldajöfnun, flóknir fjármálagerningar, mikill fjöldi viðskipta)
- 43% eru einfaldari mál en vandkvæðum bundin vegna skuldajöfnunar sem mun tefja fyrir málalokum
- 2% eru í lagalegum farvegi og í málaferlum sem staðið hafa yfir í 18 mánuði eða lengur, þessi fjöldi mun að öllum líkindum aukast
- 30% ættu að ganga eðlilega fyrir sig.

2.4 Yfirlit yfir útibú og dótturfélög Bankans

Töluverð vinna hefur átt sér stað á vegum skilanevndar erlendis við að: i) tryggja framtíðarrekstur rekstrareininga, ii) endurskipuleggja og selja rekstrareiningar, iii) loka rekstrareiningum. Enn fremur hefur skilanevnd eða fulltrúar hennar verið skipaðir til að taka við skyldum fyrri fulltrúa Bankans í þeim dótturfélögum þar sem Bankinn hefur enn virk yfirráð.

2.4.1 Dótturfélög: Núverandi staða

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir stöðu starfandi dótturfélaga Bankans. Þetta eru félög sem talin eru upp í skýringu 19 í kafla 2.1.3. Skýringar við verðmat eigna auk Arion banka en Bankinn eignaðist 87% hlutfjár í Arion banka í Janúar 2010.

Nafn dótturfélags	Núverandi staða
Arion banki	Starfandi og 87% hlutfjár í eigu Bankans.
FIH	Starfandi og í eigu Bankans.
Kaupthing Mortgage Institutional Investor Fund	Starfandi og í eigu Bankans.
Norvestia	Starfandi og 32.7% í eigu Bankans. Bankinn ræður yfir 56% atkvæðisréttar í félaginu.
NBS Diversified Credit Fund	Í úrlausnarferli og í eigu Bankans.
Kaupthing Bank Sweden	Að hluta til selt og að hluta lokað og eignir fluttar til Bankans
Kirna	Eignarhaldsfélag í eigu Bankans
Önnur	Fyrirtæki í eigu Bankans sem eru í afskráningarferli.

Nánari umfjöllun um stöðu dótturfélaga er að finna hér að neðan.

Arion banki, viðskiptabanki með starfsemi á Íslandi er dótturfélag Bankans. Þann 6. október 2008 voru samþykkt neyðarlög á Alþingi sem heimiluðu FME að grípa til sérstakra ráðstafana og taka yfir rekstur fjármálafyrirtækja með það að markmiði að bregðast við óvenjulegum aðstæðum á íslenska fjármálamarkaðnum. Í samræmi við framangreind lög tilnefndi FME skilanevnd til að fara með rekstur Bankans þann 9. október 2008. Þann 21. október 2008 gaf FME út ákvörðun *Fjármálaeftirlitsins* um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Arion banka. FME greip til þessara ráðstafana til að tryggja áframhaldandi starfsemi Banka og greiðslumiðlunar í landinu.

Samkvæmt ákvörðun FME tók Arion banki yfir öll innlán Bankans og jafnframt megnið af eignum Bankans sem tengjast starfseminni á Íslandi, svo sem lán og aðrar kröfur. Aðrar eignir og skuldir urðu áfram í Kaupþingi og þar með undir stjórn skilanevndar.

FME réð Deloitte til að framkvæma óháð mat á hreinni eign Arion banka og Oliver Wyman til að samræma matsferlið og endurskoða matið. Mat Deloitte á hreinum eignum og endurskoðun Oliver Wyman tók lengri tíma en áætlað var í upphafi en lauk í lok apríl 2009.

PwC endurskoðaði flutning eigna og skulda til Arion Banka til að tryggja að hann hafi farið fram í fullu samræmi við ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda. Niðurstaða PwC var sú að nokkrar eignir sem fluttar voru yfir til Arion Banka hefðu átt að vera um kyrrt í Bankanum. Þetta var leiðrétt og leiddi til stækkunar á fyrirtækjalánasafni Bankans. Þess ber að geta að allt sjóðsstreymi til og frá viðkomandi eignum, síðan ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda var tekin, var leiðrétt á milli bankanna.

Skilanefnd studdi þessar breytingar þar sem þær eru í fullu samræmi við ákvörðun FME og telur að gæði þessara eigna séu yfir meðallagi í eignasafni Bankans.

Eignir á nafnvirði að upphæð 190 milljarðar króna voru fluttar til baka, þar af voru eignir að nafnvirði um 90 milljarðar óveðsettar. Þessar eignir koma kröfuhöfum til góða en höfðu neikvæð áhrif á uppgjör Bankans vegna Arion banka. Skuldirnar sem tengdust veðsettu eignunum voru allan tímann á efnahagsreikningi Bankans.

Skilanefnd Bankans, ásamt fjármálaráðgjafa sínum, Morgan Stanley og fulltrúum kröfuhafa, samdi við íslenska ríkið sumarið 2009 um tilfærslu eigna og skulda til Arion banka í október 2008. Skilanefnd komst að rammasamkomulagi við íslenska ríkið þann 17. júlí 2009 og skrifaði undir samninga þann 3. september 2009.

Þann 1. desember 2009 tilkynnti skilanefnd um ákvörðun sína um Arion banka. Nefndin ákvað, að höfðu samráði við kröfuhafa og að teknu tilliti til ráðgjafar fjármálasérfræðinga sinna í þessu ferli, að Bankinn skyldi eignast 87% hlutfjár í Arion banka. 13% hlutfjár yrðu áfram í eigu ríkisins. Skilanefnd telur að virkt eignarhald í Arion banka muni hámarka verðmæti þeirra eigna sem fluttar voru milli bankanna. Í samkomulaginu felst að Kaupþing leggur fram 66 milljarða íslenskra króna.

Eignir sem notaðar voru við fjármögnunina má sjá í skýringu 27 í kafla 2.1.3 *Skýringar við verðmat eigna*. Eignirnar voru verðmetnar á því verði sem þær voru fluttar yfir til Arion banka. Verðmatið var framkvæmt af þriðja aðila.

Eignir sem Bankinn notar við fjármögnun Arion banka:

Upphæðir í milljónum króna	Óniðurfærð		
	staða	Markaðsvirði	Flutningur %
Lán til fyrirtækja	29.424	28.771	98%
Önnur lán	107.917	84.054	78%
Reiðufé	14.428	14.428	100%
Skuld við Sí	(61.253)	(61.253)	100%
	90.516	66.000	

Helstu atriði samkomulagsins:

- Bankinn eignast 87% í Arion banka en 13% verða áfram í eigu ríkisins.
- Kaupþing leggur fram allt að 66 milljarða króna í stað ríkisins.
- Arion banki heyrir áfram undir íslensk lög og íslenskar eftirlitsstofnanir og því eru innstæður í bankanum jafn tryggar og þær voru áður.
- Arion banki verður sjálfstætt starfandi dótturfélag Bankans.
- Dótturfélag Bankans, Kaupskil ehf., fer með atkvæðisrétt fyrir hönd Bankans og skipar fjóra fulltrúa í stjórn Arion banka en stjórnvöld einn.

Almennt hlutfé Arion banka nemur um 72 milljörðum króna og eiginfjárþáttur A er 12%. Bankinn hefur skilað jákvæðri rekstrarniðurstöðu frá því hann var stofnaður í október 2008. Með aðkomu skilanefndar verður Arion banki öflugur banki og vel í stakk búinn til að leiða uppbyggingu íslensks efnahagslífs, einstaklingum og fyrirtækjum í landinu til góða. Í samkomulagi við ríkið felst að ríkið leggur Arion banka til víkjandi lán í erlendri mynt sem hækkar eiginfjárgrunn hans í 16%.

Ný stjórn Arion banka var kosin á hluthafafundi bankans 18. mars 2010. Á stjórnarfundi Arion banka sem var haldinn í kjölfarið var Monica Caneman kjörin stjórnarformaður en aðrir stjórnarmenn eru Guðrún Johnsen, varaformaður, Kristján Jóhannsson, Steen Hemmingsen og Theodór S. Sigurbergsson. Varamenn stjórnar eru: Agnar Kofoed Hansen, Jóhannes R. Jóhannsson, Ólafur Helgi Ólafsson, María Grétarsdóttir og Guðrún Björnsdóttir.

Arion banki hélt ársfund þann 20. maí 2010. Á fundinum var Colin S. Smith skipaður sem sjötti maður í stjórn Arion banka.

Við val á stjórnarmönnum var áhersla lögð á að stjórnarmenn hefðu fjölþætta menntun og reynslu á sviði banka- og fyrirtækjarekstrar. Sérstaklega var litið til þess hversu krefjandi aðstæður eru í íslensku efnahagslífi og þeirrar uppbyggingar sem framundan er í atvinnulífinu. Jafnframt þótti mikilvægt að innan stjórnar væru erlendir aðilar með umfangsmikla fagþekkingu. Tveir stjórnarmanna eru erlendir með fjölþætta reynslu af alþjóðlegri fjármálastarfsemi og hvor með sérfræðiþekkingu á sínu sviði. Annar þeirra er stjórnarformaðurinn, Monica Caneman, en hún er fyrrverandi aðstoðarforstjóri Skandinaviska Enskilda Banken (SEB) þar sem hún starfaði um 25 ára skeið. Frá árinu 2001 hefur hún helgað sig setu í stjórnum fyrirtækja. Stjórnin er sú fyrsta sem skipuð er eftir að skilanevnd Kaupþings fyrir hönd kröfuhafa og íslenska ríkið gengu frá samkomulagi um eignarhald Arion banka.

Skipan stjórnar er samkvæmt skilyrðum Fjármálaeftirlitsins um eignarhald Kaupskila á Arion banka, en þau kveða m.a. á um að meirihluti stjórnarmanna þar á meðal stjórnarformaður, skuli vera óháðir Kaupþingi og einstökum kröfuhöfum. Jafnframt sé skilanevnd heimilt að tilnefna einn stjórnarmann úr sínum röðum. Bankasýsla ríkisins skipar stjórnarmann samkvæmt tillögum valnefndar. Í kjölfar skipan stjórnarinnar mun FME meta stjórnarmenn Arion banka með tilliti til þess að þeir uppfylli kröfur stofnunarinnar, m.a. um þekkingu og reynslu af fjármálastarfsemi.

Áður en að stjórn Arion banka var valin, skipaði Bankinn stjórn Kaupskila, sem er eignarhaldsfélag Kaupþings og fer með eignarhald á hlut Bankans í Arion banka. Stjórn Kaupskila skipa Jónína A. Sanders, Knútur Þórhallsson og Reynir Karlsson, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar. Í samræmi við leyfi sem FME veitti 11. janúar sl. er meirihluti stjórnar óháður Kaupþingi, stórum kröfuhöfum og Arion banka, þ.m.t. stjórnarformaðurinn.

Stjórn Arion banka hefur ráðið Höskuld H. Ólafsson í starf bankastjóra Arion banka og mun hann taka til starfa eigi síðar en 1. júní næstkomandi. Höskuldur hefur verið forstjóri Valitor – Visa Ísland síðastliðin fjögur ár en þar áður gegndi hann margvíslegum stjórnunarstörfum hjá Eimskip í 17 ár, hér á landi og erlendis.

Arion banki hefur birt ársreikning fyrir 2009. Afkoma Arion banka á árinu 2009 nam 12,8 milljörðum króna eftir skatta. Arðsemi eiginfjár var 16,7%. Þrátt fyrir erfitt efnahagsástand er enduruppbygging Arion banka vel á veg komin og byggist á sterkum efnahag, góðri lausafjárstöðu og traustri fjármögnun. Frekari upplýsingar um Arion banka, þ.m.t. ársreikning 2009 og samantekt á niðurstöðu ársins 2009 má sjá á heimasíðu Arion banka, www.arionbanki.is.

Þann 16. júní 2010 tilkynnti Hæstiréttur Íslands niðurstöðu sína vegna gengistrygðra bílalána sem skapar óvissu bæði hvað varðar lögfræðileg og fjárhagsleg atriði. Á þessu stigi er ekki ljóst hvort niðurstaðan muni hafa áhrif á Arion banka þar sem ekki er ljóst hvaða lán falla undir dóminn. Enn fremur eru fjárhagsleg áhrif á viðkomandi lán óljós ef nokkur þar sem enn ríkir óvissa um hvort og þá hvaða vextir eða vísitala muni koma í stað erlendar gengisvísitölur. Arion banki hefur metið möguleg áhrif á eiginfjárstöðu sína og lánabók en ekki er mögulegt að meta áhrifin með nokkurri vissu fyrr en Hæstiréttur Íslands hefur dæmt í öðrum svipuðum málum. Frekari upplýsingar má sjá á heimasíðu Arion banka, www.arionbanki.is.


FIH er dótturfélag sem er að fullu í eigu Bankans. FIH er danskur fyrirtækja- og fjárfestingabanki sem veitir heildstæða þjónustu á því sviði og leggur áherslu á lánveitingar til danskra fyrirtækja. Félagið var yfirtekið af Bankanum árið 2004. Félagið er starfhæft og er ekki í sölufæri sem stendur. Bankinn er eini hluthafi FIH og tveir fulltrúar skilanefndar, Steinar Þór Guðgeirsson og Ragnar Árnason prófessor við Háskóla Íslands, eiga sæti í stjórn félagsins. Seðlabanki Íslands tók hlutabréf Bankans í félaginu að veði gegn láni að upphæð 500 milljón evrur. Stjórn FIH hefur sett upp áætlun til að aðlaga og sníða framtíðarstarfsemi FIH að núverandi markaðsaðstæðum í fjármálaheiminum Hluti af þessari aðlögun felst í því að FIH hefur nú lokað deildum sem sinntu hlutabréfaviðskiptum, greiningum og einkabankþjónustu. Ekki var gert ráð fyrir því að þessar deildir myndu skila FIH jákvæðri arðsemi hvorki til skamms tíma litið né ef litið væri til nánustu framtíðar. Í framtíðinni mun FIH leggja áherslu á kjarnastarfsemi sína sem er almenna lánastarfsemi til fyrirtækja, þar sem einnig er nýtt þjónusta tveggja ráðgjafardeilda: Fyrirtækjaráðgjafar FIH Partners og deildar innan FIH sem sérhæfir sig í fjármálalausnum, svo sem ráðgjöf í tengslum við stefnumótaða áhættustýringu og skuldastýringu.

Þann 4. maí 2010 tilkynnti FIH um afkomu sína fyrir fyrsta ársfjórðungi 2010, helstu rekstrarniðurstöður eru:

- Hagnaður fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2010 var 294.4 milljónir danskra króna en hagnaður eftir skatta 200.5 milljónir danskra króna á sama tímabili. Hagnaður tímabilsins er talinn ásættanlegur.
- Nettó vaxtatekjur á fyrsta ársfjórðungi 2010 jukust um 91.5 milljónir danskra króna miðað við sama tímabili ársins 2009 eða 36.7%.
- Væntingar FIH um nettó hagnað fyrir árið 2010 eru uppfærðar í 550 milljónir danskra króna fyrir skatta en 400 milljónir danskra króna eftir skatta.

Nánari upplýsingar um rekstur FIH má finna á www.fih.dk og www.fih.com.

Kaupthing Mortgage Institutional Investor Fund er dótturfélag sem er að 100% í eigu Bankans. Félagið var stofnað árið 2006 með það að markmiði að gefa út sértryggð skuldabréf til að fjármagna húsnæðislánasafn Kaupþings. Sjóðurinn er í skilum með allar sínar skuldir. Undirliggjandi húsnæðislánasafn er þjónustað af Arion banka en sértryggðu skuldabréfin eru þjónustuð af Stefni, dótturfélagi Arion banka. Allir stjórnarmenn eru skipaðir af Stefni og eru óháðir Bankanum.



Sjóðsstreymi: Bankinn greiðir höfuðstól og vexti ársfjórðungslega til fjárfesta og fær sömu upphæð frá KMIIF sjóðnum (víkjandi lán hefur nákvæmlega sömu skilmála og sértryggðu skuldabréfin). Afborganir af húsnæðislánasafninu rennur til sjóðsins.

Norvestia Oyj er finnskt fjárfestingarfélag sem er skráð á markað. Bankinn á u.þ.b. 32% hlutfjár í félaginu og ræður yfir 56% atkvæðisréttar. Skilanevnd skipar tvo fulltrúa í stjórn félagsins. Í fyrstu fékk skilanevnd tilboð í hlut Bankans í Norvestia sem var um 40% lægra en verðmat á eignum félagsins á þeim tíma. Skilanevnd taldi tilboðið óásættanlegt og ákvað að halda hlut sínum í félaginu. Frá þeim tíma hefur Bankinn fengið 3,76 milljónir evra í arðgreiðslur og hlutabréfaverð Norvestia hefur hækkað um 44% frá október 2008. Auk þess hafa fýsilegri tilboð verið móttækin sem gefa til kynna að virði félagsins hafi aukist um u.þ.b. 25 milljónir evra.

Nánari upplýsingar um félagið eru á www.norvestia.fi.

NBS Diversified Credit Fund er írskt félag sem er að fullu í eigu Bankans. Félagið var stofnað árið 2006 í samstarfi við New Bond Street Asset Management og fjárfesti í skuldabréfum og skuldtryggingum. Allar stöður hafa verið seldar eða þeim lokað. Eina eign félagsins er nú reiðufé að upphæð 35 milljónum evra sem geymdar eru í fimm bönkum. Félagið er í afskráningarferli. Skilanevnd hefur engan stjórnarmann í félaginu.

Kaupthing Bank Sweden var dótturfélag sem var að fullu í eigu Bankans. Eftir 9. október 2008 tókst skilanevnd að halda félaginu starfhæfu. Hefði skilanevnd ekki átt samstarf við sænska seðlabankann og sænska fjármálaeftirlitið hefði það verið lagt niður og eignir seldar á „brunaútsölu“ til að ná upp í skuldir. Í staðinn náði skilanevnd að losa sig við vissar eignir á meðan aðrar eignir voru fluttar til Bankans.

Stuttu eftir fall Bankans voru Kaupthing Pension Consulting og Kaupthing Finans AB seld, enda var rekstur þeirra ekki hluti af kjarnastarfsemi Bankans í Svíþjóð og síðarnefnda félagið hefði þurft viðvarandi stuðning í formi viðbótarfjármögnunar. Í lok marsmánaðar gekk skilanefnd frá samningum við Álandsbanken Abp um að hinn síðarnefndi yfirtæki einkabankaþjónustu, markaðsviðskipti og eignastýringu frá Kaupþingi í Svíþjóð.

Í kjölfar opunar útibús Bankans í Stokkhólmi í september árið 2000 tók Bankinn yfir bæði sænska verðbréfafyrirtækið Aragon og JP Nordiska Bank árið 2002. Þessar yfirtökur urðu grundvöllur starfseminnar í Svíþjóð, sem fór stöðugt vaxandi næstu árin. Kaupþing í Svíþjóð bauð upp á heildstæða fjármálaþjónustu til stofnanafjárfesta, félaga og einstaklinga. Í þessu fólst fyrirtækja- og einstaklingsþjónusta, fjárfestingarbankaþjónusta, markaðsviðskipti, fjárfestingarþjónusta, eignastýring og einkabankaþjónusta. Skilanefnd telur samninginn við Álandsbanken góðan fyrir Bankann þar sem söluverðið var ásættanlegt og gerði Kaupthing Bank Sweden kleift að greiða að fullu víkjandi lán til Bankans upp á u.þ.b. 6 milljarða sænskra króna (vegna flutnings eigna upp á u.þ.b. 6 milljarða sænskra króna) og um helming hlutafjár Bankans. Þessi viðskipti losuðu einnig um lausafé hjá Bankanum þar sem sænski seðlabankinn endurgreiddi um 170 milljónir evra sem frystir voru á reikningum hans, sem og íslensk ríkisskuldabréf og skuldabréf sem Íbúðalánasjóður gaf út að upphæð 9,5 milljarðar króna.

Fyrirtækjalánasafnið og ýmis önnur lán voru færð yfir til Bankans sem greiðsla fyrir víkjandi láninu og eru nú undir stjórn eignastýringar Bankans á Norðurlöndum. Þessar eignir falla vel inn í þann eignasjóð sem Bankinn hefur nú yfir að ráða. Lánasafnið myndaði meirihluta eignanna í Svíþjóð.

Innlán Bankans í Svíþjóð hafa verið greidd út til innstæðueigenda. Endurgreiðslan var fjármögnuð með láni frá sænska seðlabankanum en vegna ofangreindrar sölu til Álandsbanken var hægt að endurgreiða lánið strax. Sænski seðlabankinn veitti þetta lán í byrjun október 2008 til að Kaupthing Bank Svíþjóð gæti greitt innstæðueigendum innlán sín. Sænski seðlabankinn var afar samvinnuþýður en endurgreiða þurfti lánið eins fljótt og unnt væri.

Hefði félagið ekki verið selt er hætt við að einungis hefði verið hægt að endurgreiða þau innlán sem þegar höfðu verið greidd og ef til vill lán sænska seðlabankans. En með þessu móti gat Bankinn greitt lán sænska seðlabankans og jafnframt fékkst forræði yfir nokkuð stóru lánasafni sem var áður í eigu dótturfélagsins. Ef félagið hefði farið í gjaldþrot er líklegt að endurheimtir vegna víkjandi lánsins hefðu orðið litlar, hlutaféð í dótturfélaginu orðið verðlaust og óvíst hversu mikið af eignum hefðu skilað sér til baka frá sænska seðlabankanum. Vegna þessara viðskipta tókst að endurheimta eignir sem nema um 800 milljónum evra að nafnvirði.

Skilanefnd hefur einn fulltrúa í stjórn félagsins sem er Örn Guðmundsson aðstoðarframkvæmdastjóri og sviðstjóri yfir Norræna eignasafni Bankans.

Nánari upplýsingar um félagið eru á www.kaupthing.se.

Kirna er íslenskt eignarhaldsfélag sem er að fullu í eigu Bankans. Félagið var stofnað árið 1990 og á 100% útistandandi hluta í fjórum félögum, Aircraft Financing, Haukthing, ISIS Investment og Kaupthing fjármögnun. Skilanefnd hefur að skipa alla fulltrúa í stjórn þessara félaga.

Önnur dótturfélög eru öll að fullu í eigu Bankans. Þeim er verið að loka og eru í afskráningarferli. Heildarverðmat þessara félaga er 3.576 milljónir króna miðað við 31. desember 2009.

2.4.2 Dótturfélög/útibú sem eru í slitameðferð, hefur verið lokað eða eru í afskráningarferli

Taflan hér að neðan gefur yfirlit yfir félög sem eru í slitameðferð, hafa verið lokað eða eru í afskráningarferli.

Nafn félags (dótturfélag/útibú)	Núverandi staða
Kaupthing Singer & Friedlander ("KSF")	Í greiðslustöðvun
Kaupthing Singer & Friedlander (Isle of Man)	Í gjaldprotaskiptameðferð
Kaupthing Bank Luxembourg ("KT Lux")	Hefur verið leystur upp
Kaupthing New York	Hefur verið leystur upp
Kaupthing Kabushiki Kaisha (Japan)	Hefur verið lokað
Kaupthing (Hong Kong)	Í gjaldprotaskiptameðferð
Kaupthing EDGE Austria	Hefur verið lokað og er í afskráningarferli
Kaupthing Bank Finland	Hefur verið lokað og eignir fluttar til Bankans
Kaupthing EDGE Germany	Hefur verið lokað og afskráð
Kaupthing Bank Norway	Í greiðslustöðvun og eignir fluttar til Bankans
Kaupthing Bank Sweden (branch)	Hefur verið lokað og afskráð
Kaupthing Bank Dubai and Qatar	Hefur verið lokað og í afskráningarferli

Bankinn var einnig með útibú á Ítalíu, í Frakklandi, Bretlandi, Hollandi, Spáni og Færeyjum. Engin bankastarfsemi fór fram í þessum útibúum í október 2008 og sá takmarkaði rekstur sem þar var í gangi á þeim tíma hefur verið lagður niður.

Samkvæmt neyðarlögunum eru innlán einstaklinga og fyrirtækja hjá íslenskum fjármálfyrirtækjum forgangskröfur. Þegar tekin er afstaða til þess hvort löggjöfin gildi um innstæðueigendur þá ræðst það af því í hvaða útibúi innlánin voru. Löggjöfin á einungis við um íslensk fjármálfyrirtæki. Bankinn hefur endurgreitt öll innlán í erlendum útibúum sem tilheyra Bankanum, sem skilgreind voru sem forgangskröfur samkvæmt íslenskum lögum.

Nánari umfjöllun um stöðu þeirra útibúa sem eru í töflunni má finna hér að neðan.

Kaupthing Singer & Friedlander ("KSF") var dótturfélag sem var að fullu í eigu Bankans. Bankinn tók félagið yfir árið 2005. KSF var virtur banki í Bretlandi sem bauð upp á heildstæða fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanafjárffesta og einstaklinga. Í þessu fólst fyrirtækjaþjónusta, fjárfestingabankaþjónusta, fjárstýringarþjónusta og yfirgripsmikil einkabankaþjónusta.

Þann 8. október 2008 var KSF sett í greiðslustöðvun (e. administration) og Maggie Mills, Tom Burton, Alan Bloom og Patrick Brazzill frá Ernst & Young í Bretlandi voru skipuð umsjónaraðilar í greiðslustöðvun. Breska fjármálaráðuneytið flutti Kaupthing EDGE UK yfir til ING Group og síðar sama dag setti breska fjármálaeftirlitið félagið í greiðslustöðvun.

Eignir og skuldir KSF eru ekki hluti af búinu og skilanefnd hefur ekki umsjón með þeim Nánari upplýsingar um félagið eru á vefsíðu skiptastjóra, www.kaupthingsingers.co.uk.

Dómstóll í Bretlandi opinberaði þann 20. október 2009 niðurstöðu sína á lagalegri endurskoðun á lögmati ákvörðunar breska fjármálaráðuneytisins vegna flutnings innstæðna af Kaupthing Edge reikningum hjá KSF í október 2008.

Skilanefnd hefur allt frá síðasta hausti verið þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að láta dómstóla skera úr um hvort aðgerðir breskra yfirvalda hafi verið sanngjarnar og lögmætar. Skilanefnd hefur nú fengið niðurstöðu í málinu og hún er sú að ákvörðun breska fjármálaráðuneytisins er talin lögleg. Meginmarkmið þessara málaferla af hálfu skilanefndar var ávallt að draga allar tiltækar upplýsingar fram í dagsljósið til að fá vitneskju um á hvaða grunni breska fjármálaráðuneytið byggði aðgerðir sínar. Þessu markmiði hefur nú verið náð og því hefur skilanefnd ákveðið að aðhafast ekki frekar í málinu.

Afstaða Bankans í málinu vegna beiðnar um lagalega endurskoðun breskra dómstóla byggdist á því að breska fjármálaráðuneytið hefði farið út fyrir valdsvið sitt með aðgerðum gegn KSF. Bankinn hélt því fram að tilmæli um flutning eigna hefðu verið sett í þeim tilgangi að verja innstæðueigendur KSF í Bretlandi en ekki til að viðhalda stöðugleika breska fjármálakerfisins í heild.

Í bráðbirgðaúrskurði frá 3. mars 2009 var úrskurðað að Bankinn gæti haldið áfram með málarekstur og beiðni um lagalega endurskoðun á lögmati ákvörðunarinnar fyrir breskum dómstólum. Á því stigi viðurkenndi dómstóllinn mikilvægi málstaðarins fyrir Ísland.

Í málflytningi sem fór fram hinn 10. júlí 2009 fór lögðu Bankinn og breska fjármálaráðuneytið fram skjöl, vitnisburð og önnur sönnunargögn í málinu.

Það er niðurstaða dómstólsins að þótt gögn málsaðila frá þessum tíma um afskipti breska ríkisins af rekstri KSF séu ekki tæmandi, þá sýni þau að viðbrögð yfirvalda hafi verið í samræmi við ríkjandi viðmið. Dómstóllinn telur að breska fjármálaráðuneytið hafi starfað á grundvelli gildandi lagaheimilda og að engin mistök hafi átt sér stað í ákvörðunarferlinu.

Kaupthing Singer & Friedlander (Isle of Man) Limited var dótturfélag sem var að fullu í eigu Bankans. Félagið stundaði hefðbundna bankastarfsemi sem og eignastýringu fyrir breiðan hóp fyrirtækja og einstaklinga.

Miðvikudaginn 27. maí 2009 úrskurðaði dómstóll á eyjunni Mön að félagið skyldi tekið til gjaldþrotaskipta. Michael Simpson frá PricewaterhouseCoopers og Peter Spratt frá PricewaterhouseCoopers (London) voru í sameiningu skipaðir skiptastjórar yfir búinu.

Eignir og skuldir KSF IoM eru ekki hluti af búinu og skilanefnd hefur ekki umsjón með þeim. Nánari upplýsingar um félagið eru á vefsíðu umsjónarmanna í greiðslustöðvun, www.kaupthingsingers.co.im.

Kaupthing Bank Luxembourg S.A. („KT Lux“) var dótturfélag sem var að fullu í eigu Bankans. *Kaupthing Bank Belgium* og *Kaupthing Bank Luxembourg, Geneva Branch* voru útibú KT Lux. KT Lux bauð einkum upp einkabankþjónustu, sem fól í sér eignastýringu, verðbréfamiðlun, útgáfu kreditkorta og stofnun og umsýslu eignarhaldsfélaga, auk þess sem boðið var upp á almenna innlánsreikninga og lán. Þann 9. október 2008 sótti stjórn KT Lux um greiðslustöðvun (e. suspension of payments status) hjá viðskiptahéraðsdómi í Lúxemborg. Dómstóllinn féllst á ósk KT Lux og fól umsjónarmönnum í greiðslustöðvun að hafa eftirlit með stjórnun bankans. Dómstóllinn tilnefndi Emmanuelle Caruel-Henniaux og Franz Fayot fyrir hönd PricewaterhouseCoopers Luxembourg til þess hafa umsjón með greiðslustöðvuninni. Þessi ákvörðun náði einnig til útibús KT Lux í Belgíu.

KT Lux ásamt stjórn hans settu fram áætlun um endurskipulagningu sem var samþykkt af kröfuhöfum og héraðsdómi í Lúxemborg. Endurskipulagningin hafði í för með sér að KT Lux var skipt upp. Frá 13. júlí 2009 tilheyrir bankastarfsemin Banque Havilland S.A., sem er nýstofnað einkabankafyrirtæki í Lúxemborg. Enn fremur voru sumar eignir og skuldir færðar til verðbréfafyrirtækisins Pillar Securitisation S.à r.l. Vegna þessarar endurskipulagningar var Kaupthing Bank Luxembourg S.A. leystur upp án þess að fara í gegnum gjaldþrotaskipti og er greiðslustöðvunartímabilinu því lokið.

Eignir og skuldir KSF Lux eru ekki hluti af búinu og skilanefnd hefur ekki umsjón með þeim.

Kaupthing New York Inc var dótturfélag sem var að fullu í eigu Bankans og stofnað árið 2000. Aðalstarfsemi félagsins sneri að verðbréfamíðlun og fjárfestingarbankastarfsemi. Fyrirtækið hefur verið leyst upp ásamt tveimur öðrum dótturfélögum Bankans í Bandaríkjunum.

Kaupthing Kabushiki Kaisha (Japan) hefur verið lokað án þess að þurfa að fara í gegnum gjaldþrotameðferð.

Kaupthing (Hong Kong) Limited er í gjaldþrotaskiptameðferð.

Kaupthing EDGE Austria var útibú Bankans. Það var stofnað árið 2008 og bauð upp á samkeppnishæfar lausnir fyrir innstæðueigendur. Innlánseigendur hafa nú fengið endurgreitt. Félaginu hefur verið lokað og er í afskráningarkerfi.

Kaupthing Bank Finland var útibú Bankans. Útibúið starfrækti víðtæka fjárfestingarbankaþjónustu við fyrirtæki, stofnanir og vel stæða einstaklinga. Í kjölfar þess að skilanefnd var skipuð tók fjármálaeftirlitið í Finnlandi yfir stjórn útibúsins þann 9. október 2008.

Nokkrum dögum síðar tókst skilanefnd að koma í veg fyrir að útibúið yrði sett í greiðslustöðvun og að eignir þess yrðu seldar á brunaútsölu og þannig vernda eignasafn Bankans. Í samstarfi við finnsk stjórnvöld samdi skilanefnd um lán til útibúsins frá þremur viðskiptabönkum í Finnlandi sem var að hluta til með ábyrgð finnska ríkisins. Þannig gat útibúið endurgreitt innlán. Tilteknar eignir Kaupþings í Finnlandi voru veðsettar til tryggingar láninu. Eignastýringarhluti útibúsins hefur nú verið seldur, sem og hluti lánasafnsins. Það sem eftir stendur af lánasafninu hefur verið flutt til Bankans á Íslandi og því er nú stýrt af eignastýringarsviði. Útibúinu var lokað í lok janúar. Ef útibúið hefði verið sett í greiðslustöðvun hefðu eignir þess verið seldar til að hægt væri að greiða innstæðueigendum og ekki er líklegt að nokkrar eignir hefðu verið fluttar til Bankans á Íslandi. Skilanefnd telur að þetta hafi verið besta lausnin fyrir Bankann, því með þessu móti var komið í veg fyrir hugsanlega brunaútsölu á eignum og þess í stað tókst að endurheimta eignir að nafnvirði um 107 milljónir evra.

Kaupthing EDGE Germany var útibú Bankans. Það var stofnað árið 2008 og bauð þjónustu fyrir innstæðueigendur. Starfsemin var stöðvuð af þýskum yfirvöldum og eignir útibúsins kyrrsettar af þýska fjármálaeftirlitinu, BaFin. Hinn 22. júní 2009 aflétti BaFin kyrrsetningunni á bankann.

Frá 2008 hefur Bankinn stefnt að því að endurgreiða allar forgangskröfur eins fljótt og mögulegt er og hefur lagt mikla áherslu á að gera upp kröfur við innstæðueigendur hjá útibúinu í Þýskalandi. Bankinn hefur í samvinnu við þýsk yfirvöld lagt gríðarlega vinnu í að tryggja örugga endurgreiðslu til viðskiptavina Bankans.

DZ Bank AG, sem var skipaður sem greiðslufulltrúi fyrir viðskiptavinum útibúsins, lagði hald á 55 milljónir evra sem Bankinn telur að hefði átt að nota til að endurgreiða sparifjáreigendur. Málarekstur er enn í gangi.

Bankinn tilkynnti um miðjan apríl 2009 að nægt fjármagn væri fyrir hendi til að greiða út allar innstæður Edge í Þýskalandi. Um miðjan maí 2009 var ljóst að endurgreiðsluferlið gæti hafist og rúmlega 34.000 innstæðueigendum Bankans í Þýskalandi var sent bréf frá Íslandi.

Hinn 22. júní 2009 hófst endurgreiðsluferlið og því lauk í lok ársins 2009. Endurgreiðslur til Edge innstæðueigenda námu um 322 milljónum evra.

Kaupthing Bank Norway var útibú Bankans. Starfsemi Bankans hófst í Noregi árið 2003, þegar Bankinn eignaðist eignastýringarfélagið Tyren Holding AS. Útibúið bauð upp á víðtæka fjármálaþjónustu, þar með talið eignastýringu, í sér félagi, og einkabankaþjónustu fyrir vel stæða einstaklinga, fjárfestingarbankastarfsemi og markaðsviðskipti fyrir fyrirtæki, stofnanafjórfa og einstaklinga. Auk þess hafði útibúið hafið að veita viðskiptavinum sínum hefðbundna bankaþjónustu, með því að bæta viðskiptabankaþjónustu og fyrirtækjaþjónustu við þjónustuúrvalið.

Þann 11. október 2008 fóru norsk stjórnvöld fram á kyrrsetningu eigna útibúsins og settu starfsemi þess og tengdra félaga í greiðslustöðvun. Með samvinnu við norsk stjórnvöld tókst skilanefnd að koma í veg fyrir að eignir útibúsins yrðu seldar strax, en slíkt hefði að öðrum kosti verið gert til að hægt væri að greiða innlánseigendum. Innstæðutryggingasjóður banka í Noregi hefur þess í stað endurgreitt innlán hjá útibúinu til innlánseigenda. Í febrúar komust skilanefnd og umsjónaraðilar í greiðslustöðvun í

Noregi að vinsamlegu samkomulagi um að losa eignir úr greiðslustöðvun í Noregi. Í kjölfar þess hefur meirihluti fyrirtækjalánasafnsins verið fluttur til Bankans á Íslandi og öðrum eignum bjargað frá yfirvofandi brunaútsölu. Með þessu samkomulagi var einnig komist hjá tímafrekum og mjög kostnaðarsömum samningaumræðum við umsjónaraðila í greiðslustöðvun, og skuldajöfnun í útibúinu. Ef skilanevnd hefði ekki tekist að koma í veg fyrir að eignir útibúsins yrðu seldar strax hefði útibúið væntanlega aðeins getað endurgreitt hluta innlánanna og ekki hefði verið hægt að flytja neinar eignir til móðurfélagsins. Niðurstaðan er sú að komið var í veg fyrir brunaútsölu og hægt var að endurheimta eignir að nafnvirði um 365 milljónir evra.

Kaupthing Bank Sweden var útibú Bankans í Svíþjóð. Þar voru innistæður EDGE í Svíþjóð, sem hafa verið greiddar út, eins og greint hefur verið frá hér frammar um sænska dótturfélagið. Útibúið er í lokunarferli og hefur verið afskráð.

Kaupthing Bank Dubai & Qatar voru tvö útibú Bankans, eitt var í Dubai International Financial Centre og hitt var í Qatar Financial Center. Bæði útibúin voru stofnuð voru árið 2007. Þau lögðu áherslu á að sinna fyrirtækjaráðgjöf á svæðinu sem og að útvega þjónustu á sviði einkabankastarfsemi. Útibúin voru seld til fyrrum starfsmanna og rann söluandvirðið til Bankans.

2.5 Þróun á hlutabréfastöðum

Refresco

Refresco er einn stærsti drykkjarvöruframleiðandi í Evrópu á sviði sérmerktra drykkjarvara, gosdrykkja og ávaxstasafa. Refresco er vel rekið og arðbært félag sem sýnt hefur góðan árangur sem byggir á yfirtökum og innri vexti. Á árinu 2009 námu tekjur Refresco 1.140 milljónum evra, hagnaður fyrir vaxtagreiðslur, skatta og afskriftir (e. EBITDA) nam 120 milljónum evra og nettó skuldir námu 497 milljónum evra. Refresco hefði ekki getað fylgt vaxtarstefnu sinni áfram ef ekki hefði komið til nýtt hlutafé. Ráðandi eigandi Refresco er Ferskur Holding 1 BV, sem er í eigu íslenskra fjárfesta, en þeir eru auk Kaupþings, Vífilfell og Stoðir sem hafa leitt hópinn. Eign Kaupþings var 21.7% fyrir viðskiptin.

Ferskur hóf söluferli á árinu 2008 þar var miðað að því að selja alla hluti íslensku fjárfestanna í Refresco. Rætt var við fjölda fjárfesta. Á árinu 2009 var hætt við ferlið og studdi Kaupþing þá ákvörðun. Skilanevnd taldi að ekki fengist ákjósanlegt verð fyrir hlutinn á þeim tíma. Skilanevnd ákvað því, til að hámarka virði eigna fyrir kröfuhafa, að styðja við stjórnendur Refresco og stefnu fyrirtækisins sem byggist á yfirtökum og innri vexti. Reynsla söluferlisins á árinu 2008 hjálpaði til við að finna sterka, virta fjárfesta sem eigendur telja að gætu orðið verðmætir minnihlutafjárfestar sem skilja styrk félagsins.

Eigendur Refresco og alþjóðlega fjárfestingafélagið 3i gerðu samkomulag í mars 2010 um að 3i kaupi nýtt hlutafé í Refresco, sem nemur 20% af heildarhlutafé félagsins. Verðmæti hlutafjárukningarinnar nemur 84 milljónum evra, um 14,5 milljörðum íslenskra króna, sem verður að fullu nýtt til að styðja við frekari vöxt Refresco. Heildarverðmæti hlutafjárukningarinnar mun verða fullnýtt til að framkvæma frekari vöxt félagsins. Fjárfesting 3i í Refresco lýsir trausti á stjórn Refresco, stefnu fyrirtækisins og meirihlutaeigenda.

Rök og ákvörðun Kaupþings

Miðað við eðlilegar forsendur, er Refresco talið verðmætara ef það heldur áfram stefnu sinni sem hefur verið framkvæmd með árangursríkum hætti. Fjármögnun á yfirtökustefnu félagsins var framkvæmanleg á verðmatshlutfallinu 6.5x EV/EBITDA sem kæmi öllum hluthöfum til góða ef hlutafjárukningin var tekin með í reikninginn. Ferskur hafði ekki tök á að fjármagna stefnu félagsins einn síns liðs.

Búist er við að aðkoma þriðja aðila að Refresco verði til hagsbóta fyrir fjárfestinguna í félaginu sem slíkri:

- Aðkoma 3i leiddi til þess að viðmiðunarverð er komið á eignina, í framhaldinu er líklegra að framtíðarútgönguleiðir verði skoðaðar á grundvelli styrkleika (frekar en veikleika eins og sölutilraunir á árinu 2008);
- Aðkoma 3i kemur í veg fyrir frekari orðróm um óstöðugleika og fjármálaerfiðleika félags sem sé eingöngu í eigu íslenskra fjárfesta í fjárhagsvanda;
- 3i er virtur fjárfestir með gott tengslanet og hefur djúpstæðan skilning á rekstrinum sem byggist á fyrri aðkomu að félaginu.

Refresco hefur metnaðarfull vaxtaráform. Með því að samþykkja 3i sem minnihlutaeiganda fæst inn nýtt hlutafé sem Bankinn telur að muni leiða til frekari verðmætaaukningar fyrir kröfuhafa Bankans til framtíðar án þess að til komi fjárútlát af hálfu Kaupþings.

Tilkynning um viðskiptin með Refresco var birt 25. mars 2010 á heimasíðu Bankans, www.kaupthing.com, og síðar birt í kröfuhafaskýrslu frá 30. apríl 2010. Nánari upplýsingar um Refresco má sjá á heimasíðunni, www.refresco.com.

Storebrand

Í desember 2009 seldi Bankinn hluti sína, 24,7 milljónir talsins, í Storebrand ASA, sem samsvaraði 5,5% af hlutafé félagsins. Söluverðið var ákvarðað í flýtiútboði með áskriftarfyrirkomulagi. Það voru stofnanafjárfestar sem keyptu hlutina. Bankinn og félög tengd honum eiga því ekki lengur hluti í Storebrand.

Hefði hin yfirvofandi eignasala í október 2008 farið fram hefði eign Bankans í Storebrand (um 5,5% útistandandi hluta) verið talin með og fengist hefðu 10 norskar krónur fyrir hvern hlut. En skilanefnd tókst að ná samkomulagi við umsjónaraðila í greiðslustöðvun í Noregi sem gerði Bankanum kleift að halda hlut sínum í rúmlega ár.

Skilanefnd fylgdist náið með hreyfingum á hlutabréfaverði þann tíma. Þegar verð á hlut tók að nálgast 40 norskar krónur leitaði skilanefnd ráða hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum um hugsanlega sölu á hlutunum. Um þær mundir höfðu greiningaraðilar sett markgengi (e. target price) 40 til 45 norskar krónur á hlut, og með markgenginu 40 norskar krónur gat skilanefnd tryggt sér þrefalda þá upphæð sem ella hefði fengist ef norski umsjónaraðilinn hefði gengið frá sölnunni. Þann 1. desember 2009 seldi svo skilanefnd að lokum hluti sína við hagstæða markaðspróun á bréfunum.

Söluverðið var 39 norskar krónur á hlut (aðeins 2,5% afsláttur af 40 norskum krónum á hlut). Verðið var undir 40 norskum krónum á hlut næsta mánuðinn á eftir, en hefur farið hækkandi á undanfórnum vikum.

Hefði norski umsjónaraðilinn selt hlutina síðla árs 2008 hefði söluandvirðið verið 247 milljónir norskra króna eða 25 milljónir evra (skv. gengi í árslok 2008). En þegar skilanefnd seldi hlutina í desember 2009 var söluandvirði þeirra 963 milljónir norskra króna eða 116 milljónir evra (skv. gengi í árslok 2009).

Hagnaðurinn af því að hafa beðið með sölu hlutanna er því um 290% ef miðað er við norskar krónur og 360% ef miðað er við evrur.

Bankinn fékk verðtilboð frá stórum bönkum og verðbréfamiðlunum vegna hugsanlegrar sölu á hlut sínum. Samkomulag var gert við Morgan Stanley sem réð Carnegie og Enskilda til að aðstoða við sölnuna.

2.6 Rekstrarkostnaður

Á töflunni hér fyrir neðan er sýndur rekstrarkostnaður Bankans árið 2009, þ.e. bæði vegna skilanevndar og slitastjórnar. Ástæða hins háa launakostnaðar á fjórða ársfjórðungi er aukinn fjöldi starfsmanna á fjármálasviði, minni úthýsing verkefna til Arion banka og tímabundin aukning starfsmanna meðan kröfulýsingarferlið stóð yfir. Aukinn kostnaður vegna utanaðkomandi ráðgjafa kemur fyrst og fremst til vegna ráðgjafarstarfa í tengslum við afleiðusafnið annars vegar og í tengslum við samkomulagið um Arion banka hins vegar.

(ISKm)	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Samtals
Laun og launatengd gjöld	66	105	137	229	537
Sérfræðikostnaður	406	594	875	1.350	3.225
þar af innlendur	89	171	259	375	894
þar af erlendur	317	423	616	975	2.331
Annar kostnaður	37	76	139	72	324
Samtals	509	775	1.151	1.651	4.086

- Heildarrekstrarkostnaður ársins 2009 var um 0,26% af heildareignum (1.580 milljarðar íslenskra króna á gangvirði miðað við 31. desember 2009), kostnaður vegna rannsóknarvinnu.
- Þóknanaþreiddur af safninu útlán til viðskiptamanna sem numu 1.3 milljörðum króna á árinu 2009 stóðu straum af kostnaði við rekstur eignastýringarsviðsins.
- Kostnaður vegna utanaðkomandi ráðgjafarþjónustu við endurskipulagningu lánasafnsins er í flestum tilvikum greiddur af lántakandendum.

3. Kröfulýsingarferlið

3.1 Slitastjórn

Að beiðni skilaneftndar skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur, þann 25. maí 2009, slitastjórn fyrir Bankann samkvæmt lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í slitastjórn Bankans sitja Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður og aðstoðarmaður í greiðslustöðvun, Feldís L. Óskarsdóttir héraðsdómslögmaður og Davíð B. Gíslason héraðsdómslögmaður. Skilaneftnd og slitastjórn annast í sameiningu starfsemi Bankans, sbr. verkaskiptingu sem gerð er grein fyrir í 3. og 4. lið bráðabirgðaákvæðis V í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Með skipun slitastjórnar var hægt að hefja formlegt kröfulýsingarferli, en skilaneftnd gegnir áfram því hlutverki sínu að verja eignir Bankans til að tryggja að eins mikið og unnt er fáið upp í kröfurnar.

Hér að neðan má sjá skipulag slitastjórnar.



Slitastjórn annast formlegt kröfulýsingarferli, annast allar kröfur sem lýst er á hendur Bankanum og tekur ákvarðanir um afstöðu til þeirra. Slitastjórn bauð kröfuhöfum Bankans að lýsa kröfum sínum skriflega innan sex mánaða frá þeim tíma sem innköllun var birt í *Lögbirtingablaðinu* þann 30. júní 2009. Þar af leiðandi rann kröfulýsingarfresturinn út þann 30. desember 2009. Eftir að fresturinn var liðinn gerði slitastjórn skrá yfir þær kröfur sem höfðu verið lýst. Einni viku fyrir fundinn, þ.e. 22. janúar 2010, fengu kröfuhafar aðgang að kröfuskránni á lokuðu vefsvæði, sem og á skrifstofu slitastjórnar að Borgartúni 26 í Reykjavík. Uppfærður listi yfir lýstar kröfur var birtur á lokuðu vefsvæði fyrir kröfuhafa 15. mars 2010 og síðar þann 11. maí 2010.

Slitastjórn ber að taka sjálfstæðar ákvarðanir um afstöðu til krafna, sem og um röð þeirra og rétt hæð. Þetta ferli er hafið og mun standa yfir næstu mánuðina.

Eftir lok kröfulýsingarfrests hélt slitastjórn kröfuhafafund. Fundurinn var haldinn föstudaginn 29. janúar 2010. Á fundinum veitti slitastjórn upplýsingar um afstöðu til krafna sem hafði verið tekin afstaða til.

Framhaldsfundur var haldinn 18. maí 2010 þar sem slitastjórn kynnti kröfuhafaskrána og frekari afstöðu til krafna sem teknar hafa verið af slitastjórn til þess dags. Miðað við byrjun júní 2010 hafði kröfum upp á 715.134.935.928 króna verið samþykkt. Heildarupphæð lýstra krafna eftir leiðréttingar eru 6.895 milljarðar króna.

Vegna hins mikla fjölda krafna sem lýst var í Bankann hefur þurft að fresta ákvörðunum um tiltekna kröfur. Framhaldsfundur með kröfuhöfum verður haldinn þann 18. maí. Á þeim fundi kynnti slitastjórn afstöðu sína til þeirra krafna sem lýst var samkvæmt greinum 109, 110, 111 og 112 gjaldþrotalaga, sem ekki var búið að fara yfir fyrir. Slitastjórn gerir enn fremur ráð fyrir öðrum framhaldsfundum með kröfuhöfum 21. september 2010 og 3. desember 2010. Slitastjórn mun leggja áherslu á að afstaða til allra krafna liggja fyrir áður en sá fundur verður haldinn. Samkvæmt lokasetningu 1. mgr. 119. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., verður engin afstaða tekin til víkjandi krafna.

3.2 Samantekt á lýstum kröfum

Alls eru nú tæðlega 28.000 kröfur skráðar á lista yfir lýstar kröfur á hendur Bankanum. Kröfur sem bárust eftir að fresturinn rann út voru ekki skráðar í kröfuskrána.

Þann 31. desember 2009 voru heildarkröfur sem lýst var á hendur Bankanum 7.316 milljarða króna. Hins vegar í byrjun júní 2010 nam heildarfjárhæð lýstra krafna eftir leiðréttingar og afturköllun krafna 6.895 milljarða króna. Ástæða þessarar lækkunar má rekja til breytinga krafna frá kröfuhöfum, tvískráningu krafna og afturköllun á kröfum.

Heildarfjárhæð krafna sem lýst var samkvæmt 109. gr.	180.080.721.273
Heildarfjárhæð krafna sem lýst var samkvæmt 110. gr.	398.506.301.334
Heildarfjárhæð krafna sem lýst var samkvæmt 111. gr.	305.032.623.765
Heildarfjárhæð krafna sem lýst var samkvæmt 112. gr.	827.235.906.787
Heildarfjárhæð krafna sem lýst var samkvæmt 113. gr.	4.629.521.839.050
Heildarfjárhæð krafna sem lýst var samkvæmt 114. gr.	555.109.742.129
Heildarupphæð krafna sem lýst hefur verið:	6.895.487.134.338

Heildarfjárhæð forgangskrafna sem lýst var undir greinum 109-112 nema 1.710.855.553.158 krónum.

Eins og sést hér að ofan nam heildarfjárhæð lýstra krafna á hendur Bankanum um 6.895 milljörðum króna í byrjun júní 2010, miðað við gengi Seðlabanka Íslands þann 22. apríl 2009. Heildarfjárhæð lýstra krafna er hærri en skuldir Bankans samkvæmt efnahagsreikningi hans þann 30. júní 2009. Skýringar á því má m.a. rekja til krafna vegna innstæðna sem Bankinn hefur þegar endurgreitt, tví- og þrjúlinga vegna ýmissa innstæðna og skuldabréfaútgáfa bankans, og krafna sem falla utan efnahagsreiknings, svo sem skaðabótakrafna og ábyrgðarkrafna. Auk þess er ítrustu kröfum jafnan lýst. Samanlögð fjárhæð vegna framangreindra atriða nemur a.m.k. 2.900 milljörðum króna.

3.3 Viðbótarupplýsingar um lýstar kröfur

Athuga ber að samantekt hér að neðan er miðuð við uppfærða kröfuskrá í byrjun júní 2010.

Sundurliðun lýstra krafna eftir lagagreinum og tegund krafna

Taflan dregur saman fjárhæð lýstra krafna eftir greinum og tegund.

Tegund	109. grein	110. grein	111. grein	112. grein	113. grein	114. grein	Samtals
Ábyrgðir	1.287.209.358	-	113.937.931	581.854.595.343	132.167.370.183	1.358.328.055	716.781.440.869
Afleiður	26.861.680.393	8.728.030.771	13.865.117.702	117.941.702	434.997.166.214	18.872.266.259	503.442.203.041
Annað	26.225.802.751	1.538.686.557	297.703	11.535.199	150.002.064.420	870.031	177.779.256.661
Innlánasamningar	-	-	-	216.817.449.796	89.389.220.549	4.683.763.767	310.890.434.112
Innstæður	1.699.585.796	-	-	8.312.322.291	35.704.343.772	30.783.269	45.747.035.128
Laun	-	-	-	1.307.933.453	314.790.036	9.330.188	1.632.053.676
Lánasamningar	-	-	188.994.127.245	27.657.936	378.823.446.263	5.630.052.777	573.475.284.221
Reikningar	158.650.538	730.826.206	-	70.091.432	2.616.211.509	254.090.403	3.829.870.088
Samningar	-	43.568.949.392	-	-	47.747.252.466	168.256	91.316.370.114
Skaðabætur	114.656.356.206	343.939.411.068	-	1.012.759.893	123.122.705.555	65.012.890.797	647.744.123.520
Skuldabréf	9.104.064.527	-	102.011.603.387	12.743.371.689	3.233.993.624.275	459.165.723.040	3.817.018.386.918
Vextir	87.371.704	397.339	47.539.797	4.960.248.053	643.643.806	91.475.287	5.830.675.986
Samtals	180.080.721.273	398.506.301.334	305.032.623.765	827.235.906.787	4.629.521.839.050	555.109.742.129	6.895.487.134.338

Staða forgangskrafna lýst undir greinum 109-112

Athuga ber að afstaða slitastjórnar til krafna skv. töflunni hér að neðan er mögulega ekki endanleg. Í mörgum tilvikum er ágreiningur um afstöðu slitastjórnar.

Tegund	Greinar 109-112	Samþykkt eða samþykkt með breytingum	Hafnað eða engin afstaða tekin*	Flutt til eftirstæðna krafna (114. gr.)*	Afstöðu frestað	Hafnað, flutt eða samþykkt undir annarri grein
Ábyrgðir	583.255.742.632		581.745.874.879			1.509.867.753
Afleiður	49.572.770.568		14.086.158.518		35.424.267.719	62.344.332
Annað	27.776.322.209	10.144.474.002	6.915.594.317			10.716.253.890
Innlánasamningar	216.817.449.796				203.179.773.992	13.637.675.804
Innstæður	10.011.908.087	16.923	10.011.811.528			79.636
Laun	1.307.933.453	3.255	1.307.036.899			893.299
Lánasamningar	189.021.785.181	93.076.500.000			87.712.378.215	8.232.906.966
Reikningar	959.568.176	20.841.250	402.175.926			536.551.000
Samningar	43.568.949.392		1.379.759		43.567.569.633	
Skaðabætur	459.608.527.168	7.344.513	459.520.426.960		16.345.012	64.410.683
Skuldabréf	123.859.039.603		12.042.844.308	44.240.965	111.771.954.329	
Vextir	5.095.556.893		823.563.536		416.505	4.271.576.851
Samtals	1.710.855.553.158	103.249.179.943	1.086.856.866.630	44.240.965	481.672.705.405	39.032.560.214

* Samkvæmt lokasetningu 1. mgr. 119. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., verður engin afstaða tekin til vikjandi krafna.

Staða lýstra krafna eftir lagagreinum

Athuga ber að afstaða slitastjórnar til krafna skv. töflunni hér að neðan er mögulega ekki endanleg. Í mörgum tilvikum er ágreiningur um afstöðu slitastjórnar.

	109 grein	110 grein	111 grein	112 grein	113 grein	114 grein	Samtals
Lýst upphæð	180.080.721.273	398.506.301.334	305.032.623.765	827.235.906.787	4.629.521.839.050	555.109.742.129	6.895.487.134.338
Samþykkt eða samþykkt með breytingum	644.513	10.172.015.252	93.076.500.000	20.178	611.885.755.985		715.134.935.928
Hafnað eða engin afstaða tekin*	142.897.160.268	345.724.296.752	319.910.774	597.915.498.837	750.513.352.486	417.355.612.288	2.254.725.831.405
Flutt til eftirstæðna krafna (114. gr.)*	7.309.004		36.931.962		150.633.470.314		150.677.711.280
Afstöðu frestað	16.393.083.798	52.141.530.349	203.188.484.087	209.949.607.171	2.997.598.367.257	137.754.129.841	3.617.025.202.503
Hafnað, flutt eða samþykkt undir annarri grein	20.782.523.690	-9.531.541.020	8.410.796.942	19.370.780.602	118.890.893.008		157.923.453.223

* Samkvæmt lokasetningu 1. mgr. 119. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., verður engin afstaða tekin til vikjandi krafna.

Stærstu kröfur eftir lagagreinum

Hér að neðan er yfirlit yfir fimm stærstu kröfur sem lýst var skv. greinum 109-113. Þessar upplýsingar eru eingöngu veittar til að gefa kröfuhöfum betri sýn á stærstu kröfur sem lýst var undir hverri grein. Athuga ber að afstaða slitastjórnar til krafna skv. töflunni hér að neðan er mögulega ekki endanleg. Í mörgum tilvikum er ágreiningur um afstöðu slitastjórnar.

Fimm stærstu kröfur lýst undir 109. gr. (Sértökukröfur):

Kröfuhafi (stærð)	Tegund	Upphæð	Afstaða
1	Skaðabætur	88.119.656.222	Hafnað
2	Skaðabætur	13.553.245.048	Hafnað
3	Annað	11.270.830.208	Samþ. m. breytingum
4	Skaðabætur	10.743.300.000	Hafnað
5	Annað	9.385.899.192	Samþ. m. breytingum
	Samtals	133.072.930.670	

Fimm stærstu kröfur lýst undir 110. gr. (Búskröfur):

Kröfuhafi (stærð)	Tegund	Upphæð	Afstaða
1	Skaðabætur	244.767.617.092	Hafnað
2	Skaðabætur	49.275.070.500	Hafnað
3	Skaðabætur	49.265.873.100	Hafnað
4	Samningar	43.567.569.633	Afstöðu frestað
5	Skaðabætur	8.557.615.704	Afstöðu frestað
	Samtals	395.433.746.030	

Fimm stærstu kröfur lýst undir 111. gr. (Veðkröfur):

Kröfuhafi (stærð)	Tegund	Upphæð	Afstaða
1	Lánasamningar	101.309.406.966	Samþ. m. breytingum
2	Lánasamningar	74.812.480.671	Afstöðu frestað
3	Skuldabréf	54.071.523.996	Afstöðu frestað
4	Skuldabréf	17.991.695.796	Afstöðu frestað
5	Lánasamningar	12.872.239.608	Afstöðu frestað
	Samtals	261.057.347.037	


Fimm stærstu kröfur lýst undir 112. gr. (Forgangskröfur):

Kröfuhafi (stærð)	Tegund	Upphæð	Afstaða
1	Ábyrgðir	443.624.417.940	Hafnað
2	Ábyrgðir	391.879.915.830	Hafnað
3	Ábyrgðir	88.508.256.000	Hafnað
4	Innlánasamningar	86.529.222.422	Afstöðu frestað
5	Ábyrgðir	35.998.526.171	Hafnað
	Samtals	1.046.540.338.364	

Fimm stærstu kröfur lýst undir 113. gr. (Almennar kröfur):

Kröfuhafi (stærð)	Tegund	Upphæð	Afstaða
1	Afleiður	209.241.274.831	Hafnað
2	Skuldabréf	141.566.969.707	Samþ. m. breytingum
3	Annað	139.911.235.866	Afstöðu frestað
4	Afleiður	130.089.641.986	Samþ. m. breytingum
5	Skuldabréf	125.226.667.871	Samþ. m. breytingum
	Samtals	746.035.790.261	

Brú frá lýstum kröfum til heildarskulda samkvæmt efnahagsreikningi þann 30. júní 2009



Fjárhæðirnar hér að framan eru aðeins gefnar til upplýsinga og endurspeglar ekki afstöðu slitastjórnar til einstakra krafna. Þessar tölur eru eingöngu settar fram til að skýra mismuninn á lýstum kröfum og skuldum sem sjá má í efnahagsreikningi Bankans frá 30. júní 2009. Brúin hér að ofan er því hvorki endanlega né tæmandi. Enn á eftir að taka afstöðu til hluta krafna og í mörgum tilvikum er deilt um fjárhæðir og lögmæti krafna. Stundum lýsa kröfuhafar heildarupphæð kröfu í stað nettóupphæðar. Auk þess er ítrustu kröfum lýst í nokkrum tilvikum. Óvissa ríkir um nákvæma skuldafjárhæð þar til afstaða hefur verið tekin til lýstra krafna.

Nánari umfjöllun um lýstar kröfur er á lokuðu vefsvæði slitastjórnar sem ætlað er kröfuhöfum.

4. Lagaleg staða og næstu skref

4.1 Greiðslustöðvunarferli

Þann 21. nóvember 2008 lagði skilanefnd fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar í Héraðsdómi Reykjavíkur, í samræmi við lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Það var gert m.a. til þess að koma í veg fyrir einhliða aðgerðir kröfuhafa og stuðla að fjárhagslegri endurskipulagningu Bankans. Héraðsdómur Reykjavíkur veitti heimild til greiðslustöðvunar þann 24. nóvember 2008 til 13. febrúar 2009. Síðan var heimild til greiðslustöðvunar framlengt frá 13. febrúar 2009 til 13. nóvember 2009. Enn fremur báðu skilanefnd Bankans og aðstoðarmaður í greiðslustöðvun um framlengingu þann 13. nóvember 2009 sem var veitt þann 19. nóvember 2009 í Héraðsdómi Reykjavíkur til 13. ágúst 2010.

Kröfuhafafundur verður haldinn 9. ágúst 2010 til að fjalla um mögulega framlengingu á heimild til greiðslustöðvunar. Verði ákveðið að óska eftir áframhaldandi greiðslustöðvun fer þinghald fram í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 13. ágúst 2010. Hámarkslengd greiðslustöðvunartímabils er til 24. nóvember 2010.

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar í nóvember 2008 var, að mati skilanefndar, nauðsynlegt skref til að fá vernd gegn málsóknum, innheimtu og öðrum ráðstöfunum eigna og til að tryggja að allir kröfuhafar Bankans nytu jafnræðis, sem og að farið væri með kröfur á hendur Bankanum í samræmi við íslensk lög. Bankinn mun við lok greiðslustöðvunartímabils fara sjálfkrafa í slitameðferð.

Samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki mun vernd Bankans gegn lögsóknum, þvingunarúrræðum og öðrum ráðstöfunum eigna sem fengin var á greiðslustöðvunartímabilinu halda gildi sínu þegar Bankinn fer í slitameðferð.

4.2 Yfirlit yfir greiðslustöðvun

Reglur um greiðslustöðvun Bankans breyttust með lögum nr. 44/2009 sem tóku gildi þann 22. apríl 2009. Skilanefnd fer áfram með valdheimildir hluthafafundar Bankans, sem áður var í höndum FME, auk þess að fara með valdheimildir stjórnar Bankans líkt og skilanefnd gerði áður á grundvelli ákvörðunar FME frá 9. október 2009. Bankinn verður áfram undir eftirliti aðstoðarmanns í greiðslustöðvun. Skilanefnd fer með völd stjórnar og hluthafafundar í Bankanum samkvæmt nýjum ákvæðum. Áður fór skilanefnd aðeins með völd stjórnar samkvæmt ákvörðun FME þann 8. október 2008. Bankinn starfar áfram samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og undir almennu eftirliti FME. Héraðsdómur Reykjavíkur á hins vegar einn úrskurðarvald um málefni sem varða greiðslustöðvunina, framlengingu hennar, niðurfellingu o.s.frv.

Ákvæði laga nr. 44/2009 mæla fyrir um að skilanefnd ráðstafi hagsmunum Bankans eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti með frávikum þó. Frávikin frá almennum reglum um bústjórn við gjaldþrotaskipti lýsa sér einkum í því að skilanefnd skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir gjalddaga á útistandandi kröfum Bankans fremur en að koma þeim strax í verð. Í þessum tilgangi er skilanefnd heimilt að líta hjá ályktun kröfuhafafundar sem hún telur andstæða þessu markmiði. Skilanefnd hefur því rúman tíma til þess að gæta hagsmuna Bankans og kröfuhafa.

Tilvísun til reglna um bústjórn við gjaldþrotaskipti felur í sér að skilanefnd fer með forræði á eignum Bankans og getur ein ráðstafað hagsmunum Bankans og svarað fyrir skyldur hans. Skilanefnd kemur fram af hálfu Bankans fyrir dómi og gerir samninga í hans nafni líkt og áður. Skilanefnd gætir þess sem fyrr að öllum eignum og réttindum verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt eftir því sem við á og að kröfur Bankans verði innheimtar. Skilanefnd grípur einnig til allra aðgerða sem eru nauðsynlegar til að varna tjóni.

Skilanefnd heldur kröfuhafafundi eftir því sem henni þykir henta til að kynna ráðstafanir er varða hagsmunum Bankans. Á slíkum kröfuhafafundum má leita eftir tillögum eða ákvörðunum um ráðstafanir sem eru enn ógerðar og gefa kost á að tillögur varðandi bússtjórn verði settar fram. Kröfuhafafundur getur ekki haft áhrif á ráðstafanir skilanefndar sem þegar hafa farið fram. Þá má skilanefnd ráðfæra sig við einstaka kröfuhafa áður en gripið er til ráðstafana sem varða þá sérstaklega.

Meðan greiðslustöðvun stendur er óheimilt að taka Bankann til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggjeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu. Dómsmál verður ekki höfðað gegn Bankanum meðan greiðslustöðvun varir nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða.

Skilanefnd hefur það að markmiði að vernda eignir Bankans með því að koma í veg fyrir kyrrsetningu þeirra. Greiðslustöðvunin hefur veitt Bankanum nauðsynlega vernd fyrir lagalegum aðgerðum gegn Bankanum, svo sem kyrrsetningu eigna. Á Evrópska efnahagssvæðinu hefur skilanefnd varist kyrrsetningarbeiðnum eftir því sem viðkomandi mál falla til og ber skilanefnd þá fyrir sig tilskipun 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Bankinn hefur einnig fengið greiðslustöðvun í Bandaríkjunum samkvæmt reglum 15. kafla bandarísku gjaldþrotalöggjafarinnar og hefur sú aðgerð veitt Bankanum vernd í Bandaríkjunum. Skilanefnd hefur varist kyrrsetningu eigna með góðum árangri í Bandaríkjunum, Lúxemborg, Þýskalandi, Finnlandi, Austurríki og Hollandi. Án greiðslustöðvunar væri mun erfiðara fyrir skilanefnd að koma í veg fyrir kyrrsetningu eigna.

Þegar greiðslustöðvun lýkur verður Bankinn sjálfkrafa tekinn til slitameðferðar, nema allar skuldbindingar hans hafi verið gerðar upp að fullu eða nauðasamningur hafi verið gerður við kröfuhafa. Vegna breytinga á íslenskum lögum með samþykkt ofangreindra laga nr. 44/2009, byggist yfirstandandi greiðslustöðvun á þeim grundvallarreglum sem gilda um slitameðferð. Í lögum sem gilda um Kaupþing er smávægilegur munur á því hvort Bankinn er í greiðslustöðvun eða slitameðferð. Fari Bankinn í slitameðferð skal skilanefnd áfram gæta hagsmuna Bankans og hámarka verðmæti hans fyrir hönd kröfuhafa. Slitameðferð getur lokið með nauðasamningum við kröfuhafa eða gjaldþrotaskiptum, sbr. eftirfarandi kafla.

Samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki mun vernd Bankans gegn lögsóknum, þvingunarúrræðum og öðrum ráðstöfunum eigna sem fengin var á greiðslustöðvunartímabilinu halda gildi sínu þegar Bankinn fer í slitameðferð.

4.3 Lok greiðslustöðvunartímabils

Eins og áður hefur verið greint frá veitti Héraðsdómur Bankanum fyrst heimild til greiðslustöðvunar og leyfi til endurskipulagningar þann 24. nóvember 2008. Héraðsdómi er ekki heimilt miðað við núverandi aðstæður að veita endurteknar heimildir til greiðslustöðvunar lengur en í 24 mánuði, þ.e. greiðslustöðvun getur ekki staðið lengur en til 24. nóvember 2010.

Greiðslustöðvunarferli Bankans skal ljúka með einni af eftirtöldum aðgerðum:

- i) Slitameðferð

Þegar heimild til greiðslustöðvunar tekur enda skal fjármálafyrirtæki tekið til slitameðferðar samkvæmt nýjum lögum um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 44/2009, nema allar skuldbindingar þess hafi verið gerðar upp að fullu eða nauðasamningur hafi verið gerður við kröfuhafa. Margar þeirra reglna sem gilda um greiðslustöðvunina og hafa verið raktar gilda áfram við slitameðferð. Skilanefnd starfar t.d. áfram við slitameðferð og skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal að bíða eftir þörfum eftir gjalddögum á útstandandi kröfum Bankans fremur en að koma þeim fyrr í verð.

Ef í ljós kemur við slitameðferð að eignir Bankans nægi ekki til greiðslu krafna kemur tvennt til skoðunar, þ.e. gjaldþrotaskipti eða nauðasamningar við kröfuhafa eins og lýst er hér fyrir neðan. Í lögum nr. 44/2009 er einnig kveðið á um að starfsemi Bankans megi ljúka með gjaldþrotaskiptum eða nauðasamningum við kröfuhafa án þess að strax sé farið í slitameðferð. Þetta á við ef skilanefnd og slitastjórnin geta tekið afstöðu til þess hvort, og að hve miklu leyti, ljóst sé að eignir Bankans nægi ekki til greiðslu krafna, áður en greiðslustöðvun lýkur.

- ii) Gjaldþrot

Við gjaldþrot yrði stjórn á eignum Bankans falið skiptastjóra. Kröfum í erlendri mynt verður þegar í stað breytt í íslenskar krónur á gengi og eignum Bankans mögulega líka breytt í íslenskar krónur á sölugengi þann 22. apríl 2009, til þess að lágmarka gengisáhættu.

Meðferð eigna Bankans verður falin skiptastjóra sem mun að öllum líkindum leggja áherslu á skjóta sölu eigna. Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun og skilanefnd telja að sala á eignum Bankans við núverandi markaðsaðstæður muni hafa veruleg neikvæð áhrif á endurheimt krafna á hendur Bankanum. Auk þessa myndi banki í gjaldþrotaskiptum glata bankaleyfi, standa frammi fyrir óhjákvæmilegri eignasölu og hafa minna svigrúm til þess að styðja við eignir. Þá er líklegt að lán til viðskiptamanna og skráðar og óskráðar eignir muni verða seldar með verulegum afföllum.

Það er álit aðstoðarmanns í greiðslustöðvun og skilanefndar að þessi leið myndi draga úr líkum á greiðslu krafna og endurheimt verðmæta og að hagsmunum kröfuhafa sé ekki best borgið á þennan hátt.

iii) Nauðasamningar

Nauðasamningar miða að því að leysa fjárhagslega erfiðleika skuldara með því að lækka kröfur lánadrottna hlutfallslega með þeim afleiðingum að skuldarinn verði gjaldfær. Nauðasamningar miða að háþröskun á endurheimt krafna og verndun hagsmuna kröfuhafa með því að veita skuldara bæði færi á endurskipulagningu og að halda utan um eignir í stað þess að neyða hann til að selja eignir þegar í stað. Verði greiðslustöðvunarferli Bankans lokið með nauðasamningum verða möguleikar til endurskipulagninga skoðaðir og metnir.

Það þarf samþykki minnst 60 hundraðshluta kröfuhafa, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðisbærra kröfuhafa og fjárhæðum krafna þeirra til samþykktar á nauðasamningi. Kröfum í erlendri mynt er breytt í íslenskar krónur miðað við 22. apríl 2009 við nauðasamningsumleitunir en hins vegar mega greiðslur samkvæmt nauðasamningi vera í erlendri mynt.

4.4 Yfirlit yfir íslenska löggjöf um nauðasamninga

4.4.1 Inngangur

Í nauðasamningum við kröfuhafa Bankans er að mestu leyti farið að sömu lagaákvæðum og ef um gjaldþrotameðferð væri að ræða. Helsti munurinn er sá að Kaupþing þarf ekki að fá sérstakt samþykki minnst 25% kröfuhafa, bæði eftir höfðatölu kröfuhafa og heildarupphæð krafna.

Í þessari samantekt er eingöngu fjallað um reglur sem gilda um Kaupþing; ekki skal taka tillit til almennra reglna um nauðasamninga kröfuhafa, nema að því leyti sem þeir eiga við um Kaupþing.

Meginhugmyndin með nauðasamningum við kröfuhafa er sú að um sé að ræða samkomulag um greiðslu eða niðurfellingu skulda sem er bindandi fyrir viðkomandi kröfuhafa, að því gefnu að tiltekinn meirihluti þeirra hafi samþykkt nauðasamninginn. Með nauðasamningum við kröfuhafa er reynt að gera Bankann gjaldfæran með niðurfellingu skulda, fremur en með ráðstöfun eigna og endurskipulagningu sem ætlað var að færi fram á greiðslustöðvunartímabilinu.

4.4.2 Samningskröfur

Útreikningar á samningskröfum

Samningskröfur skal umreikna í íslenskar krónur á sölugengi Seðlabanka Íslands þann 22. apríl 2009. Samningskröfur skal ella reikna út samkvæmt stöðunni þann 22. apríl 2009, að meðtöldum áföllnum vöxtum, gengisáhrifum og öðrum viðbótarkröfum sem bæst hafa við á þeim tíma. Samkvæmt ofangreindu skulu útreikningar á samningskröfum vera í samræmi við kröfur eins og þær voru lagðar fram í kröfulýsingarferlinu þar sem 22. apríl 2009 var viðmiðunardagur vaxta o.s.frv.

4.4.3 Frumvarp að nauðasamningi

Taki Bankinn ákvörðun um að leita nauðasamnings, semur hann frumvarp að nauðasamningi. Í því þarf að koma fram hversu mikið skuldarinn bjóðist til að greiða af samningskröfum og í hvaða formi, hvenær greiðslur muni eiga sér stað, hvort vextir og þá hverjir verði greiddir af samningskröfum frá því nauðasamningur kemst á, ef greiðslufrestur er ráðgerður, og hvort trygging og þá hver verði sett fyrir efndum nauðasamnings.

4.4.4 Fundur með kröfuhöfum um frumvarp að nauðasamningi

Boðað til kröfuhafafundar

Þegar Bankinn er þess fullviss að hægt sé að bera frumvarp að nauðasamningi undir atkvæði kröfuhafa skal boða til sérstaks fundar með kröfuhöfum og birta tilkynningu þar að lútandi minnst tveimur vikum áður en fundurinn er haldinn. Birta skal tilkynninguna í *Lögbirtingablaðinu*.

Slitastjórn skal gera skrá um atkvæðisrétt um frumvarpið og þar skal tiltekið hvaða atkvæði fylgi kröfum. Gera skal grein fyrir fjölda kröfuhafa, sem og hlutfallsupphæðum sem tengjast hverri kröfu. Í skránni skulu aðeins greindar þær kröfur sem hafa hlotið viðurkenningu við slitameðferð og atkvæðisréttur fylgir að mati slitastjórnar.

Atkvæðagreiðsla

Nauðasamningur skal samþykktur með sama hlutfalli atkvæða og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt samningnum en þó aldrei minna en 60 hundraðshlutum atkvæða, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðisbærra kröfuhafa og 60 hundraðshlutum krafna þeirra. Ef ekki er samið um eftirgjöf af samningskröfum, hvorki að hluta til né í heild, skal samningurinn samþykktur með minnst 60 hundraðshlutum atkvæða, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðisbærra kröfuhafa og 60 hundraðshlutum krafna þeirra.

Dæmi: Ef samið er um eftirgjöf af 75 hundraðshlutum samningskrafna, skal samningurinn samþykktur með minnst 75 hundraðshlutum atkvæða, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðisbærra kröfuhafa og 75 hundraðshlutum krafna þeirra.

Atkvæðisbærir kröfuhafar mega greiða atkvæði um frumvarp skriflega og skal tekið tillit til slíkra atkvæða ef þau berast slitastjórn áður en atkvæðagreiðsla lýkur á kröfuhafafundinum, enda sé þá enginn viðstaddur af hálfu kröfuhafans þegar atkvæðagreiðslan fer fram. Skriflegt atkvæði þarf að uppfylla tilsett skilyrði, til dæmis þarf vitundarvotta að slíkri undirskrift o.s.frv. Kröfuhafar geta einnig veitt lögmanni umboð sitt.

Ágreiningur um atkvæðagreiðslu

Telja skal atkvæði strax á kröfuhafafundinum. Fyrst skulu atkvæðin talin til að hægt sé að ákvarða hvort niðurstaða fáiast, þó að öll atkvæði sem ágreiningur er um séu talin með. Ef öll atkvæðin sem ágreiningur er um, og talin eru með, breyta engu um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar skal sú niðurstaða standa.

Geti atkvæði sem ágreiningur er um, og talin eru með, haft áhrif á niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar skal slitastjórnin reyna að leysa úr ágreiningi ef allir viðkomandi aðilar eru viðstaddir. Séu þeir ekki viðstaddir skal slitastjórnin boða til sérstaks fundar þeirra til að leysa úr ágreiningi. Finnist ekki lausn á ágreiningi skal slitastjórnin vísa málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Töf getur orðið á ferlinu sé málinu vísað til Héraðsdóms, en máli skiptir hvenær atkvæðagreiðsla um nauðasamninginn fer fram, því Héraðsdómur kann þegar að hafa úrskurðað í fjölda krafna í kröfulýsingarferlinu, áður en til atkvæðagreiðslunnar kemur.

4.4.5 Lagaleg áhrif nauðasamnings

Hafi frumvarp að nauðasamningi hlotið samþykki tilskilins meirihluta kröfuhafa, ber slitastjórn að afla staðfestingar Héraðsdóms Reykjavíkur á samningnum. Nauðasamningurinn skal taka gildi þegar beiðni slitastjórnar um staðfestingu hefur verið samþykkt af dómstólum, þ.e. Héraðsdómi Reykjavíkur eða Hæstarétti Íslands.

Nauðasamningurinn skal vera bindandi fyrir alla kröfuhafa og eftirmenn þeirra hvað kröfur þeirra varðar. Nauðasamningurinn breytir engu um þau réttindi kröfuhafa að mega ganga að ábyrgð eða tryggingum þriðja aðila.

4.4.6 Nauðasamningur ekki samþykktur eða staðfestingu hans hafnað

Hljóti frumvarp að nauðasamningi ekki samþykki nægilegs hluta kröfuhafa, eða kröfu um staðfestingu nauðasamninga hefur verið hafnað, skal slitastjórn krefjast þess að bú fyrirtækisins verði tekið til

gjaldprotaskipta. Það sama getur kröfuhafi gert ef krafa hans hefur verið viðurkennd við slitameðferð og nauðasamningsumleitaniir slitastjórnar hafa annað hvort ekki borið árangur eða hann sýnir fram á að ekki séu lagaskilyrði fyrir hendi til nauðasamningsumleitana, eða að sá fjöldi kröfuhafa sé andvígur honum að útilokað sé að tekist geti að koma honum fram miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um hag fyrirtækisins. Til að hafa slíka kröfu uppi verður þó kröfuhafi að sýna fram á að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að koma fram gjaldprotaskiptum fremur en að búið sé áfram í slitameðferð.

4.5 Kröfuhafafundir

Samkvæmt nýjum lögum nr. 44/2009 eru málefni sem tekin verða fyrir á kröfuhafafundum að meginstefnu tvenns konar, annars vegar umfjöllun um ráðstafanir skilanevndar á hagsmunum Bankans og hins vegar umfjöllun um afstöðu slitastjórnar á kröfum á hendur Bankanum.

Skilanevnd getur haldið kröfuhafafundi eftir því sem skilanevnd þykir henta til að kynna ráðstafanir sem hafa verið gerðar í tengslum við hagsmuni Bankans. Á slíkum kröfuhafafundum má leita eftir tillögum eða ákvörðunum um ráðstafanir sem eru enn ógerðar og gefa kost á að tillögur um bústjórn verði settar fram. Kröfuhafafundur getur ekki haft áhrif á ráðstafanir skilanevndar sem þegar hafa farið fram. Þá má skilanevnd ráðfæra sig við einstaka kröfuhafa áður en gripið er til ráðstafana sem varða þá sérstaklega.

Kröfuhafi á rétt á að sækja kröfuhafafund ef hann hefur lýst kröfu sinni fyrir slitastjórn og henni hefur ekki endanlega verið hafnað. Kröfuhafafundir til að fjalla um bústjórn og aftsóðu til krafna verða ekki haldnir fyrir en að loknum kröfulýsingarfresti. Mæti kröfuhafi ekki til skiptafundar getur hann glatað rétti til að hafa uppi mótmæli eða kröfur vegna ákvarðana og ráðstafana sem hafa verið teknar þar eða kynntar.

Kröfuhafi sem vill mótmæla afstöðu slitastjórnar, sem mun verða tekin fyrir á næsta kröfuhafafundi, skal afhenda slitastjórn mótmæli sín skriflega ekki síðar en á kröfuhafafundinum sjálfum.

Að því leyti sem mótmæli koma ekki fram gegn afstöðu slitastjórnar til kröfu fyrir fund slitastjórnar telst afstaða hennar endanlega samþykkt samkvæmt þriðju málsgrein 120 gr. gjaldprotalaga.

Hins vegar ef koma fram mótmæli á fundinum gegn afstöðu slitastjórnar til kröfu, skal slitastjórn reyna að leysa úr ágreininginum. Ef það er ekki hægt skal boða til sérstaks fundar þeirra sem gera athugasemdir við afstöðu til krafna og þeirra sem athugasemdir beinast að. Ef ekki er hægt að jafna ágreininginn á slíkum sérfundum verður ágreining aðila vísað til héraðsdóms, sbr. 120 gr. and 171 gr. gjaldprotalaga. Aðilar að ágreining eru kröfuhafar gegn þeim sem mótmæli beinast, kröfuhafar sem hafa mótmælt ákvörðun afstöðu til kröfum; og slitastjórn. Kafli XXIV gjaldprotalaga á við vegna meðhöndlunar slíkra mótmæla í héraðsdómi. Ákvörðun héraðsdóms getur verið áfrýjað til hæstaréttar innan tveggja vikna frá úrskurðinum. Áfrýjun til hæstaréttar er yfirleitt komið á framfæri skriflega, en hæstiréttur getur einnig ákvarðað að leyfa munnlega málshöfðun ef að þörf krefur. Úrskurður dómstóla vegna ágreinings myndar lokaákvörðun á upphæð kröfu og rétt hæð og mun verða notaður sem grunnur til greiðslu.

Ef greiða þarf atkvæði á kröfuhafafundi um málefni sem varða bústjórn ráðast atkvæði af fjárhæð krafna. Til að kröfuhafafundur sé ályktunarbær um málefni búsins þurfa kröfuhafar sem fara með þriðjung heildaratkvæða að mæta, miðað við fjárhæð krafna sem ekki hefur verið endanlega hafnað. Til þess að víkja frá ákvörðun meirihluta ályktunarbærs kröfuhafafundar um bústjórn þarf skilanevnd oftast að hafa sérstakar ástæður, svo sem að ákvörðun sé andstæð lögum, óheiðarleg, óframkvæmanleg, mismuni kröfuhöfum, fari bersýnilega í bága við hagsmuni lánardrottna sem sóttu ekki fundinn eða ef ákvörðun er ekki til þess fallin að stuðla að því að sem mest fái fyrir eignir Bankans.


4.6 Heildarendurskipulagning Bankans og greiðslur til kröfuhafa

Skilanefnd er þeirrar skoðunar að hagsmunum kröfuhafa sé best borgið með því að endurskipuleggja rekstur bankans.

Skilanefnd hefur unnið að lausnum til að viðhalda og auka verðmæti eignanna. Í mörgum tilvikum þarf að eiga eignirnar til nokkurs tíma til þess að hægt sé að ná fram viðunandi verðmæti þeirra. Greiðslustöðvun eða slitameðferð í kjölfar greiðslustöðvunar mun annaðhvort ljúka með nauðasamningum með samþykki kröfuhafa eða gjaldþrotaskiptum. Til að gæta hagsmuna kröfuhafa hefur skilanefnd farið fram á að Morgan Stanley, fjármálaráðgjafi nefndarinnar, vinni með henni að hugmyndum að hugsanlegri endurskipulagningu í samráði við kröfuhafa um hvernig flytja megi eignirnar yfir til kröfuhafa á síðari stigum. Markmiðið með öllum hugmyndunum á að vera að styðja áfram við eignirnar og gera kröfuhöfum kleift að losa sig við eignarhlut sinn með tímanum.

Vinnuflæði

Vinna við endurskipulagningu er hafin á ýmsum sviðum (sjá vinnuflæði hér fyrir neðan). Tímasetningar eru háðar framvindu slitameðferðar og fara eftir því mikill ágreiningur ríkir um kröfur og hve langan tíma tekur að leysa úr honum.



Vinnuflæði.

Markmið Bankans um framtíðarskipan

- Bankinn sjálfur heldur áfram rekstri sem eignarstýringarfyrirtæki eftir nauðasamninga eða stofnað verður nýtt eignarhaldsfélag sem heldur utan um eignir Bankans.
- Endurgreiðsla til kröfuhafa með blandaðri aðferð, þ.e. greiðslu í reiðufé og/eða útgáfu fjármálagerninga.
- Áætlun miðuð við að tryggja hámarksverðmæti í gegnum innheimtu reiðufjár, sölu eigna eða endurskipulagningu annarra eigna.

Yfirlit yfir endurskipulagningu Bankans

Skilanefnd leggur áherslu á að finna bestu málalyktir fyrir alla hagsmunaðila, innan raunhæfs tímaramma, og að koma endanlegum verðmætum til kröfuhafa. Enn ríkir óvissa um hvenær hægt verður að greiða kröfuhöfum, að hluta til eða í heild, eða hvenær reynt verður að ná nauðasamningum. Tímasetningar eru háðar framvindu í slitameðferð sem slitastjórn Bankans hefur umsjón með. Eins og lýst er í kafla 3 Kröfulýsingarferlið er heildarfjárhæð lýstra forgangskrafna (greinar 109-112) umtalsvert hærri en verðmat á gangvirði óveðsettra eigna Bankans. Þetta leiðir til óvissu um hvenær greiðsla eða hlutagreiðsla geti átt sér stað til kröfuhafa eða hvenær tillaga að nauðasamningum verði lögð fram.

Til að fá samþykki dómstóla fyrir tillögu að nauðasamningum þarf Bankinn að vera í þeirri stöðu að geta greitt eða tryggt greiðslu forgangskrafna. Í ljósi fjölda mótmæla og ágreinings um forgangskröfur er ljóst að Bankinn uppfyllir ekki þau skilyrði ef þær kröfur verða úrskurðaðar sem forgangskröfur.

Nauðasamningar verða því ekki lagðir fram, né hlutagreiðslur almennra krafna framkvæmdar, fyrr en yfirferð og afstaða slitastjórnar til meirihluta forgangskrafna liggur fyrir og eftir því sem við á, ágreiningsmál vegna afstöðu hafa verið leidd til lykta. Slitastjórn hefur gert sitt ítrasta til að flýta þessu ferli eins og mögulegt er, hvort sem lausnir verði innan eða utan dómskerfisins. Nánari upplýsingar um kröfúlýsingarferlið og afstöðu slitastjórnar til lýstra krafna er að finna á lokuðu vefsvæði slitastjórnar sem ætlað er kröfuhöfum.

Ljóst er að kröfufjerlið hefur umtalsverð áhrif á áform um heildarendurskipulagningu Bankans, en skilaneftnd hefur frá 2008 stefnt að því að afhenda kröfuhöfum verðmæti eigna Kaupþings eins fljótt og auðið er gegnum nauðasamninga.

Á árinu 2010 hefur skilaneftnd því unnið að þróun millilausnar. Lausnin felur í sér flutning viðeigandi eigna í nýtt fyrirkomulag. Markmið millilausnar eru eftirfarandi:

- Viðeigandi stjórnskipan
- Aukin aðkoma kröfuhafa (verðmætt framlag frá utanaðkomandi sérfræðingum)
- Hagræða í starfseminni og búa til sveigjanleika til hámerkunar á virði eigna
- Skapa einingu sem starfar á svipaðan hátt og eignastýringarfyrirtæki þar sem hámerkun á virði eigna er aðalmarkmið

Enn fremur er markmið með slíkri millilausn að móta fyrirkomulag sem nýst gæti sem langtímalausn þegar nauðasamningar verða lagðir fram.

4.7 Samskipti við kröfuhafa

Upplýsingar til allra kröfuhafa

Bankinn er staðráðinn í að viðhalda ítarlegri upplýsingagjöf til allra kröfuhafa eins og Bankinn hefur sinnt til þessa. Það er gert að frumkvæði Bankans og án lagalegrar skyldu. Kröfuhafaskýrslan verður áfram gefin út reglulega á heimasíðu Bankans, til að allir kröfuhafar verði upplýstir um framgang mála hjá Bankanum. Enn fremur verða fundir í London þar sem farið er yfir helstu atriði úr nýjustu uppfærslu á skýrslunni. Markmiðið er að þeir verði haldnir ársfjórðungslega (eða eftir þörfum) og geta kröfuhafar verið í símasambandi við fundarmenn. Þessir fundir verða haldnir í kjölfar birtingar skýrslunnar á heimasíðu Bankans. Fyrsti fundurinn var haldinn 15. mars 2010 og annar þann 7. júní 2010 í London.

Skipun kröfuhafaráðs

Kröfuhafaráði er ætlað að vera vettvangur til að tryggja samskipti við lykilkröfuhafa og kröfuhafahópa og heyra sjónarmið kröfuhafa t.a.m. í tengslum við nauðasamninga sem væntanlega verða lagðir fyrir kröfuhafa. Annað mikilvægt markmið við myndun kröfuhafaráðs er að fá viðbrögð kröfuhafa við lykilaðvörðunum og þróun á starfsemi Bankans.

Kröfuhafaráðið hefur engin formleg völd né skyldur samkvæmt íslenskum lögum og er eingöngu ráðgefandi. Meðlimir kröfuhafaráðsins eru ekki fulltrúar annarra kröfuhafa nema slíkir kröfuhafar hafi myndað hóp þar sem þeir hafi skipað einn fulltrúa sem komi fram fyrir hönd þess hóps.

Upphaflega skipaði skilaneftnd að eigin frumkvæði óformlegt kröfuhafaráð og í því áttu sæti fulltrúar stærstu kröfuhafa Bankans, sem vitað var um á þeim tíma, og voru þeir í forsvari fyrir ýmsar fjármálastofnanir. Fulltrúar kröfuhafaráðsins voru valdir í samráði við fyrrum ráðgjafa skilaneftndar, Deloitte LLP. Kröfuskrá Bankans var tilbúinn í janúar 2010 og umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað í hópi kröfuhafa. Í byrjun febrúar 2010 bauð skilaneftnd öllum kröfuhöfum sem höfðu áhuga að sækja um að taka þátt í endurskipulögðu kröfuhafaráði.

Yfirlit yfir nokkur skilyrði og kröfur sem gerðar eru til fulltrúa í kröfuhafaráðinu:

- Fulltrúar undirriti trúnaðarsamninga þar sem aðgangur að óopinberum upplýsingum kann að koma í veg fyrir að þeir geti tekið þátt í viðskiptum með kröfur í Kaupþingi.
- Ætlast er til að fulltrúar í kröfuhafaráði mæti á fundi og símafundi.
- Fulltrúar í kröfuhafaráði fá ekki greiddan ferðakostnað o.s.frv.
- Fulltrúar kröfuhafahópa geta sent upplýsingar áfram til þeirra aðila sem þeir eru í fyrrisvari fyrir svo fremi sem viðkomandi aðilar hafi undirritað trúnaðarsamning þar að lútandi.

Skilanevnd b́arust umsóknir frá kröfuhöfum og hópum kröfuhafa. Valið var byggt á heildarverðmæti krafna viðkomandi aðila sem og eftir því hvers konar hópar kröfuhafa yrðu skipaðir í nefndina.

Fjórir meðlimir hafa verið skipaðir í kröfuhafaráð en þeir eru:

- Bingham McCutchen (London) LLP, lögfræðiráðgjafi sérstaks hóps skuldabréfaeigenda og annarra kröfuhafa sem eiga skuldabréf eða önnur viðskiptabréf gefin út af Kaupþingi.
- International Commercial Lenders Group (ICLG), fyrir hönd hóps almennra ótryggðra lánveitanda (kröfuhafa) og viðskiptabanka.
- Deutsche Bank Trust Company Americas, fjárvörsluaðila fyrir ákveðna skuldabréfaflokka sem gefnir voru út í Bandaríkjunum af Kaupþingi.
- Eignasafn Seðlabanka Íslands.

Skilanevnd þakkar öllum meðlimum kröfuhafaráðsins fyrir þátttöku þeirra og framlag til dagsins í dag.

A Viðaukar

A1 Fundargerð frá kröfuhafafundi þann 5. febrúar 2009

Fundargerð aðstoðarmanns við greiðslustöðvun Kaupþings banka hf. á kröfuhafafundi sbr. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Fimmtudaginn 5. febrúar 2009 kl. 10.00 var tekið fyrir á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík, að halda fund með lánardrottnum Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, kt. 560882-0419, vegna heimildar bankans til greiðslustöðvunar.

Ólafur Garðarsson, hrl., aðstoðarmaður í greiðslustöðvun stjórnaði fundi og ritaði fundargerð, sbr. mgr. gr. laga nr. Boðað var til fundarins í samræmi við ákvæði 3. mgr. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög 129/2008.

Viðstaddir voru fulltrúar lánardrottna bankans, alls um 250 manns. Í ljósi þess að meirihluti fundarmanna var mælandi á aðra tungu en íslensku var ákveðið að meginmál fundarins yrði flutt á ensku. Tómas Jónsson hrl. aðstoðaði aðstoðarmann við fundarstjórn. Skilanefnd bankans sat jafnframt fyrir svörum á fundinum.

Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun gerði fundarmönnum grein fyrir eignum og skuldum bankans miðað við frest dag og hvernig hann taldi unnt að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans og til hvaða aðgerða hefur verið gripið í þeim efnum. Fundarmenn fengu eintak af kynningu auk þess sem lögð var fram ítarleg samantekt frá aðstoðarmanni á ensku og íslensku.

Aðstoðarmaður gerði grein fyrir þeirri tillögu sinni að óskað yrði eftir áframhaldandi greiðslustöðvun til níu mánaða við næstu fyrirtöku í héraðsdómi Reykjavíkur, sem fyrirhuguð er þann 13. febrúar næstkomandi kl. 14.00.

Aðstoðarmaður leitaði eftir afstöðu lánardrottna til ráðagerða sinna og tillagna þeirra um aðgerðir. Að erindi aðstoðarmanns loknu var gefinn kostur á fyrirspurnum og sjónarmiðum frá lánardrottnum. Alls tóku um tuttugu aðilar til máls.

Fram komu fyrirspurnir um ýmis málefni sem fjallað var um í ræðu aðstoðarmanns í greiðslustöðvun, sem aðstoðarmaður og fulltrúar skilanefndar svöruðu eftir því sem tók voru á.

Ekki komu fram nein mótmæli við áframhaldandi greiðslustöðvun.

Í lok fundar kynnti aðstoðarmaður fundarmönnum meginefni fundargerðar þessarar og gaf þeim kost á að gera athugasemdir við hana. Fundargerðin var samþykkt í því formi sem hér kemur fram.

Fundi var slitið kl. 12.15.

Ólafur Garðarsson, hrl.

A2 Fundargerð frá kröfuhafafundi þann 20. október 2009

KRÖFUHAFAFUNDUR KAUPÞINGS BANKA HF.

Kennitala Kaupþings banka hf.: 560882-0419.

Fundurinn er haldinn sameiginlega af:

- 1) Skilanevnd Kaupþings banka hf. sbr. 3. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sbr. og lög nr. 44/2009 og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009
- 2) Aðstoðarmanni Kaupþings banka hf. í greiðslustöðvun sbr. kafla 2 laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. sbr. 2. og 4. gr. laga nr. 129/2008, sem enn eru í gildi sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 44/2009 en bæði fyrrnefnd lög breyttu lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fundurinn var haldinn að Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík þann 20. október 2009 og hófst kl. 10:00 árdegis.

Skráðir þátttakendur fundarins voru 104 fulltrúar kröfuhafa.

Þeir sem sátu á pallborði á fundinum og svöruðu spurningum voru:

- Tómas Jónsson hrl., fundarstjóri.
- Ólafur Garðarsson hrl., aðstoðarmaður Bankans í greiðslustöðvun og formaður slitastjórnar Bankans.
- Steinar Þór Guðgeirsson hrl., formaður skilanevndar Bankans.
- Knútur Þórhallsson, varaformaður skilanevndar Bankans (sat á pallborði meðan á liðum 1 og 2 stóð).
- Theodór Sigurbergsson, fulltrúi í skilanevnd Bankans.
- Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Bankans.
- Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri lögfræðiráðgjafar Bankans.
- Dieter Turowski, fulltrúi fjármálaráðgjafa Bankans, Morgan Stanley.
- Karsten Hofacker, fulltrúi fjármálaráðgjafa Bankans, Morgan Stanley.
- Halldór Bjarkar Lúðvígsson, framkvæmdastjóri eignasafns Bankans á Norðurlöndunum (sat í pallborði meðan á liðum 1 -2 og 6 stóð).
- Dominic McCahill, fulltrúi Weil Gotshal & Manges lögfræðistofu, lögfræðiráðgjafa Bankans (sat í pallborði meðan á liðum 1, 2 og 4 - 6).
- Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka (sat í pallborði meðan á liðum 3 til 6 stóð).
- Björk Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri lánasviðs Arion banka (sat í pallborði meðan á liðum 4 til 6 stóð).

1. Kynning

Ólafur Garðarsson ávarpaði fundinn.

Megintilgangur fundarins er að veita kröfuhöfum upplýsingar um helstu atburði og aðgerðir frá því að síðasti kröfuhafafundur var haldinn í febrúar. Kröfuhafar skulu einnig upplýstir um nýjustu fjárhagsupplýsingar Bankans og fá yfirlit yfir ferli og stöðu samningaviðræðna Bankans við ríkið um fjármögnun Arion banka. Einnig skal veita kröfuhöfum upplýsingar um næstu skref og valkosti sem eru í boði við fjárhagslega endurskipulagningu Bankans. Einnig var rætt um mögulega framlengingu greiðslustöðvunar Bankans. Í samræmi við íslensk lög var ekki hægt að taka bindandi ákvarðanir á fundinum.

Tómas Jónsson hrl. var beðinn um að gerast fundarstjóri. Hann tók við fundarstjórn og staðfesti að boðað hefði verið til fundarins í samræmi við lög. Ákveðið var að halda fundinn á ensku þar sem meirihluti fundarmanna talaði ekki íslensku.

2. Helstu áfangar og framvinda á meðan á greiðslustöðvun hefur staðið.

2.A. Helstu áfangar

Steinar Þór Guðgeirsson hrl. kynnti helstu áfanga. Hann fór yfir markmið og helstu skyldur skilanevndar í störfum sínum sem er að hámarka verðmæti eigna Bankans og koma þeim verðmætum áfram til kröfuhafa. Steinar kynnti jafnframt yfirlit yfir efnahagsreikning Bankans og stöðu þeirrar vinnu sem lagt hefur verið í til að hámarka virði eigna. Steinar ræddi að lokum um stöðu dótturfélaga og útibúa Bankans og innri uppbyggingu hans.

2.B. Endurskipulagning lána / Evrópa og Norðurlöndin

Halldór Bjarkar Lúðvígsson kynnti yfirlit yfir endurskipulagningu lána í lánasafni Bankans í Evrópu (gangvirði miðað við 30. júní 2009 var u.þ.b. 140 milljarðar króna) og á Norðurlöndunum (gangvirði miðað við 30. júní 2009 u.þ.b. 170 milljarðar króna). Hlutverki eignastýringarsviðs má skipta niður í fimm skref. Þau eru að: tryggja stöðugleika, samþætta eignasöfn, ná heildaryfirsýn sem leiðir til reglulegrar stjórnunarigna og lýkur með áætlunum til framtíðar.

Halldór kynnti yfirlit yfir lán til viðskiptamanna Bankans sem tilgreind voru eftir landssvæði og atvinnuvegum ásamt því að greina frá greiðsluflæði lána. Samkvæmt kynningu hans hefur umtalsverður hluti af lánasafninu í Evrópu og á Norðurlöndunum farið í gegnum endurskipulagningar ferli. Halldór ræddi jafnframt markmið og áherslur Bankans við endurskipulagningu lána. Í öllum stærri málum hefur Bankinn stuðst við verðmætamat og ráðgjöf utanaðkomandi ráðgjafa. Halldór tilgreindi jafnframt þær aðgerðir sem farið hefur verið í og árangur af endurskipulagningarvinnu ásamt því að gefa yfirlit yfir endurgreiðslur og áætlanagerðir til framtíðar.

2.C. Upplýsingar um fjárhag

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir kynnti nýjustu upplýsingar um fjárhagslega stöðu Bankans þar á meðal upplýsingar um efnahagsreikning hans, handbært fé, stöðu og þróun lána til viðskiptamanna á gangvirði og upplýsingar um afleiður.

3. Fjármögnunarsamningur vegna Arion banka

3.A Yfirlit yfir samninga við ríkisstjórn Íslands

Kolbeinn Arnason kynnti yfirlit yfir samninga sem gerðir hafa verið við stjórnvöld vegna Arion banka og kynnti tvo möguleika sem eru í boði fyrir Bankann. Skilanefnd hefur ein vald til að ákveða hvort velja skuli valkost 1 (Bankinn eignast Arion banka) eða valkost 2 (Íslenska ríkið eignast Arion banka). Kolbeinn gaf yfirlit yfir skilmála beggja valkosta. Samkvæmt valkosti 1 mun Bankinn eignast 87% hlutafjár í Arion banka eftir að hafa fjármagnað hann með u.þ.b. 65% framlagi (með peningagreiðslu í íslenskum krónum og eignum tengdum Íslandi) að upphæð u.þ.b. 66 milljarða króna (eignarhlutur Bankans gæti orðið allt að 90% samkvæmt valkosti 1). Samkvæmt valkosti 2 mun Bankinn hafa rétt til að kaupa 90% af hlutafé Arion banka af Íslenska ríkinu á ákveðnu kaupréttartímabili sem er einn mánaður eftir birtingu ársreiknings Arion banka fyrir árin 2010 til 2014. Kolbeinn gaf jafnframt yfirlit yfir samskipti Bankans við kröfuhafa og áreiðanleikakönnun kröfuhafa. Fyrir nánari upplýsingar er vísað til kynningar Kolbeins og annarra gagna sem eru aðgengileg.

3.B. Kynning á Arion banka

Finnur Sveinbjörnsson kynnti stöðu Arion banka. Finnur kynnti efnahagsreikning og rekstrarreikning Arion banka ásamt yfirliti yfir fjármagnsflæði hans. Finnur ræddi jafnframt fimm ára viðskiptaáætlun bankans og kynnti greiningu á lánasafni hans. Hann ræddi um aðferðafræði bankans við endurheimtur og fjallaði um endurheimtur eftir atvinnusviðum. Finnur ræddi jafnframt um lausafjárstöðu bankans og þá gengisáhættu sem bankinn býr við. Að lokum greindi Finnur frá væntanlegu góðu gengi Arion banka og mikilvægi eignarhalds bankans á næstu mánuðum.

3.C. Yfirlit yfir áreiðanleikakönnun / Möguleikar til fjármögnunar

Karsten Hofacker kynnti yfirlit yfir áreiðanleikakönnun á Arion banka sem Bankinn og ráðgjafar Bankans höfðu unnið. Áreiðanleikakönnunin stendur enn yfir, enda hefur endurskoðun fjárhagstalna er ekki lokið. Efnahagsreikningur Bankans hefur verið yfirfarinn, verðmat framkvæmt á eignum Arion banka ásamt nákvæmri greiningu á rekstraráætlun, lausafjáráhættu hans og aðgerðum til að bæta arðsemi. Karsten ræddi einnig um verðmat og mögulega arðsemi út frá báðum valkostum.

Dieter Turowski kynnti yfirlit yfir kosti og galla með vísan til beggja möguleikanna.

3.D. Creditor Consultation Process

Max Ziff, fulltrúi Houlihan Lokey, ræddi um áreiðanleikakönnun á eignum Arion banka og valið milli beggja valkosta.

Chip Fisher frá Bingham & McCutchen, sem kemur fram fyrir hönd hóps skuldabréfaeiganda Bankans, og er meðlimur í ICC nefndinni og undirnefnd ICC nefndarinnar, ræddi um samskipti milli Bankans og kröfuhafa. Chip kom þeirri skoðun sinni á framfæri að hann væri ánægður með starfssemi skilanefndarinnar hvað varðaði hagsmunagæslu fyrir kröfuhafa.

Hádegishlé var gert kl. 12:45

Á meðan á hádegishléi stóð var kröfuhöfum boðið að leggja fram skriflegar spurningar sem yrði svarað með munnlegum hætti að hádegishléi loknu.

Fundi var framhaldið kl. 13:20.

4. Yfirlit Morgan Stanley

John Hepburn, frá Morgan Stanley, ræddi hlutverk sitt sem fjármálaráðgjafi fyrir skilanevnd.

5. Næstu skref og valmöguleikar við endurskipulagningu

5.A Lögfræðilegt yfirlit.

Ólafur Garðarsson hrl. ræddi greiðslustöðvun Bankans og fór yfir lögfræðileg atriði hvað varðar greiðslustöðvunina. Fyrsta heimild Bankans til greiðslustöðvunar var veitt frá 24. nóvember til 13. febrúar 2009. Samkvæmt íslenskum lögum er hægt að framlengja greiðslustöðvunina til allt að 24 mánaða frá því að hún var fyrst veitt. Framlenging greiðslustöðvarinnar var veitt frá 13. febrúar 2009 til 13. nóvember sama árs. Greiðslustöðvuninni getur lokið með þrennum hætti: 1) Slitameðferð samkvæmt lögum nr. 44/2009; 2) Nauðasamningum við kröfuhafa; 3) Gjaldþrotaskiptum.

5.B. Endurskipulagning bankans

Dieter Turowski kynnti vinnuferlið við endurskipulagningu bankans.

Karsten Hofacker kynnti mögulega framtíðarskipulag Bankans, lögfræðilegan farveg endurskipulagningar eigna og skulda Bankans.

5.C. Framhald greiðslustöðvunar

Ólafur Garðarsson hrl. kynnti tillögu sína um að sótt yrði um framhald greiðslustöðvunar Bankans um níu mánuði við þinghald í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 13. nóvember nk. Var tillagan m.a. rökstudd með þeim hætti að vernd sú er Bankinn nýtur skv. 15. kafla bandarísku gjaldþrotalöggjafarinnar yrði ekki lengur til staðar ef áframhald yrði ekki á greiðslustöðvuninni. Ólafur óskaði eftir afstöðu fundarmanna til tillögunnar sbr. lög um gjaldþrotaskipti o.fl.

Arnar Þór Jónsson hdl. frá lögfræðistofunni Réttur, sem fer með mál um það bil tuttugu banka sem eru kröfuhafar, kvaddi sér hljóðs og lýsti yfir áhyggjum umbjóðanda sinna og mótmælum gagnvart samningnum um uppgjör vegna Arion banka. Formlegt bréf til skilanevndarinnar með frekari útlitunum frá Rétti fyrir hönd umbjóðenda sinna var einnig lagt fram og móttakið af fundarstjóra.

Engin mótmæli bárust við tillögunni um áframhaldandi greiðslustöðvun.

6. Spurningar og svör

Spurningum sem lagðar höfðu verið fyrir fundinn í hádegishléinu var svarað af pallborðspáttakendum (einni spurningu var svarað af Gísla Óttarssyni, framkvæmdastjóra áhættustýringar Arion banka). Öllum frekari spurningum verður svarað svo fljótt sem auðið verður og svör birt á heimasíðu Bankans. Ósvöruðum spurningum varðandi Sparisjóð Mýrarsýslu sem beint var að Arion banka verður svarað af þeim.

Í framhaldi af þessu ræddi Dominic McCahill um dóm „High Court of England“ sem féll þennan sama dag og varðaði beiðni Bankans um endurskoðun dómstóla á lögmati ákvörðunar breska fjármálaráðuneytisins um færslu eigna og innlána frá Kaupthing Edge reikningum í Kaupthing Singer and Friedlander í október 2008. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að aðgerðir breska fjármálaráðuneytisins hefðu verið í samræmi við valdheimildir og að ekki hefðu verið gerð mistök við beitingu valdheimildanna.

Fundarstjóri kynnti helstu atriði úr fundargerðinni og bauð fundarmönnum að gera athugasemdir við þau. Engar athugasemdir bárust.

Steinar Þór Guðgeirsson hrl. sleit fundinum.

Fundinum var slitið kl. 15:00.

Fundargerð tekin saman af aðstoðarmanni Kaupþings banka hf. í greiðslustöðvun sbr. lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

A3 Gengi gjaldmiðla

Gengi krónu gagnvart öllum helstu gjaldmiðlum miðað við 31. desember 2009, 30. júní 2009 og 31. desember 2008.

	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008
AUD	112,53	102,90	84,46
CAD	119,74	109,91	98,72
CHF	121,18	117,78	113,82
DKK	24,16	24,04	22,73
EUR	179,78	179,04	169,27
GBP	202,65	210,04	176,48
JPY	1,35	1,32	1,34
NOK	21,63	19,84	17,39
SEK	17,54	16,52	15,44
USD	125,43	127,56	121,10

A4 Upphafleg verkefni skilanevndar

Skilanevnd hafði mjög skýr markmið í upphafi sem eru talin upp hér að neðan. Hluti þeirra markmiða voru sett með vísun í neyðarlögin. Hins vegar er vert að minnast á að skilanevnd kom ekki nærri skiptingu Bankans og Arion banka.

Viðhalda viðskiptabankastarfsemi á Íslandi í samræmi við neyðarlögin. Skilanevnd vann hörðum höndum að því að tryggja að dagleg starfsemi útibúa Bankans á Íslandi yrði fyrir sem minnstum neikvæðum áhrifum. Þetta markmið náðist, þegar Nýja Kaupþing banki, nú Arion banki, var stofnaður formlega þann 18. október 2008 og tók yfir viðskiptabankastarfsemi Bankans á Íslandi þann 22. október 2008.

Verja innstæðueigendur héraðs og erlendis í samræmi við neyðarlögin. Skilanevnd vann að þessu markmiði í samstarfi við erlend yfirvöld, fjármálaeftirlit og seðlabanka. Þetta markmið náðist innanlands, þar sem Arion banki ber nú ábyrgð á innlendum innlánum, og að því er varðar erlenda innstæðueigendur þá hefur markmiðinu nú verið náð, nema þar sem verið er að semja um lokafrágang. Samkvæmt Neyðarlögunum eru innlán, sem Bankinn eða útibú hans hafa tekið við, forgangskröfur gagnvart Bankanum. Bankanum er því skylt að endurgreiða innlán á undan almennum kröfum. Samkvæmt íslenskum rétti getur skilanevnd ekki komið að meðferð innlána hjá dótturfélögum eða útibúum dótturfélaga en möguleg endurgreiðsla slíkra innlána er á hendi stjórnar viðkomandi dótturfélaga.

Tryggja greiðslumiðlun í öllum gjaldmiðlum innanlands og til og frá útlöndum. Erfiðleikarnir sem upp komu varðandi greiðslur til og frá Íslandi mátti einkum rekja til aðgerða erlendra stjórnvalda og gjaldeyristakmarkana sem settar voru af Seðlabanka Íslands. Skilvirk flæði fjármagns var nauðsynlegt íslensku hagkerfi; fyrir innflytjendur, útflytjendur, o.s.frv. Þessir erfiðleikar voru leystir að nokkru leyti með ákvörðun FME.

Tryggja sérþekkingu og kunnáttu með því að ráða lykilstarfsmenn. Eitt helsta verkefni skilanevndar er að verja eignir Kaupþings þar til kröfuhafar hafa fengið verðmæti sín í hendur. Því verður næg sérfræðiþekking að vera til staðar til að hægt sé að sinna eignastýringu og veita nauðsynlega þjónustu. Þessu markmiði var náð með því að ráða nokkra hæfa starfsmenn, ýmist í fullt starf eða hlutastarf. Um 75 starfsmenn eru nú að störfum hjá skilanevndinni en auk þess hafa fjölmargir ráðgjafar verið fengnir til að tryggja hágæða sérþekkingu.

Frágangur á efnahagsreikningi Bankans. Heildarefnahagsreikningi móðurfélags Kaupþings hefur verið skipt upp á milli Bankans og Nýja Kaupþings miðað við 22. október 2008. Það þurfti því að undirbúa aðskilda efnahagsreikninga fyrir félögin. Undirbúningur fjárhagsupplýsinga er viðvarandi ferli, fjárhagsupplýsingar Bankans fyrir 31.12.2009 má sjá í kafla 2 *Fjárhagsupplýsingar*.

Gæta hagsmuna kröfuhafa. Skilanevnd hefur einbeitt sér að því að verja eignir Bankans og varðveita verðmæti fyrir kröfuhafa. Kröfuhafar hafa verið upplýstir um þróun mála í gegnum heimasíðu Bankans, með samskiptum í gegnum tölvupóstfang hans fyrir fyrirspurnir kröfuhafa og með fréttatilkynningum. Þetta markmið er og verður áfram eitt af meginmarkmiðum skilanevndar og næst ekki að fullu fyrr en framtíðarlausn, sem er ásættanleg fyrir kröfuhafa, hefur fundist og henni verið hrint í framkvæmd.

Vernd gegn kyrrsetningu eigna og endurheimt verðmæta. Skilanevnd leggur áherslu á að vernda hagsmunir kröfuhafa með því að koma í veg fyrir kyrrsetningu eða frýstingu eigna. Á evrópska efnahagssvæðinu hefur skilanevnd varist kyrrsetningarbeiðnum eftir því sem viðkomandi mál falla til og ber skilanevnd þá fyrir sig tilskipun 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Bankinn hefur einnig fengið greiðslustöðvun í Bandaríkjunum samkvæmt reglum 15. kafla bandarísku gjaldþrotalöggjafarinnar og hefur sú aðgerð veitt Bankanum vernd í Bandaríkjunum. Skilanevnd hefur einnig tekist að endurheimta verðmæti í gegnum samninga við erlend yfirvöld og einkaaðila í nokkrum löndum.

Fyrirvari

Þessi skýrsla (ásamt breytingum og viðbótum) hefur verið útbúin af skilanefnd Kaupþings banka hf. til upplýsinga fyrir kröfuhafa Bankans. Henni er ætlað að gefa kröfuhöfum Bankans yfirlit yfir aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til, núverandi stöðu og möguleg næstu skref. Með þeim viðbótum og breytingum sem gerðar hafa verið á skýrslunni frá áður birtum útgáfum hennar er ætlunin að upplýsa kröfuhafa um þá þróun sem orðið hefur á málefnum Bankans, en ekki skal líta á þær sem tæmandi yfirlit yfir allar breytingar sem kunna að skipta máli fyrir kröfuhafa. Við gerð og uppfærslu skýrslunnar var ekki tekið tillit til hagsmuna einstakra kröfuhafa eða hópa kröfuhafa.

Í þeim tilvikum sem upplýsingar í þessari skýrslu koma frá þriðja aðila hefur Bankinn álitid þær vera áreiðanlegar. Þrátt fyrir það tekur Bankinn enga ábyrgð á áreiðanleika slíkra heimilda. Enn fremur ber Bankinn enga ábyrgð á því hversu nákvæmar eða tæmandi upplýsingar í þessari skýrslu eru. Bankanum ber engin skylda til að gera leiðréttingar eða breytingar á skýrslunni verði vart við villur, nýjar upplýsingar komi fram eða forsendur breytast. Sú staðreynd að Bankinn hefur uppfært skýrsluna leggur ekki þá skyldu á Bankann að gera breytingar eða viðbætur við hana í ljósi nýrra upplýsinga, breytinga eða hún innihaldi villur, hvort sem slíkt á sér stað eða kemur í ljós fyrir eða eftir birtingardag á uppfærðri skýrslu. Engin skylda hvílir á Bankanum til að gera ætluðum viðtakendum eða hugsanlegum lesendum skýrslunnar viðvart um þær breytingar eða viðbætur sem kunna að vera gerðar á skýrslunni.

Ekki er lagt mat á hugsanlegar endurheimtur kröfuhafa í þessari skýrslu. Mikil óvissa mun áfram ríkja um tímasetningu og endanlegt söluvirði eigna, sem og hve miklar kröfur verða samþykktar. Skilanefnd varar kröfuhafa við því að nota upplýsingar í þessari skýrslu til að meta hugsanlegar endurheimtur þar sem líklegt er að slíkt mat kunni að vera verulega villandi. Endanlegt virði eigna sem og mat á skuldbindingum Bankans kann að breytast miðað við þær forsendur sem hér koma fram. Þættir sem geta leitt til breytinga eru meðal annars eftirfarandi:

- (a) Lausn álitafna sem vakna varðandi mat á kröfum
- (b) Söluaðferðir sem verða notaðar
- (c) Áhrif skuldajöfnunar, meðal annars í tengslum við afleiðusamninga
- (d) Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtastigi
- (e) Ríkjandi markaðstæður

Taka skal upplýsingum sem hér koma fram að öllu leyti með fyrirvara, einnig við ákvarðanatökur varðandi viðskipti sem tengjast Bankanum. Séu viðskiptaákvarðanir teknar á grundvelli upplýsinga sem koma fram í skýrslunni tekur hvorki Bankinn, skilanefnd, slitastjórn né aðstoðarmaður í greiðslustöðvun ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

Skýrslan er gefin út á ensku og íslensku. Sé misræmi á milli útgáfa skal efni skýrslunnar sem er á ensku ganga framar.

Óheimilt er að nota efni, vinnu eða vörumerki Bankans án skriflegs samþykkis hans nema annað sé sérstaklega tekið fram. Enn fremur er óheimilt að birta efni sem samið er eða tekið saman af Bankanum án skriflegs samþykkis hans.

Morgan Stanley, sem er fjárhagslegur ráðgjafi skilanefndar Kaupþings banka hf., mun ekki líta á neinn annan aðila (hvort sem sá aðili kann að vera viðtakandi eða þessarar skýrslu eða ekki) sem skjólstæðing sinn varðandi málefni Bankans og mun ekki bera ábyrgð gagnvart neinum öðrum en skilanefnd Kaupþings á þeirri ráðgjöf. Allir meðlimir Morgan Stanley Group hafna allri ábyrgð gagnvart öðrum aðilum en skilanefnd Kaupþings banka hf. hvað varðar þessi málefni og þá ráðgjöf sem kann að verða veitt af þeirra hálfu varðandi málefni Bankans.